
Fjárhagsáætlun



Sveitarfélagið Ölfus

2016 - 2019

ásamt greinargerð

EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
00. Skatttekjur	4
02. Félagsþjónusta	6
03. Heilbrigðismál	8
04. Fræðslu- og uppeldismál	9
05. Menningarmál	14
06. Íþróttá- og æskulýðsmál	16
07. Brunamál og almannavarnir	19
08. Hreinlætismál	20
09. Skipulags- og byggingarmál	23
10. Umferðar- og samgöngumál	25
11. Umhverfismál	27
13. Atvinnumál	34
21. Sameiginlegur kostnaður	35
28. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	37
31. Eignasjóður	38
33. Þjónustumiðstöð	40
B-hluta fyrirtæki	43
41. Þorlákshöfn	44
43. Vatnsveita	53
53. Íbúðir eldri borgara	56
55. Uppgræðslusjóður	58
57. Félagslegar íbúðir	61
61. Fráveita	63
Greinargerð bæjarstjóra	65
Fjárhagsáætlun 2016-2019	67
Sundurliðuð rekstraráætlun 2016	73
Fjárfestingaráætlun	111
Skýringar fjárfestinga	115
Viðhaldsáætlun	128
Skýringar viðhalds	132
Skipurit Sveitarfélagsins Ölfuss	146

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árin 2015-2018 var lögð fram til fyrri umræðu þann 26. nóvember 2015 og til síðari umræðu og staðfestingar þann 10. desember 2015.

Fjárhagsáætlun þessi hefur verið unnin sameiginlega af kjörnum fulltrúum, bæjarstjóra, bæjarritara og forstöðumönnum stofnana. Fjárhagsáætlun 2016-2019 hefur verið til umræðu á öllum fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs frá 27. ágúst 2015 en auk þess hafa verið haldnir fjöldi vinnufunda vegna áætlunarinnar.

Rammi áætlunarinnar var markaður af bæjarstjórn/bæjarráði með það að markmiði að tryggja íbúum Sveitarfélagsins Ölfuss sem besta grunnþjónustu samhliða áframhaldandi uppbyggingu í þágu íbúa og samfélags.

Samkvæmt 60 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skiptist starfsemi sveitarfélaga á eftirfarandi hátt:

- Sveitarsjóður, þ.e. aðalsjóður sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.
- Stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Meginreglan er sú að í A-hluta, flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum (aðalsjóður, eignasjóður og þjónustumiðstöð), en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar (þjónustueiningar) sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum (vatnsveita, hafnarsjóður, íbúðir eldri borgara, félagslegar íbúðir, uppgræðslusjóður og fráveita).

Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á rekstri sveitarfélagsins á árinu 2016 samanborið við fyrra ár. Helstu áherslubreytingar eru varðandi kynningarmál, viðhald fasteigna svo og umhverfismál í Þorlákshöfn en töluvert meira fjármagni er varið í þessa málaflokka en verið hefur síðustu ár. Ætlunin er að endurbæta heimasíðu sveitarfélagsins og efla með því rafræna stjórnarsýslu auk þess sem stefnt er að því að bæta enn frekar ásýnd falllegs bæjar með gróðri og góðri umhirðu.

Áætlaðar heildartekjur Sveitarfélagsins Ölfuss (A- og B-hluta) á árinu 2016 eru áætlaðar alls 1.908 m.kr. þar af eru tekjur A-hluta eftirfarandi:

Skatttekjur 1.179 m.kr., framlög úr Jöfnunarsjóði 349 m.kr. og aðrar tekjur 175 m.kr., alls 1.703 m.kr.

Tekjur B-hluta fyrirtækja eru áætlaðar 205 m.kr.

Áætluð rekstrarútgjöld samstæðunnar án fjármagnsliða eru 1.807 m.kr., þar af eru laun og launatengd gjöld 930 m.kr., annar rekstrarkostnaður 733 m.kr. og afskriftir 144 m.kr.

Niðurstaða samstæðunnar er því áætluð jákvæð um 101 m.kr. án fjármagnsliða.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir nettó 80 m.kr. sem er óveruleg hækkun frá fyrra ári vegna verðbólguhækkunar.

Áætluð rekstrarniðurstaða samstæðunnar er því jákvæð um 21 m.kr.

Áætlað veltufé frá rekstri er 212 m.kr.

Afborganir langtímalána eru áætlaðar 122 m.kr.

Gert er ráð fyrir 3,2% verðbólgu innan ársins í samræmi við niðurstöður þjóðhagsspár Hagstofu Íslands. Gjaldskrár fyrir þjónustu sveitarfélagsins verða almennt hækkaðar um 3,2% frá fyrra ári í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.

Áformaðar fjárfestingar innan samstæðunnar eru alls kr. 199 m.kr. til ýmissa verkefna.

Stærstu einstöku fjárfestingarverkefni á næsta ári eru vörumóttaka við eldhús Leikskólans Bergheima auk þess sem endurnýjað verður þak á eldri byggingu skólans 20 m.kr., þátttaka í uppbyggingu á nýjum leikskóla fyrir dreifbýli Ölfuss í samvinnu við Hveragerðisbæ 13,5 m.kr., hönnun viðbyggingar við ípróttahúsið sem hýsa mun fyrirhugaða fimleikaaðstöðu og áhaldageymslu 10 m.kr., ný og fullkomin flokkunarstöð í Þorlákshöfn 29 m.kr., tækjabúnaður fyrir þjónustumiðstöð 7 m.kr. auk

fjárfestingar í gatna- og fráveitukerfum og íþróttamannvirkjum. Haldið verður áfram með endurbætur hafnarinnar en gert er ráð fyrir því að dýpkun verði að fullu kláruð á árinu og þar með að fullu fjarlægð það sem eftir stendur af Norðurvararbyggju.

Allar framkvæmdir síðustu ára hafa verið fjármagnaðar af eigin fé sveitarfélagsins og því hafa engin lán verið tekin sem auka skuldbindingar. Ekki er gert ráð fyrir nýjum langtímalántökum á árinu 2016 og er gert ráð fyrir því að reiknað skuldaviðmið samkvæmt sveitarstjórnarlögum verði í lok árs 2016 um 97%. Þetta er vel innan þeirra opinberu marka sem sett eru en lögboðið hámark er 150%.

Á árunum 2017-2019 er gert ráð fyrir að rekstur sveitarfélagsins verði með svipuðu sniði og á árinu 2015.


Í þriggja ára áætlun 2017-2019 er áætlað að leggja 90 m.kr. til frekari uppbyggingar á leikskólanum Bergheimum, 18 m.kr. til uppbyggingar á leikskólum í Hveragerði. Þar er einnig gert ráð fyrir uppbyggingu fimleikaaðstöðu við íþróttahúsið auk áhaldageymslu og eru settar 150 m.kr. í verkefnið á árunum 2017 og 2018. Stærsta einstaka verkefnið á fjögurra ára áætlun eru endurbætur á höfninni en 256 m.kr. eru áætlaðar til verkefnisins á árunum 2017-2018. Búist er við uppbyggingu í sveitarfélaginu á næstu árum en á árunum 2017-2019 er gert ráð fyrir 185,5 m.kr. í hreinlætismál, umferðar- og samgöngumál, umhverfismál, vatnsveitu og fráveitu.

Áætlunin hefur verið unnin með það að markmiði að bæta svo og tryggja íbúum sveitarfélagsins öflugra grunnþjónustu samhliða enn frekari uppbyggingu á ýmsum sviðum í þágu íbúa og samfélagsins í heild.


Miklar vonir eru bundnar við fjölgun atvinnutækifæra og aukna þjónustu í sveitarfélaginu með eflingu hafnarinnar í komandi framtíð. Grunnstoðir samfélagsins eru sterkar nú þegar og munu eflast enn frekar á næstu árum. Þessi staðreynd á eftir að hjálpa þegar kemur að fjárfestingu einkaaðila í sveitarfélaginu hvort heldur litið er til atvinnustarfsemi eða einstaklinga því öflugt samfélag dregur að sér fólk og fyrirtæki.

Fjárhagsáætlunin hefur verið unnin í góðri samvinnu bæjarstjórnar sveitarfélagsins í heild sinni og forstöðumanna stofnana sveitarfélagsins. Bæjarstjórn þakkar starfsmönnum sveitarfélagsins þeirra framlag til þessarar vinnu.

Vísitala neysluverðs



Skatttekjur alls



Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verður óbreytt frá fyrra ári eða 0,36% af fasteignamati. Gert er ráð fyrir afslætti á fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt sérstökum reglum sem samþykktar hafa verið í bæjarstjórn. Hámark fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði skv. lögum er 0,5%.

Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði verður óbreyttur frá fyrra ári eða 1,6%. Hámarks fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði er 1,65% skv. lögum. Skv. ákvörðun Alþingis verður skattstofn fasteignaskatts 30% af fasteignamati ársins 2015 og 70% af fasteignamati ársins 2016.

Fasteignaskattur á opinbert húsnæði er ákveðinn með lögum og er 1,32% af fasteignamati.


Gert er ráð fyrir óbreyttri lóðarleigu á milli ára eða 0,7% af fasteignarmati lóðar.

Álagning gjalda 2015

Útsvar	14,52%
Fasteignaskattur íbúðarhús A	0,36%
Fasteignaskattur B, opinbert húsnæði	1,32%
Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis C	1,60%
Vatnsskattur	0,12%
Vatnsskattur skv. mæli kr. pr. m ³	11,30
Holræsagjald	0,25%
Lóðarleiga A-flokkur	0,70%
Lóðarleiga B-flokkur	0,70%
Lóðarleiga C-flokkur	0,70%
Lóðarleiga D-flokkur	Skv. lóðarleigusamningi


Gjalddagar fasteignagjalda verði átta þ.e. 01.02.16 – 01.09.16

Skipting skatttekna - áætlun 2016




Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2016 verði hámarksútsvar, þ.e. 14.52% af útsvarsstofni að viðbætti hækkun sem kveðið verður á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli fyrirhugaðs samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um endurmat á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Gengið er út frá að lagabreyting þess efnis verði afgreidd fyrir lok haustþings.

Þróun skatttekna



Þróun reksturs félagsþjónustu



Árið 2011 tóku sveitarfélögin yfir málefni fatlaðra og hækkuðu þá útgjöld til málaflokksins auk þess sem álagt útsvar hækkaði á móti.

Núverandi staða

Sveitarfélögin í Árnessýslu utan Árborgar reka byggðasamlag um sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu, sem ber nafnið Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfðinga bs, og er varnarþing byggðasamlagsins í Hveragerðisbæ. Byggðasamlagið sér um skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu sveitarfélaganna skv. IX. kafla laga um grunnskóla nr. 91/2008, VIII. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 91/2008 með síðari breytingum, barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum. Byggðasamlagið sér um sérfræðiþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustu með sameiginlega skólalþjónustu- og velferðarnefnd. Sameiginlegur forstöðumaður er yfir þjónustunni.

Skólalþjónustan starfar á einu starfssvæði en velferðarþjónustan er með þrjú starfssvæði, Ölfus, Hveragerði, Uppsveitir Árnessýslu og Flóahrepps. Aðskilinn fjárhagur er á milli skóla- og velferðarþjónustu.

Málaflokkar sem heyra undir velferðarþjónustu sveitarfélagsins Ölfus eru: félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barnavernd, félagslegt leiguhúsnæði, húsaleigubætur, sérstakar húsaleigubætur, leiguhúsnæði sérstaklega ætlað öldruðum að Egilsbraut 9, félagsleg heimaþjónusta, dagvist aldraðra, tómstundarstarf aldraðra, liðveisla, ferðarþjónusta fatlaðs fólks, rekstur búsetueiningar fyrir fólk með fötlun að Selvogsbraut 1 og Viss, vinnu- og hæfingarstöð að Unubakka 4.

Á árinu 2015 voru gerðar breytingar á þjónustu við eldri borgara, dagvistarrýmum fjölgaði úr 6 í 8 og ákveðið var að hætta að kaupa mat frá SS og er nú matráður sem sér um eldamennsku. Innleiðing á matstæki í barnavernd hófst á árinu og mun það skila markvissari vinnubrögðum og verður betur komið á mótis við þarfir barna og fjölskyldna. Fjárhagsaðstoð jókst á árinu og það markmið að koma sem flestum í virkni á árinu náði ekki fram að ganga. Erfitt var að fá störf við hæfi fyrir þá sem höfðu einhverja vinnufærni. Foreldrum leikskólabarna var boðið upp á foreldrafærninámskeið sem er sameiginlegt verkefni starfsmanna skóla- og velferðarþjónustu

Framtíðarsýn

Skóla- og velferðarþjónusta vinnur að því að koma á formlegu samstarfi við Vinnumálastofnun með það að markmiði að koma sem flestum vinnufærum einstaklingum sem eru á fjárhagsaðstoð í vinnu. Mikilvægt er, svo þetta verði að veruleika, að sveitarfélögin á svæðinu útvegi að lágmarki 5 starfsþjálfunarpláss. Ákveðið hefur verið að taka reglur um fjárhagsaðstoð til endurskoðunar á næsta ári.

Áfram verður unnið að innleiðingu matstæki í barnavernd og í framhaldi að því unnið að því að próa úrræði sem koma betur á mótis við þarfir barna.

Þjónustumiðstöðin að Egilsbraut 9 hefur bíl til umráða sem sér um að keyra eldra fólk í og úr dagvist, heimsendingu matar, búðarferðir og starfsmenn í heimaþjónustu nota bílinn til að fara á milli staða. Bílinn er orðin 7 ára gamall og er nauðsynlegt að endurnýja hann. Bíllinn hentar ekki vel það þarf að fá hærri bíl svo eldra fólk eigi auðveldara með að setjast inn í hann.

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd hefur samþykkt eftirfarandi hækkun á gjaldsskrá og grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar og vísað til bæjarstjórnar.

Niðurgreiðslur gjalda vegna barna hjá dagforeldrum:

Hjón og sambúðarfólk

Niðurgreiðslan er kr. 3.682 pr. mánaðarklukkustund, lagt til að fari upp í kr. 3.755 pr. mánaðarklukkustund.

Einstæðir foreldrar, báðir foreldrar í námi

Niðurgreiðslan er kr. 4.240 pr. mánaðarklukkustund, lagt til að fari upp í kr. 4.345 pr. mánaðarklukkustund.

Heimaþjónusta – þrif

Gjöld fyrir félagslega heimaþjónustu eru tekjutengd og eru gjaldflokkarnir tveir. Ákvörðun gjaldflokks miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur eins og þær eru samkvæmt skattframtali.

Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út samkvæmt lífeyrirsreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins í janúar 2016.

Lagt er til að lægra gjaldið fari úr 485 í 495 og herra gjaldið fari úr 735 í 750

Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur er úrræði sem er veitt skv. barnaverndarlögum.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna vegna barnaverndar pr. sólarhring er kr. 11.450.

Lagt til að upphæðin hækki í kr. 11.680.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar


Lagt er til að grunnfjárhæð til einstaklings fari úr kr. 139.020 í kr. 141.800

Grunnfjárhæð til hjóna verði (141.800 x 1,6) samtals kr. 226.880

Gjaldskrá dagvistar eldri borgara (mötuneyti)


Matur fyrir eldri borgara kr. pr. dag, morgun- og hádegismatur	1.378
Hádegismatur kr. pr./máltíð	1.012
Morgunmatur kr. pr./máltíð	366
Kvöldmatur kr. pr./máltíð	366

Þróun reksturs heilbrigðismála



Undir liðinn heilbrigðismál er fært framlag sveitarfélagsins til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Framlagið er miðað við fjölda íbúa í sveitarfélaginu og er áætlað að það verði rúmar 1,5 m.kr. á árinu 2016.

Þróun reksturs fræðslu- og uppeldismála



Staða fræðslumála

Í Þorlákshöfn er rekinn Leikskólinn Bergheimar og Grunnskóli Þorlákshafnar. Þá á sveitarfélagið 14% eignarhlut í Grunnskólanum í Hveragerði og 9% í leikskólum Hveragerðisbæjar. Um skólavist barna sem búa í dreifbýli Ölfuss fer samkvæmt samningum milli Ölfuss og Hveragerðis annars vegar og Ölfuss og Árborgar hins vegar. Fræðslunefnd fer með málaflokkinn í umboði bæjarstjórnar. Sveitarfélagið á fulltrúa í fræðslunefnd Hveragerðis.

Sveitarfélagið er aðili að Tónlistarskóla Árnesinga. Skólanefnd fer með málefni skólans í umboði hlutaðeigandi sveitarfélaga. Framlag sveitarfélagsins er til greiðslu launakostnaðar kennara og skólustjóra.

Sveitarfélagið styður námsmenn á framhaldsskóla- og háskólastigi sem stunda nám utan sveitarfélagsins með styrkjum samkvæmt sérstökum reglum sem settar hafa verið af bæjarstjórn og hefur svo verið um árabil.

Sveitarfélagið niðurgreiðir vistun hjá dagmæðrum en í þéttbýli Ölfuss eru að jafnaði starfandi dagmæður.

Sveitarfélagið Ölfus er aðili að sameiginlegri sérfræðiþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru, auk Ölfuss; Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Markmið samstarfsins er að efla samstarf á milli sveitarfélaganna á sviði skóla- og velferðarþjónustu, minnka faglega einangrun starfsmanna og skapa teymi starfsmanna sem vinnur að því að bæta þjónustu við íbúa, nemendur, starfsfólk skóla og félagsþjónustu. Í teymi skólaþjónustunnar eru tveir kennsluráðgjafa og einn sálfræðingur. Eitt meginmarkmið þjónustunnar er að styðja við skóla, skólustjórnendur og starfsfólk þeirra til að takast á við hlutverk sitt samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla.

Grunnskóli Þorlákshafnar

Sveitarfélagið Ölfus rekur Grunnskólann í Þorlákshöfn. Grunnskólinn er heildstæður grunnskóli með 11 bekkjardeildum og 200 nemendum. Skólustjóri er Guðrún Jóhannsdóttir og aðstoðarskólustjóri er

Jón H. Sigurmundsson. Við skólann er rekið frístundaheimili frá klukkan 13:00 – 17:00 í tveimur stofum skólans í þeim hluta er nefnist Suðurvör og tilheyrir yngri deild. Deild Tónlistaskóla Árnesinga hefur verið til húsa í grunnskólanum til margra ára. Skólinn sinnir kennslu á grunnskólastigi og á hverju ári hafa kennarar skólans kennt nokkra framhaldsskólaáfanga í 10. bekk og hafa nokkrir nemendur stundað slíkt nám. Í ár er kennd danska og stærðfræði. Fræðslunet Suðurlands og fleiri stofnanir hafa fengið húsnæði grunnskólans lánað fyrir námskeið á þeirra vegum og oftast en ekki hafa það verið kennarar skólans sem hafa kennt á þessum námskeiðum. Einnig hefur skólinn töluvert verið notaður sem gististaður fyrir íþróttahópa og tónlistarhópa sem hafa verið hér í æfingabúðum eða keppnisferðum.

Skólastjóri er yfirmaður alls starfsfólks skólans og stjórnar öllum daglegum rekstri skólans og öllu mannahaldi. Við skólann starfa 51 starfsmaður í rétt rúmlega 45 stöðugildum sem hér segir:

- 2 skólastjórnendur, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
- 25 kennarar í 22,15 stöðugildum
- sérkennari í fullri stöðu sem heldur utan um reglubundnar skimanir
- 2 þroskaþjálfar
- danskennari í hálfu starfi
- 5 stuðningsfulltrúar í 4,54 stöðugildum
- skólaritari í 65% starfi
- húsvörður í fullu starfi
- bókaforður í fullu starfi
- 6 skólaliðar í fullu starfi
- 2 starfsmenn í mötuneyti í fullu starfi
- forstöðumaður frístundar í 70% starfi
- 3 starfsmenn í frístund í 1,5 stöðugildum
- 4 starfsmenn eru í leyfi skólaárið 2015 – 2016 í 3,5 stöðugildum

Þegar litið er til kennslu eru það list- og verkgreinarnar, heimilisfræði, smíðar/málsmíði, myndmennt og textílmennt sem þurfa mest fjármagn og þarf að halda í þá áætlun sem gerð var fyrir fyrra ár. Þrátt fyrir að ávallt sé reynt að gæta þess að verslað sé við lágvöruverslanir þá hefur þessi liður verið okkur nokkuð þungur. Námsgögn fyrir þessar greinar kosta mun meira en fyrir aðrar námsgreinar.

Í kjölfar þess að íþróttakennari og þroskaþjálfari skólans fóru og kynntu sér mál- og hreyfiþjálfun í Vallaskóla er mikill áhugi fyrir því að byrja slíka þjálfun hér hjá okkur á nýju ári í 1. og 2. bekk. Til að mögulegt sé að hefja mál- og hreyfiþjálfun þarf að festa kaup á ýmsum kennslubúnaði s.s. dýnum, jafnvægisbólum, mottum, hringjum og boltum. Mál- og hreyfiþjálfun er liður í því að styðja enn frekar við lestrarnám barna og finna fljótt og örugglega þá nemendur sem þurfa sérstaka þjálfun í fín- og grófhreyfingum.

Í Aðalnámskrá grunnskóla er bent á mikilvægi þess að öflug og góð samvinna sé á milli skólastiga og að nemendur í 1. bekk séu vel aðlagðir þegar kemur að flutningi milli leik- og grunnskóla. Það krefst þess að notaðar séu fjölbreyttar kennsluaðferðir og að vægi leiks sem kennsluaðferðar sé aukið í yngstu bekkjum grunnskólans. Það kallar á að leikföng (kennslugögn) séu notuð í meira mæli, en tíðkast hefur og því biðjum við um leyfi fyrir kaupum á Kaplakubbum, plúskubbum og öðrum kennslutengdum leikföngum sem stuðla geta að auknum þroska og skilningi nemenda. Ekki er ætlunin að kaupa allt sem vantar á þessu skólaári, heldur byrja smátt og auka svo jafnt og þétt við leikfangakost skólans á næstu 3 árum.

Í kjölfar nýlegrar undirritunar á þjóðarsáttmála um læsi skuldbindur skólinn sig til að vinna hörðum höndum að því að efla lestrarfærni nemenda þannig að um 90% nemenda í geti lesið sér til gagns árið 2018. Á sama tíma er alls ekki við hæfi að skerða það fjármagn sem ætlað er til bókaкупа heldur frekar auka við.

Undir liðnum borð og stólar fellur eðlileg endurnýjun húsgagna sem liður í því að halda við fallega búnum skóla og endurnýja þann húsbúnað sem genginn er til ára sinna. Sófar sem staðsettir eru á göngum skólans og annars eru hið mesta prýði hafa eðlilega látið á sjá og er þörf á viðgerðum eða jafnvel að hefja endurnýjun á þeim. Sama upphæð og í fyrra.

Kostnaðarliðurinn ljósritun og blek í prentara má alls ekki skera niður þar sem blekhyllki og allur prentkostnaður hefur hækkað mjög mikið í verði á undanförunum árum.

Ýmis ný kennslutæki þarf að kaupa s.s. hljóðfæri fyrir tónmenntadeildina, smásjár fyrir náttúrufræðikennslu og tæki og tól fyrir efnafræði- og líffræðikennslu. Ekki má vanmeta styrkleika þess að nemendur fái tilhlýðilega verklega kennslu í þessum námsgreinum.

Efniskostnaður við ræstingu hefur hækkað frá því á síðasta ári og þarf að huga að því að ávallt sé leitað hagstæðustu tilboða þegar kemur að hreinlætisvörum. Spurning hvort ekki ætti að horfa til alls sveitarfélagsins í innkaupum á hreinlætisvörum til að ná fram frekari hagræðingu.

Áætlaður nemendafjöldi er sá sami og því þarf að reikna er með svipuðum starfsmannafjölda og verið hefur. Ávallt þarf samt að gera ráð fyrir veikindum starfsmanna og óvæntum tilfellum sem leysa þarf með forfallakennslu og/eða tímabundnum nýráðningum. Að því gefnu getur launaliður því hækkað frá því sem gert er ráð fyrir í áætlun. Forfallakennslu þarf að sinna eins vel og nokkur kostur er og ávallt skal leysa forföll hjá yngstu nemendum fyrst þar sem óheimilt er að senda þá fyrr heim. Forðast skal í lengstu lög að fella niður kennslu vegna forfalla kennara.

Í ljósi nýrra kjarasamninga og nýs vinnuáætlunarmats grunnskólakennara þarf að horfa til stjórnunarkvóta skólans og þess að ekki sé nægjanlegt að hafa tvo stjórnendur í húsi með jafn mörgum nemendum og starfsfólki. Umfang sérkennslumála og öllu því er þeim tengist er með þeim hætti í skólanum að ráða verður deildarstjóra/verkefnisstjóra til að sinna þeim málaflokki. Með þessu er ekki verið að auka mikið við launakostnað heldur meira verið að endurskipuleggja og dreifa ábyrgð.

Ljóst er að Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings hefur stutt dyggilega við bakið á skólafinnum með aðkomu ráðgjafa að nemendateymum, ráðgjöf til einstakra kennara í kjölfar greininga á nemendum og með fjölbreyttum tilboðum á námskeiðum. Eftir sem áður þarf allt starfsfólk skólans að komast á námskeið sem ekki eru á þeirra vegum og því þarf að gera ráð fyrir ákveðnum kostnaði í sí- og endurmenntunarnámskeið, bæði ferða-, námskeiðsgjalda- og fæðiskostnað. Sérfræðiþjónusta verður áfram í höndum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og að auki er áframhald á verktakasamningi skólans við talmeinafræðing. Liðurinn námskeiðs- og skólagjöld lækka um 100.00 kr. á milli ára vegna fjölda hagstæðra námskeiða sem Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings býður starfsfólki skólans upp á.

Gjaldskrá fyrir fæði í Grunnskólanum í Þorlákshöfn og Frístund

Matur fyrir börn í skóla og frístundaheimili kr. pr./máltíð	361
Kaffi/hressing í skóla og frístundaheimili kr. pr./hressing	122
Mjólk pr. einingu kr.	28
Ávaxtamáltíð pr. máltíð kr.	83
Matur v/starfsmanna pr. máltíð kr.	525

Gjaldskrá Frístundaheimilis

Heilsdagsvistun frá lokum skóladags til kl. 17:15 kr. pr./mánuð	10.493
Hálfdagsvistun frá lokum skóladags til kl. 15:15 kr. pr./mánuð	5.244

Veittur er systkinaafsláttur 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni.

Systkinaafsláttur nær yfir þjónustu Frístundaheimilis, leikskólþjónustu og þjónustu dagforeldra. Ef barn er hjá dagforeldri og systkin þess á leikskóla/Frístundaheimili er systkinaafsláttur veittur af leikskólagjaldinu/Frístundaheimilisgjaldinu.

Foreldrum sem stunda dagnám er veittur afsláttur af gjaldi Frístundaheimilis og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi.

Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

(Ath. Afsláttur af gjaldi Frístundaheimilis er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn).

Sækja þarf um afsláttinn til skólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september, ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.

Leikskólinn Bergheimar

Í málaflokki leikskólans er starfamannahald, búnaður, leiktæki og matarinnkaup,viðhald, annað til daglegs reksturs. Leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 2ja til 6 ára og fjögurra deilda. Leikskólinn vinnur eftir Aðalnámskrá leikskóla og fer eftir lögum og reglugerðum. Leikskólinn starfar allt árið en lokar í fimm vikur vegna sumarleyfa.

Stöðugildi þeirra sem vinna með börnunum eru 16,5 og í stjórnun eru 2,90. Leikskólakennarar eru 12 og leikskólaliðar eru þrír. Einn starfsmaður er á öðru ári í leikskólakennaranámi og tveir leikskólakennarar eru í meistaranámi. Tveir starfsmenn eru í framhaldsnámi leikskólaliðanum. Áhuga til náms og gott hlutfall fagmenntaðra má þakka aðkomu sveitarfélagsins með styrk vegna grunnnáms til leikskólakennara og til meistaranáms, enda var sveitarfélagið verðlaunað fyrir þessa starfsmannastefnu með Orðsporinu 2015. Hlutfall faglærðra er 11,90 stg. á móti 7,50 ófaglærðum miðað við óbreyttar forsendur.

Dagleg störf eru frá kl. 07.30-17.00 og eru flestir starfsmenn í fullu starfi. Að auki starfa í leikskólanum ræsting, kokkur og aðstoð í eldhúsi en þau stöðugildi eru 3,5%. Eldhúseiningin er sjálfstæð rekstareining og vinnur í samstafi við starfsfólk innan grunnskólans. Stefnt er að því að finna rýmisláusnir vegna aukins búnaðar við stóreldhús og kemur sá kostnaður inn á áætlun leikskólans.

Meðalaldur starfsfólks er 45 ár 2015 og langflestir með langan starfsaldur og þar með aukin réttindi. Tveir starfsmenn hætta vegna 70 ára aldursveturinn 2015-16. Aldur og fjöldi barna auk réttinda vegna menntunar og starfsaldurs ræður starfsmannfjölda.

Endurbótum á elstu byggingu leikskólans á skv. áætlun að ljúka árið 2017. Upphafleg hugmynd sem bæjarstjórn bókaði um var sú að að taka við 18 mánaða börnum í skólann. Með slíkri breytingu fylgir að fjölga þarf í starfsliði um 4 stöðugildi og umfang reksturs eykst um þessa deild. Kaupa þarf búnað og leikföng sem henta þessum aldurshópi. Eftir er hönnun og framkvæmd í lóð þeim hluta sem ætlaður er yngri börnum og bálhúsið sem var á upprunalegri áætlun.

Laga þarf þakið á 98 byggingunni og það þarf að tímasetjast í sumarleyfinu og þarf framkvæmdum og þrifum að vera lokið þegar leikskólinn byrjar eftir sumarleyfi. Málningarvinna þarf að fara fram í nánast öllu húsnæði leikskólans og einnig þarf að gera við ramma utan um nokkra glugga.

Eftirlits og öryggiskerfi þarf í leikskólann sem sér um hreyfivöktun og kæliskápavakt.

Leikskólinn er „leikskóli á Grænni grein“ og mun halda áfram að aðlaga sig að Grænfánastefnu og með því verður skólinn sjálfbærari og stefnt á að verða léttari í rekstri. Nú þegar hefur leikskólinn fengið fyrsta fánann fyrir „*góða frammistöðu og fyrir að leggja sitt af mörkum til þess að efla og bæta umhverfismála innan skólans og í nærsamfélaginu.*“. Næsta markmið er að efla lýðræði. Þá hefur leikskólinn skuldbundið sig að halda markmið SVÁ og kallar það á aukna menntun starfsfólks í formi námskeiða og samráðsfunda.

Sótt var um styrki í þróunarverkefni og var leikskólanum úthlutað um helmingi af áætluðum kostnaði og sækir því til sveitarfélagsins að koma á móts við það sem upp á vantar. Verkefninu er ætlað að vera stuðningur við erlenda foreldra og börn þeirra með það að markmiði að virkja þátttöku þeirra í samfélaginu og tryggja að þau með börnum sínum, noti alla þá kosti sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða.

Sérstakar áherslur verða á eftirtalda þætti:

Mötuneyti, lausn á rýmisþörf og geymsluaðstöðu, búr o.þ.h. Öryggisvarsla. Endurbætur gamla húss og þak á 98 byggingu, hönnun lóðar með yngstu börnin í huga. Ráðningar starfsmanna og kaup á búnaði, s.s. húsgögnum, leiktækjum og leikföngum vegna ungbarnadeild. Ef til kemur þarf sérstaklega að huga að þátttöku leikskólans í aðstoð við flóttafólk.

Gjaldskrá leikskólaþjónustu

Tímagjald milli kl. 08:00 og 16:00 kr. pr. mánuð.	3.141
Tímagjald milli kl. 16:00 og 17:00 kr. pr. mánuð.	4.989
Hádegismatur kr. pr. mánuð	5.244
Morgun- / síðdegishressing kr. pr. hressing pr. mánuð.....	2.040


Systkinaafsláttur verður 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni. Þá verður foreldrum sem stunda dagnám veittur afsláttur af leikskólagjaldi og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi.

Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

(Ath. Afsláttur af leikskólagjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn).

Sækja þarf um afsláttinn til leikskólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.

Þróun reksturs menningarmála



Staða menningarmála

Með málefni menningar-, viðburða- og ferðamála í sveitarfélaginu fer menningarnefnd ásamt menningarfulltrúa sem er í 100% stöðugildi. Á árinu var samþykkt í bæjarstjórn að breyta heiti nefndar og fulltrúa hennar til samræmingar við aukið hlutverk og ber nefndin nú heitið menningar- og markaðsnefnd og starfsmaður hennar titillinn menningar- og markaðsfulltrúi.

Sveitarfélagið er aðili að Héraðsnefnd Árneseinga bs. gg fer stærsti hlutur framlaga til nefndarinnar til reksturs Héraðsskjalasafns, Listasafns og Byggðasafns Árneseinga.

Kostnaður vegna hátíðarhalda svo sem 17. Júní og Hafnardaga, sem er árleg bæjarhátíð íbúa Sveitarfélagsins Ölfuss er færður undir málaflokkinn.

Bæjarstjórnir sveitarfélagsins hefur í mörg ár veitt vel til menningarmála og uppskera íbúar Sveitarfélagsins í samræmi við það. Menningarlífið er í miklum blóma og ýmsir hópar á menningarsviði hafa unnið að stórum og metnaðarfullum verkefnum sem vakið hafa athygli á landsvísu.

Lýsing á málaflokknum

Menningarsvið Sveitarfélagsins Ölfuss nær yfir margvíslega starfsemi. Stærsti útgjaldaliðurinn felst í rekstri Byggða- og bæjarbókasafns Ölfuss. Bókasafnið er almenningsbókasafn og starfar samkvæmt lögum um bókasöfn nr. 150/2012.

Á bókasafninu er skrifstofa menningar- og markaðsfulltrúa sem er yfirmaður málaflokksins og starfsmaður menningar- og markaðsnefndar. Einnig heyrir undir menningarsvið rekstur Versala, menningarsala í ráðhúsi Ölfuss. Á sviðinu starfa 5 manns í 2,9 stöðugildum.

Bæjarbókasafn

Hlutverk bókasafnsins er að vera upplýsinga- og menningarstofnun sem veitir öllum aldurshópum aðgang að fjölbreyttum safnkosti. Leitast er við að bjóða íbúum sveitarfélagsins upp á frjálсан og óheftan aðgang að upplýsingum og ýta undir þekkingarleit bæði með safnkostinum en einnig með

aðgengi að tölvum og aðstoð við upplýsingaleit. Til að geta sinnt þessu hlutverki kaupir safnið bækur, tímarit, dagblöð, hljóðbækur og annað sem stendur íbúum í sveitarfélaginu til boða að fá lánað.

Stærsti kostnaðarliður bókasafnsins, fyrir utan launakostnað og húsnæði eru innkaup á bókum og tímaritum.

Á síðasta ári var stofnað til samstarfsverkefnisins Bókabæirnir austanfjalls, en um samstarfsverkefni fyrirtækja og stofnana í Hveragerði, Árborg og Ölfusi er að ræða. Bæjarbókasafn Ölfuss er einn stofnfélaga verkefnisins og tekur Sveitarfélagið ásamt Árborg og Hveragerði þátt í að greiða laun verkefnisstjóra. Áfram er stefnt að því að þróa og kynna vörumerkið og mun Bæjarbókasafn Ölfuss vinna að því á nýju ári að gera verkefnið sýnilegra í Þorlákshöfn og víðar í Ölfusi.

Stefnt er að því að kaupa hugbúnað til að halda utanum ljósmýndasafn Ölfuss. Hugbúnaðurinn kemur til með að auðvelda skráningu, utanumhald og leit í gagnagrunninum og auðveldar fleirum að sjá myndirnar sem þarna eru. Stefnt er að því að hægt verði að skoða myndirnar á vefnum og þannig geti íbúar veitt ómetanlegar upplýsingar sem bæta skráningu.

Byggðasafn Ölfuss

Staða Byggðasafns Ölfuss hefur sjaldan verið jafn góð og hún er í dag. Öllum munum hefur verið komið fyrir í nýju geymsluhúsnæði og fljótlega verður búið að skrá alla muni sem borist hafa. Stefnt er að því að halda áfram uppbyggingu á svonefndu hverfisverndarsvæði, þar sem lagðir verða varanlegir stígar, skilti endurprentuð og svæði í kringum ákveðna staði snyrtir og hellulagðir.

Óskað er eftir því að á næstu árum leggi sveitarfélagið 3.000.000 kr. í svæðið og að með því verði á næsta ári hægt að gera stígana með grófu en góðu efni. Það er ódýrara en ef ákveðið verður að malbika, en býður upp á þann kost að seinna verður hægt að malbika ef áhugi er fyrir því.

Árið 2015 var byrjað á nýju verkefni sem miðar að því að vekja athygli á gömlum upplýsingum og heimildum á upplýsingaskiltum. Komin eru upp þrjú skilti við elstu götur bæjarins og er stefnt að því að halda þessu verkefni áfram næstu árin.

Viðburðir og hátíðir

Á síðasta ári var ákveðið að láta menningar- og markaðsnefnd um að skipta þeirri fjárhæð sem ætlað er til menningarviðburða yfir árið. Þetta á þó ekki við um 17. Júní, þar sem ákveðin fjárhæð er eyrnamerkt til hátíðarinnar og er það íþróttafélagið Þór sem skipuleggur hátíðahöld í tengslum við þjóðhátíðardaginn. Með þessu breytta fyrirkomulag gat nefndin úthlutað hærri fjárhæð til Hafnardaga, bæjarhátíðar Sveitarfélagsins Ölfuss.

Versalir

Unnið hefur verið að því síðustu ár að bæta húsnæði og búnað í menningarsölunum með það að markmiði að hægt verði að nýta salina betur en gert er í dag. Kaupa þarf 6 borð í viðbót auk þess sem nauðsynlegt er að bólstra þá stóla sem eftir eru, en það eru 100 stólar. Þá þarf að kaupa annan borðvagn svo auðveldara sé að rýma salinn og betur fari um nýju borðin sem keypt hafa verið.

Það sem vantar og kostnaður:


Djúphreinsivél 100.000, Bólstrun (100 stólar) 600.000, Fellifætur 206.000, Borðvagn 69.000, Borð 216.000, Samtals kr. 1.191.000.

Ferðamál/kynningarmál

Útbúa þarf kynningarefni fyrir sveitarfélagið bæði er á íslensku og ensku. Þá er unnið að stóru kynningar- og markaðsverkefni með auglýsingastofunni Hvíta húsinu, en hófst verkefnið árið 2015. Megin kostnaður í tengslum við verkefnið fer á þetta fjárhagsári.

Ný heimasíða sveitarfélagsins mun fara í loftið á árinu 2016 en undirbúningur að þeirri vinnu er þegar hafinn en samstarfsaðili hefur ekki verið valinn. Gera má ráð fyrir því að sú vinna muni standi yfir í allt að 6 mánuði og því má vænta að ný heimasíða verði tilbúin til birtinga í byrjun næsta sumars.

Þróun reksturs æskulýðs- og íþróttamála



Núverandi staða

Undir málaflokkinn í fjárhagsáætlun heyra eftirfarandi deildir (liðir); íþrótt- og æskulýðsnefnd, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, leikvellir, vinnuskóli, smíðavöllur, íþróttanámskeið, félagsmiðstöð, íþróttahús, sundlaug, golfvöllur, Þorláksvöllur, Háaleitisvöllur, ungmennaráð, styrkir til íþróttafélaga, íþrótt- og afrekssjóður og forvarnarmál.

Um málefni íþrótt- og æskulýðsmála fer íþrótt- og æskulýðsnefnd ásamt íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, aðrir starfsmenn eru starfsmenn íþróttamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar.

Félagsmiðstöð

Það liggur fyrir að mála þarf húsnæði félagsmiðstöðvarinnar að innan.

Tjaldstæði

Vinna er hafin við að bæta aðstöðu fyrir losun úrgangs, bæði sorps og einni aðstöðu fyrir losun úrgangstanka í húsbílum og hjólhýsum. Áætlað er að ljúka því á árinu 2016.

Einnig þarf að gróðursetja skjólbelti og gera svæðið meira aðlaðandi fyrir gesti.

Upplýsingaskilti hefur verið á dagskrá þar sem upplýsingar séu um lengri og styttri gönguleiðir.

Enn fremur þarf að setja á dagskrá að breyta innkeyrslunni á tjaldstæðið sem nú er malarlagður hringakstur í beina línu að salernishúsi.

Knattspyrnuvellir og íþróttasvæði

Ganga þarf í að deiliskipuleggja Svæði merkt U- 3 í aðalskipulagi. Aðkeyrsla að gömlu völlum er algjörlega óviðunandi og nauðsynlegt að finna á því framtíðarlausn. Einnig þarf að huga að staðsetningu bílastæða, snyrtingu og fl. Unglingalandsmótið 2018 í Þorlákshöfn kallar á stækkun grassvæðis gömlu vallanna með því að tengja þessa tvo velli saman lengja og breikka.

Malbika eða helluleggja þarf 50 m² svæði sem liggur meðfram göngu stíg og hlaupabrautar að vallarhúsi aðalvallar. Einnig þarf að koma upp tímatökuhúsi við endamark hlaupabrautar.

Íþróttamiðstöð (íþróttahús)

Halda þarf áfram viðhaldsvinnu við íþróttahúsið en þar er algjört forgangsmál að slípa og lakka parkettið. Einnig liggur fyrir að ráðast þarf í endurnýjun á klæðningu og hönnun og uppsetningu loftræstingar.

Betri aðstaða til að stunda fimleika er mjög mörgum hugleikin og þegar íþróttamiðstöðin var endurbýggð á árunum 2007 – 2008 voru settar fram hugmyndir að stækkun íþróttahússins til austur þar sem koma mætti fyrir allt að 700m² byggingu sem hýsa myndi fimleikasal og tækjageymslu.

Nú þegar er orðið mjög aðþrengt í íþróttasalnum. Mikið er til af tækjum sem eru plássfrek og geymslurými takmarkað. Huga þarf sérstaklega að þessu bæði í lengd og bráð.

Íþróttamiðstöð (sundlaug)

Tækjabúnaður sundlaugar og hús þarfnast mikils og stöðugs viðhalds. Mikið álag er á tækjabúnaði sem gengur allan ársins hring.

Stærsta vandamálið sem blasir við okkur núna er að hiti í tækjarými er alltof mikill og sá kælibúnaður sem þar er ekki nógu afkastamikill. Þetta veldur því að ýmiss rafeindabúnaður endist mun styttra en ráð er fyrir gert og hefur þurft að skipta út ýmsum búnaði síðustu ár sem endast á mun lengur. Þannig að það má segja að okkur blæði töluvert þegar kemur að viðhaldskostnaði í tækjarými.

Verkefni í sundlaug árið 2015.

Gera endurbætur í tækjarými á loftræstingum, forhiturum (sjá samantekt Kristjáns Þórs Hálfðánarsonar og Jóns Sæmundssonar hjá Verkís). Skipta um sand í síum í innilaug.

Samstarfssamningar

Um stuðning til íþrótt-, æskulýðs og annarra tólmstundafélaga fer samkvæmt þjónustusamningum að mestu leyti sem sveitarfélagið hefur gert við viðkomandi félög. Í þjónustusamningum er m.a. kveðið á um samstarf á ýmsum sviði, stuðning við barna og unglíngastarf vegna æfingagjalda, eflingu félaganna, þjónustu um rekstur æfinga- og keppnissvæða, um rekstur íþrótt- og leikjanámskeiða, rekstur smíðavalla og gerð reiðvega.

Samningarnir tóku gildi frá og með 1. janúar 2013 og gilda út árið 2016.

Frístundakort

Frístundakort eða frekari niðurgreiðslur æfingagjalda hafa verið í umræðunni. Ef menn hafa hug á að fara í þá vegferð er nauðsynlegt að undirbúa það vel og best væri að setja saman starfshóp sem hæfi þegar störf og skilaði af sér eigi síðar en á vormánuðum 2016. Það er hægt að hugsa sér að þetta yrði tekið samhliða endurskoðun á samstarfssamningunum.

Næstu ár

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Þorlákshöfn um verslunarmennahelgina 2018 þar af leiðandi munu fjárhagsáætlanir næstu ára 2016,2017 og 2018 væntanlega taka töluvert mið af því.

Gjaldskrá sundlaugar

Fullorðnir stakt gjald kr.....	700
10 miðar kr.	4.350
30 miðar kr.	9.300
Árskort kr.....	27.900
Börn að 16 ára aldri	frítt
Ellilífeyrisþegar	frítt
Öryrkjar	frítt
Sundföt leiga pr. skipti kr.....	600
Handklæði leiga pr. skipti kr.	600
Sund + sundföt leiga pr. skipti	1.300
Morguntími í ljós kr.	1.200
Kvöldtími í ljós kr.	1.300
Morgunkort í ljós kr.	8.200
Kvöldkort í ljós kr.	10.300


Gjaldskrá í líkamsrækt

Mánaðarkort kr.	7.950
Sex mánaða kort kr.....	28.400
Árskort kr.....	44.400
Hjónakort kr.....	77.400
10 miða klippikort kr.....	7.950
Stakt skipti kr.	1.600
Aflsláttur til námsmanna er 20% og 40% til elli- og örorkulífeyrisþega.	
Þriggja mánaða kort fyrir nemendur 9. og 10 . bekkjar grunnskóla	7.500
Kortið veitir aðgang til kl. 17:00 virka daga og allan daginn um helgar.	

Gjaldskrá tjaldsvæðis

Fullorðnir pr. nótt pr. mann kr.	1.000
Börn að 16 ára aldri (í fylgd fullorðinna).....	frítt
Elli- og örorkulífeyrisþegar pr. nótt pr. mann kr.....	700
Rafmagn pr. tjaldeining pr. dag kr.	1.000


Þróun reksturs brunamála og almannavarna



Almennt um brunamál og almannavarnir

Sveitarfélagið Ölfus hefur verið aðili að Brunavörnum Árnæssýslu frá 1. janúar 2010. Sveitarfélög í Árnæssýslu hafa sameinast um eina almannavarnanefnd fyrir svæðið. Með sameiginlegri nefnd er verið að styrkja almannavarnarkerfið á svæðinu.

Þróun reksturs hreinlætismála



Almennt um hreinlætismál

Sveitarfélagið er aðili að Sorpstöð Suðurlands. Þann 1. desember 2009 var sorpurðun hætt í Kirkjuferjuháleigu samkvæmt samkomulagi sem gert var milli Sveitarfélagsins Ölfuss og stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 3. nóvember 2004 og er nú allt sorp úr sveitarfélaginu flutt til urðunar á Reykjavíkursvæðinu.

Til skoðunar hefur verið í nokkur ár að sveitarfélögin sem standa að Sorpstöð Suðurlands (SOS) gerist aðilar að SORPU. Í því sambandi hefur verið rætt hvort mögulegt sé að fá aðgang að svæði í Ölfusi til flokkunar, jarðgerðar og urðunar á óvirkum úrgangi. Bæjarstjórn bókaði eftirfarandi á fundi 26. nóvember 2015 vegna fyrirspurnarinnar:

„Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss er skipulagt um 15 ha. svæði í Neslandi vestan Þorlákshafnar sem hugsað er fyrir móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang.

Á svæðinu er hugsuð aðstaða til móttöku umhleðslu og flokkunar á úrgangi og endurvinnsluefnum sem þjónað gæti sveitarfélögum á Suðurlandi. Á svæðinu er gert ráð fyrir urðun á því sem ekki verður endurnýtt eða flutt burt.

Erindið sem nú liggur fyrir gerir ráð fyrir mun stærra og fjölmennara svæði en skilgreining aðalskipulagsins gengur út frá og því ná forsendur aðalskipulagsins ekki yfir beiðnina. Í erindinu er nefnt að fyrirhuguð rannsókn myndi m.a. lúta að því að skoða landið og aðstöðu m.t.t. að koma upp móttöku- og flokkunarstöð og til urðunar á óvirkum úrgangi. Í 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og í 3. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs er skilgreiningin á óvirkum úrgangi sú að um sé að ræða úrgang sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega og hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið t.d. múrbrot, gler og uppmokstur. Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2008-2020 sem er samstarfsverkefni Sorpu bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. og Sorpurðunar Vesturlands hf. er skilgreining óvirkis úrgangs á sama veg. Í áætluninni kemur fram að um 51 þús. tonn af óvirkum úrgangi hafi fallið til á svæðinu árið 2006 og voru um 88% af því uppgroftur og ómengaður jarðvegur, gler 4%, steinsteypa, flísar, keramik um 2% og annar óvirkur úrgangur um 6%.

Ef tryggt er að ekki verði um skoðun á urðun annarra úrgangstegunda að ræða sér bæjarstjórn ekki meinbugi á því að farið verði í rannsóknir í samræmi við erindið.“

Bæjarstjórn hefur reyndar í þessu ferli lagt á það áherslu að sveitarfélögin sem standa að SOS eigi að taka höndum saman og leita lausna án þess að ganga inn í SORPU. Fyrsta skrefið væri að taka upp samræmt flokkunar- og hirðkerfi sem hefði það að markmiði að koma í veg fyrir urðun úrgangs. Í byrjun væri hægt að lágmarka það magn sem til urðunar fer verulega og miðað væri við að aðeins óvirkur úrgangur yrði urðaður í sveitarfélaginu.

Móttaka spilliefna, flokkunarsvæði o.fl.

Mjög brýnt er að niðurstaða komi í það hvar byggja á upp nýtt flokkunarsvæði, því þó að okkur hafi tekist að laga útlitið á svæðinu aðeins þá er það okkur eiginlega til skammar, sérstaklega girðingin í kring sem er sundur riðluð og hangir varla uppi, eins er það til mikill vandræða varðandi þrifnað að planið og rampurinn séu ekki malbikuð eða steipt, eins rötast mölin alltaf upp þegar verið er að skipta um gáma. Rampurinn sem er á milli gámana er orðinn mjög lélegur, það má segja að hann sé orðinn hálf hættulegur, en hann er byggður upp úr timburplönkum og síðan fyllt með mól á milli, plankarnir eru ornir mjög fúnir og ef stór og þungur bíll keyrir mjög nálægt brúninni þá gætu plankarnir gefið sig undan þunganum. Ástandið á jarðvegstippnum var nokkuð gott í ár en trjágreinarnar sem söfnuðust voru ekki kurlaðar í sumar eins og hugmyndin var, því er nauðsynlegt að gera það næsta sumar svo ekki safnist of mikið upp og svo að elstu greinarnar verði ekki ornar of fúnar. Eins og segir á upplýsingarskiltinu við jarðvegstippinn þá má eingöngu henda lífrænum úrgangi þarna og er ætlast til þess að hann sé flokkaður í fjóra flokka. Greinar, hugsunin er að þær yrðu kurlaðar og notaðar í beð, stíga eða til moltugerðar. Gras, hugsunin er að því sé dreift í rofabörð til uppgræðslu. Grófur jarðvegur og garðaúrgangur, þessu tvennu er bara jafnað út á staðnum. Þó að reglurnar séu skýrar og greinilegar ber aðeins á að fólk sé að henda þarna alls konar drasl en við höfum reynt að passa uppá að taka það jafnóðum því ef það fær að liggja dregur það að sér meira drasl.

Undir þennan málaflokk heyrir einnig dýrahald. Hunda- og kattahald er bannað í sveitarfélaginu ef frá eru taldir þarfahundar á lögbýlum og hundar sem notaðir eru til björgunarstarfa svo og aðstoðarhundar blindra og fatlaðra einstaklinga. Hægt er þó að fá leyfi fyrir hundum og köttum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sbr. samþykktir um hunda- og kattahald.

Gjaldskrá fyrir hundahald

Hundagjald kr. pr./ár pr./hund	12.811
Handsömunargjald fyrsta skipti kr. pr./hund	6.192
Handsömunargjald ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða kr. pr./hund	12.384

Gjaldskrá fyrir kattahald

Kattagjald kr. pr./ár pr./kött	3.908
Handsömunargjald fyrsta skipti kr. pr./kött	4.128
Handsömunargjald ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða kr. pr./kött	8.256

Hreinsun og losun rotþróa

Gjöld miðast við framkomna reikninga frá verktaka frá og með 1. janúar 2016.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi

1. grein

Bæjarstjórn Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi dagsett 1. desember 2005.

2. grein

Gjaldið er sem hér segir:

Sorphreinsgjald á íbúðarhús á ári kr.	19.852
Sorpeyðingargjald á íbúðarhús á ári kr.	11.346
Tunnuleiga, á tunnu á ári kr.	534
Flutningur á tunnu (fyrsta tunna án gjalds hver ferð) kr.	2.023
Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótarþokaæiningar/tunnu á ári kr.	18.327
Atvinnuhúsnæði fyrir hvern poka á ári kr.	39.237

Öll fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skulu greiða sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald.

3. grein

Fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi og koma með sorp á sorpmóttökustað sveitarfélagsins í Þorlákshöfn og/eða til Sorpstöðvar Suðurlands skulu greiða móttöku- og sorpeyðingargjald samkvæmt magni.


Flokkur A (Efni með úrvinnslugjald og önnur efni sem ekki hafa kostnað í för með sér) 0 kr. eða gjaldfrjálst.

- Rúlluplast kr./m ³	0
- Hjólbarðar kr./m ³	0
- Spilliefni kr./m ³	0
- Fernur kr./m ³	0
- Skilagjaldsskildar umbúðir kr./m ³	0
- Föt kr./m ³	0
- Bílar skilagjald samkvæmt reglugerð.	
Flokkur B (endurvinnanlegt efni) kr./kg.	13,00
Flokkur B (endurvinnanlegt efni) kr./m ³	2.849
- Málmar	2.992
- Pappír	0
- Timbur	2.992
- Garðaúrgangur	2.992
- Veiðarfæri	2.992
- Kaðlar	2.992
Flokkur C (blandaður óendurvinnanlegur) kr./kg.	23,53
Flokkur C (blandaður óendurvinnanlegur) kr./m ³	5.519
- Heimilisúrgangur	5.794
- Rekstrarúrgangur	5.794
- Byggingarúrgangur	5.794

4. grein.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss er sett með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarnáttur til þess að gilda fyrir árið 2016.

Þróun reksturs skipulags- og byggingarmála



Almennt um skipulags- og byggingarmál

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd ásamt sviðsstjóra skipulags-, byggingar- og umhverfissviðs, í 100% stöðugildi, fara með málefni skipulags-, byggingar- og umhverfismála í umboði bæjarstjórnar. Á sviðinu starfar einnig forstöðumaður þjónustumiðstöðvar í 100% stöðugildi, sem sér um rekstur þjónustumiðstöðvarinnar og er forstöðumanni sviðsins til aðstoðar í skipulags- og byggingarmálum.

Nýtt gæðastjórnunarkerfi skipulags- og byggingarfulltrúa tók gildi á árinu 2015. Alfa Kristjánsdóttir hjá Skipulag og skjöl ehf. var fengin til aðstoðar við innleiðingu kerfisins en One skjalavistunarkerfið er grunnur kerfisins. Nokkur vinna fór í þetta og vonir standa til að hægt verði að heimfæra kerfið á allt skjalautanumhald sveitarfélagsins, bæði vistun og úrvinnslu.

Næsta skref er faggilding 1. janúar 2018 sem tekur til ferla við skipulags- og byggingarmál og einnig móttöku erinda til skjalavörslu, og þar með skönnun gagna. Gera þarf breytingar á sviðinu til að takast á við þau verkefni sem til verða. Horfa verður þó á málið þannig að verið sé að auðvelda alla verkferla og afgreiðslu mála með nýju kerfi. Mikilvægt er að starfsmaður sem verkefnunum sinni hafi þekkingu á afgreiðslumálum nefnda, fasteignaskráningu og lestri á teikningum. Hafi þekkingu á gjaldskrá sveitarfélagsins og sendi út til innheimtu á byggingarleyfisgjöldum og framkvæmdaleyfisgjöldum. Eftir fundi sjái viðkomandi um að gera svarbréf og halda utan um mál í skjalavistunarkerfinu.

Skrifstofuvélar, búnaður

Hugbúnaður við rafræna vinnslu. Um er að ræða AutoCad forrit og eða MicroStation PowerDraft. Mikilvægt er að hugbúnaður sem til þarf við að taka á móti teikningum, vinna með þær sé til staðar. Þessi búnaður er hluti af móttöku gagna og vistun þeirra í One Systems. Einnig til að koma á rafrænum samskiptum við þjóðskrá með afhendingu teikninga af fasteignum.

Húsgögn og innanstokksmunir

Undir þennan lið er það almennt fyrir skrifstofuna, að laga hirslur fyrir teikningar inni í geymslunni. Þær hirslur sem eru inni í geymslu verði skipt út fyrir betri hirslur. Gögn sem skönnuð eru inn í One Systems ber geyma frumritin og að flokka erindin eftir viðfangsefni. Við innleiðingu á gæðastjórnunarkerfinu koma leiðbeiningar um hvernig hirslur beri að nota þannig að gögn séu aðgengileg fyrir hvert mál.

Skipulagsmál

Skráningarkerfi fyrir teikningar og gögn. Vinna sem nú liggur fyrir er að fara yfir alla lóðarsamninga og samninga um öll lögbýli í Ölfusi og skrá þessar upplýsingar inn í One Systems gagnagrunn. Vinnan við yfirferð á þessum gögnum, getur skipulags- og byggingarfulltrúi ekki annað einn nema þá með breytingu á þeim verkefnum sem hann hefur með höndum. Þessi vinna sem og margt annað, kallar á aðstoð við vinnslu gagna.

Samningur er núna við Verkfræðistofuna Eflu á Suðurlandi sem áður var Verkfræðistofa Suðurlands með kerfi sem nefnist Granni til innsetningar allra þeirra upplýsinga sem þarf til að halda utan um, alla skráningu hjá skipulags- og byggingarfulltrúa er varðar mannvirki og innsent efni. Þetta er byggt upp á loftmyndir okkar af sveitarfélaginu. Þennan þátt þarf á móti One Systems til að halda utan um loftmyndir og teikningar. Þessi tvö kerfi eiga síðan að „tala“ saman með upplýsingar um hverja eign.

Samningur er í gildi við Ísgraf um loftmynd af Þorlákshöfn sem endurnýjuð er á tveggja ára fresti og húsagrunn.

Með þessum samningum næst eftirfarandi:

1. Gera kortagrunn af þéttbýli hæfan undir landupplýsingarkerfi. Það er gert með því að setja tenginúmer inn í grunninn sem er í AutoCad (teikni- og vinnsluforrit)
2. Gera kortagrunn af dreifbýlinu hæfan undir landupplýsingarkerfi með því að teikna upp hús eftir loftmyndakortum og setja tenginúmer á þau. Hluti af þessari vinnu er búið að gera vegna vinnu við heimreiðar og vegna vinnu Landskrár fasteigna.
3. Lagfæring á kortagrunnum fyrir lagnir, fráveitur og vatn. Setja þarf upp gagnagrunn og tengingar.
4. Setja upp kerfið og aðlaga að þörfum Ölfuss.
5. Tenging við gagnagrunn Þjóðskrár, fasteignagrunn.
6. Innsetning upplýsinga og skönnun teikninga. Teikningar eru skannaðar og vistaðar á tölvutæku formi.

Allar teikningar mannvirkja eru skannaðar inn í gagnagrunninn og eru beintengdar öllum upplýsingum sem settar eru inn um viðkomandi mannvirki.


Inni í því eru loftmyndir, skipulag, lagnakerfi vatnsveitu, fráveitu, hitaveitu, sýnir íbúðaskrá, beintenging við Fasteignamat ríkisins, sýnir aldursdreifingu fólks, byggingarstig mannvirkja og fl.

Þó kerfið sé sérstaklega ætlað byggingarfulltrúum nýtist það sveitarfélaginu s.s. við íbúðarskráningu, upplýsingar úr fasteignamatinu, aldursdreifingu íbúa s.s. við vegna skólabarna, aldraðra eða kosningaaldurs fólks.

Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag af öllum bænum. Nú er þegar búið að vinna kortagrunn fyrir bæinn. Halda þarf áfram og gera deiliskipulag af öllum bænum, samkvæmt byggingar- og skipulagslögum, þar sem fram koma lóðarstærðir og byggingarreitir fyrir hvert hús. Eins greinagerð sem segir til um notkun hverrar byggingarlóðar. Þetta er hægt að vinna að stórum hluta hjá skipulags- og byggingarfulltrúa ef áður nefnt forrit er þar sett inn, sem reyndar er nauðsynlegt svo hægt sé að gefa út lóðarblöð og helst útprentun á teikningum fyrir hvert það svæði sem deiliskipulagið nær yfir. (Það þarf að liggja fyrir deiliskipulag af svæðum sem þegar eru byggð, hafi það ekki verið unnið áður).

Nauðsynlegt er að hjá skipulags- og byggingarfulltrúa sé virkur hugbúnaður til að taka á móti teikningum frá hönnuðum og eins frá Eflu sem er með allar mælingar fyrir okkur. Mælt er með AutoCAD 2002 MAP eða sambærilegu. Slíkur hugbúnaður nýtist fasteignamati, vatnsveitu, fráveitu og gatnagerð og hugsanlega fleiru.

Þróun reksturs umferðar- og samgöngumála



Vetrarþjónusta

Snjómokstur gekk nokkuð vel síðasta vetur hérna í þéttbýlinu í Þorlákshöfn og í dreifbýlinu en þar var gengið frá samningum við tvo verktaka um að sjá um snjómokstur á heimreiðum sem eru utan þjónustu Vegagerðarinnar. Borgargerði ehf. (Sólmundur Sigurðsson) sér um heimreiðar að bæjum fyrir austan Hveragerði og Árbæjarhverfið, en það er skilgreint sem þéttbýli. Garpar ehf. (Þorsteinn Hannibalsson) sér um vesturhlutan, frá Bæjarþorpsafleggjaranum og alveg að vatnsverksmiðjunni í Hlíðarenda, taka þarf ákvörðun um það hvaða þjónustu sveitarfélagið ætlar að bjóða upp á og þá held ég að best sé að miða við einhverjar forsendur t.d. séu tvö heimili eða fleiri á sama afleggjara þá er mokað heim að innsta bær á afleggjaranum eftir þörfum en að hámarki 3 sinnum í viku, þar sem börn á grunnskólaaldri búa er þó leitast við að búið sé að moka alla virka daga fyrir kl. 07.30, til að tryggja að skólabíllinn komist að ná í börnin, þá daga sem sorphreinsun er verður reynt að moka heim á hlað á öllum bæjum og hálkuverja sé þess þörf og tæki til þess aðgengileg.

Eins og á síðastu árum var snjómokstur á gönguleiðum og gangstígum hér í Þorlákshöfn svolítið látinn mæta afgangi bæði vegna þess að við höfum ekki hentugt tæki í það og ekki heldur mannskap til að sinna því. Hálkuvarnir/söndun, skoða þarf og ákveða hvar, hvernig og eða hvort það eigi að sandbera þegar það er hálka og klaki en núna höfum við enginn tæki í það nema lítinn dreifara sem dreginn er á eftir bíl eða traktor en hann er víða óhentugur og kemst ekki að, eins er það spurning hvort ekki eigi að blanda sandinn með salti til að hann virki betur en oft eru aðstæður þannig að það snjóar strax yfir sandinn og þá gerir hann lítið eða ekkert gagn. Hálkuvarnir, varðandi hálkuvarnir vil ég leggja til að keyptur verði salt/sanddreifari sem passar aftan á lítinn pallbíl, svona dreifari mundi nýtast bæði fyrir þéttbýlið og dreifbýlið því hann er auðveldur í notkun og fljótur í förum á milli staða.


Samhliða svona dreifar þyrfti helst að fá líka vélsóp með skúffu því best er að taka sandinn upp jafnóðum og það þiðnar svo hann fara ekki í götuniðurföllinn og stífla þau, kaupa mætti sóp annað hvort á gröfuna, traktorinn eða lítinn sjálfstæðan sóp.

Síðast liðinn vetur var aðeins búið að hugsa um og reyna að stilla upp skipulagi fyrir snjómoksturinn og aðra vetrarþjónustu þjónustumiðstöðvarinnar, þá kom fljótt í ljós að til þess að við getum sýnt þessu svo vel sé, þurfum við að hafa helst fjóra menn sem hægt er að kalla út kl. 04.00 – 05.00 á nóttinni og eru með vinnuvélaréttindi og/eða meirapróf, en núna eru þeir þrír sem hægt er að kalla út, því verður

að láta mokstur á gangstéttum og við innganga á stofnunum bíða þar til eftir kl.08.00 og ekki hægt að hálkuberja þar fyrr en langt er liðið á daginn og ef einhver verður veikur þá fer allt úr skorðum.

Eitt af því sem við vorum mikið að spá í síðasta vetur var hvernig best væri að vakta þörfina á snjómokstri, það fyrirkomulag sem ég hef helst verið að horfa til er að komið verði á bakvöktum hjá starfsmönnum Þjónustumiðstöðvar yfir vetrartíman, innfalið í bakvaktinni væri að fylgjast með og meta þörf á snjómokstri og hálkuvörnum og þá kalla út í samráði við verkstjóra þann mannskap sem þarf. Virka daga væri þetta unnið þannig að seinni part hvers dags þá meta verkstjóri og sá maður sem í vaktinni er, eftir að hafa kynnt sér veðurspá, hvort þörf sé á því að sá sem á vaktinni er þurfi að vakna kl. 04.00 og kanna færð með það í huga hvort ræsa þurfi út mannskap í snjómokstur svo að búið sé að moka helstu stofnbrautir og plön fyrir kl. 07.30.

Þróun reksturs umhverfismála



Almennt um umhverfismál

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd fer með framkvæmd umhverfismála. Undir málaflokkinn umhverfismál flokkast skrudgarðurinn, uppgræðslumál, fegrun sveitarfélagsins, jólastreytingar og minka- og refaeyðing. Rekstur málaflokksins er beint tengdur skipulags- og byggingarmálum.

Á árinu var ráðinn umhverfisstjóri til sveitarfélagsins í 100% starf. Verksvið umhverfisstjóra skv. starfslýsingu er m.a. gerð fjárhagsáætlunar fyrir starfið ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun í samstarfi við sviðsstjóra. Umhverfisstjóri hefur umsjón með málaflokknum umhverfismál hjá sveitarfélaginu. Undir umhverfismál heyrir m.a. umsjón með sorpi og móttöku- og flokkunarsvæði fyrir sorp, losun rotþróa og meðferð á seyru til notkunar við landgræðslu. Umhverfisstjóri hefur m.a. umsjón með skrudgarðinum í Þorlákshöfn og vinnuflokkum vinnuskólans og þeim verkefnum sem honum tengjast. Samvinna við íbúa og fyrirtæki varðandi flokkun úrgangs og nýtingu úrgangs til uppgræðslu heyrir undir starf umhverfisstjóra. Umhverfisstjóri starfar einnig með fjallskilanevnd og hefur umsjón með refa- og minkaeyðingu. Umhverfisstjóri er tengiliður sveitarfélagsins við Golfklúbb Þorlákshafnar og Landgræðslu ríkisins. Önnur umhverfismál, s.s. uppgræðsla, skógrækt, endurbætur og lagfæringar á gönguleiðum og reiðleiðum sem bæjarfélaginu viðkemur og verkefni þar sem bæjarfélagið tekur þátt í lagfæringum á ferðamannastöðum heyra undir starfið. Umhverfisstjóri er hluti af snjómokstursflokki sveitarfélagsins. Umhverfisstjóri er yfirmaður annarra starfsmanna sem undir starfið heyra, s.s. starfsmanna vinnuskóla.

Skýrsla umhverfisstjóra

Ég kom til starfa hér þann 1. apríl sl. sem umhverfisstjóri Ölfuss eftir nokkurra ára fjarveru. Ég hef þó búið hér í Þorlákshöfn og hef getað fylgst með. Umhirðustigið hér á gróðri og opnum svæðum hefur að mínu mati ekki verið nógu gott undanfarin ár. Einnig hafði lítið verið hugsað um leiktæki og leikvellina. Þannig að það var mikið verkefni fyrir höndum núna í sumar.

Það sem ég lagði mestu áherslu á í sumar var að hafa bæinn snyrtilegan og fallegan og miðað við það sem maður heyrir þá hefur fólk almennt verið mjög ánægt.

Verkefni umhverfisdeildar:

- Umhverfismál sveitarfélagsins.
- Umsjón með opnum svæðum.
- Umsjón með grasslætti á opnum svæðum og hjá stofnunum bæjarins.
- Umsjón og umhirða á öllum gróðri á opnum svæðum og hjá stofnunum bæjarins.
- Umsjón leikvalla og leiktækja.
- Umsjón með Skrúðgarðinum.
- Hreinsunaráttak - Ruslahreinsun.
- Umsjón og rekstur Vinnuskóla Ölfuss.
- Ýmis þjónusta við íbúa sveitarfélagsins, ss. garðsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja.
- Landgræðslumál.
- Skógræktarmál.
- Eftirlit með verktökum er tengjast umhverfismálum.
- Garðlönd Þorlákshafnar.
- Tengiliður við Golfvöll Þorlákshafnar.
- Umsjón með jólaskeytingum bæjarins.

Opin svæði:

Eins og áður sagði þá skiptir miklu máli hvernig bærinn lítur út. Ég klippti og snyrti allan gróður í vor. Áburður var borinn á allan gróður en það er nauðsynlegt að gera það hér í Þorlákshöfn þar sem jarðvegurinn er svo næringarsnauður. Við settum nokkur hlöss af mold í öll beðin, en það hafði ekki verið sett mold í nokkur ár og vantaði sumstaðar allmikla mold þannig að sást í rætur og sumir runnar voru hálf lausir.

Við plöntuðum sumarblómum og settum blómaker hér og þar um bæinn sem hún Lovísa sá um að skreyta fyrir okkur. Þetta kom mjög vel út.

Ætlunin er að planta mun meira af trjám og runnum næsta sumar. Ætla ég mér veturinn til að skipuleggja plöntun næsta sumars. Það þarf að vanda valið á plöntum hérna í Þorlákshöfn. Það er ekki hægt að planta hverju sem er hérna hjá okkur þar sem við erum með lélegan og næringasnauðan jarðveg. Sumar plöntur þola betur salt en aðrar, sumar eru vindþolnar, sumar skuggþolnar aðrar þurfa skjól o.s.frv. Það var ekki mikið plantað á opnum svæðum núna í sumar en við endurnýjuðum aðeins plöntur á Mánabraut og Skálholtsbraut. Einnig endurnýjuðum við beðið fyrir framan íþróttamiðstöðina, sem kom mjög vel út. Þá gerðum við nýtt beð á milli grunnskóla og íþróttamiðstöðvar þar sem var áður gras en það var orðið að drullusvæði. Við settum lága varnargirðingu í kringum það beð. Það þarf að huga að eldri trjábeðum og planta inn í þegar plöntur drepast. Það var eitruð fyrir maðki allsstaðar þar sem þurfti.

Grassláttur gekk mjög vel í sumar. Ég lagði mikla áherslu á að grassvæðin litu vel út. Við erum með svo mörg grassvæði að við verðum að láta þau líta vel út. Áburður var borinn á öll grassvæði en það er mjög mikilvægt að það sé gert hér þar sem allt gras er á sandi og þar með er engin næring. Við fengum nýjan sláttutraktór, eina handsláttuvél og tvö ný orf í sumar. Þannig að við vorum nokkuð vel búin tækjum. Einnig hjálpaði til hvað það rigndi lítið.

Lúpínan er mjög aðgangshörð planta og þarf að passa að slá hana svo hún sáir sér ekki. Við slógum töluvert í sumar en hefðum þurft að slá mikið meira. Hún er orðin mjög útbreidd við kirkjuna en þar þurfum við að slá mikið næsta sumar. Eins þarf að halda áfram að slá í kringum bæinn. Sumir garðeigendur kvörtuðu undan því að hún væri komin inn í garðana hjá þeim. Fyrir utan lúpínuna, þá þarf að gæta þess að kerfillinn ná ekki að sá sér meira en orðið er. Hann er mjög erfiður að eiga við.

Það er mjög tímafrekt að slá lúpínuna og það næst ekki að uppræta hana með slætti heldur erum við að halda henni í skefjum. Sum bæjarfélög eru að velta því fyrir sér að eitra með roundup fyrir lúpínunni og kerflinum. Það er spurning hvort það ætti að taka smá svæði næsta sumar og prófa að eitra það.

Í sumar störfuðu 8 ungmenni á aldrinum 16 – 22 árs við slátt auk annara tilfallandi starfa. Einnig var einn 21 árs strákur að vinna við hin ýmsu garðyrkjustörf s.s. hellulagnir, uppbindingar o.fl.

Mikið var um illgresi í raufum við gangstéttar, kantsteina og niðurföll víða um bæinn. Þetta gerir ásýndina slæma og nauðsynlegt að uppræta þetta. Ég lét eitra þetta með roundup í lok sumars en það þarf að gera það aftur í byrjun næsta sumars. Stefni ég að því að vera með sérstakan hóp af eldri unglingum sem mun vinna að eyðingu illgresisins.

Leikvellir:

Gert var heilmikið átak í viðhaldi á leiktækjunum á öllum leikvöllum. Það hefur lítið verið hugsað um leiktækin undanfarin ár. Við tókum öll tækin og burstuðum, þússuðum og máluðum. Það er annað að sjá þau núna. En það eru nokkur leiktæki sem þarf að fara að skipta út fyrir ný. Best væri að skipta út 1-2 leiktækjum á ári, fer eftir verði leiktækis í hvert sinn. Á næsta ári verðum við að skipta út tveimur leiktækjum á Eyjahraunsleikvelli en þau eru orðin mjög illa farin. Kostnaður er um 800 þús – 1 m.kr.

Á Oddabrautarleikvöllinum skiptum við út öllum gróðri sem var orðinn ónýtur og settum nýjar plöntur. Einnig lét ég setja varnargirðingu í kringum beðin. Það þarf að huga að því að setja gróður á hina leikvöllina. Það er enginn gróður þar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerði úttekt á öllum leikvöllum í haust. Þetta er gert á hverju ári og koma þá athugasemdir frá þeim um hvað við þurfum að laga. Það kom ýmislegt í ljós og erum við búin að laga það sem hægt er en sumt verður að bíða þangað til næsta sumar.

Grunnskólalóð:

Öll leiktæki voru tekin í gegn og máluð. Fúavörn var borin á allar girðingar og skjólveggi. Beðin voru hreinsuð og allur gróður klipptur. Við gerðum eitt nýtt beð sem kom mjög vel út.

Fyrirhugað er að setja stóra steina og helluleggja í kringum þá við anddyri skólans þar sem átti einu sinni að vera beð en er bara drullusvæði. Kostnaður við þetta er um 400 þús.

Leikskólalóð:

Lóðin er nýleg og var ekki mikil vinna í umhirðu á beðum og gróðri. En það þurfti að bera á fúavörn á allar girðingar og einnig þurfti að mála leiktæki. Var matjurtargarðurinn stækkaður.

Við bjuggum til skjólvegg/ruslageymslu fyrir pappa við inganginn.

Það sem þarf að gera auk venjulegs viðhald er að halda áfram með að skipta um girðinguna en kostnaður við það er um 700 þús. kr. En það þyrfti ekki að grafa holur og setja staura því við getum fest hana á steiptan vegg sem gamla girðingin er á.

Ráðhúslóð:

Við lögðum heilmikla áherslu á að lóðin í kringum Ráðhúsið væri falleg. Þetta er stór lóð með miklum gróðri. Vinnuskólinn var mikið í beðunum að hreinsa og gera beðin fín. Næsta sumar ætla ég að bæta plöntum aðeins inn í gróðurinn þar sem vantar.

Það þarf að fara að huga að endurnýjun á pollunum sem eru við bílastæðin. Þeir eru margir hverjir orðnir skakkir eftir ákeyslur og eins er húðunin farin af á mörgum þeirra. Það væri gaman að setja nýja eins og á að setja í skrúðgarðinn. Kostnaður gæti verið um 500 þús.

Skrúðgarður:

Þar sem endurbætur á skrúðgarðinum hafa staðið yfir hefur aðallega verið slegið. Vinnuskólinn vann aðeins við hreinsun í beðum meðfram Hafnarbergi og það sem snéri að Ráðhúsinu. Þar var engu plantað fyrir utan það sem verktakinn gerði samkvæmt útboði. Það var eittrað fyrir maðki í sumar. Einnig var eittrað fyrir illgresi sem var nauðsynlegt þar sem það var orðið svo mikið að vinnuskólakrakkarnir réðu ekkert við það. Í vetur er ætlunin að klippa og grisja gróðurinn. Það þarf að gera heilmikið átak í klippingum. Undanfarin ár hefur gróðurinn einungis verið snyrtur. Ég ætlaði að halda áfram með girðinguna meðfram Hjallabrautinni eins og hefur verið sett meðfram Hafnarberginu. Það náðist ekki í sumar en ætlum að gera það í byrjun næsta sumars. Eins þarf að setja mold og fara svolítið vel yfir garðinn áður en hann verður opnaður formlega næsta sumar. Þá þarf að halda áfram að planta og fylla upp gömlu beðin með stökum runnum. Fá svolítið af litum í beðin. Ég hef rætt þetta við hana Hlín landslagsarkitekt og ætlum við að skipuleggja þetta í sameiningu.

Hreinsunarátak - Ruslahreinsun:

Á hverju vori er hreinsunarátak í sveitarfélaginu. Á meðan að á atakinu stendur fellur öll gjaldtaka niður. Þetta hefur gefist mjög vel og hafa fyrirtækin sérstaklega verið dugleg á að losa sig við rusl á gámasvæðið. Við höfum sent gáma frá Gámaþjónustunni í dreifbýlið til þeirra sem eru með mikið rusl. Þetta hefur gengið mjög vel en er kostnaðarsamt. En ég er á því að þó að það sé dýrt þá er nauðsynlegt að halda þessu áfram.

Ruslahreinsun í þéttbýlinu hefur Jón Karlsson sinnt eins og hann getur. Vinnuskólinn hefur líka farið í reglulegar ruslahreinsanir í fjöruna og um bæinn og í kringum hann. Í maíbyrjun fór grunnskólinn í ruslahreinsun um og við bæinn og nemendur hreinsuðu rusl sem safnast hafði saman í vetur. Fengu þau borgað fyrir sem þau nýttu í skólaferðalag.

Vinnuskólinn:

Vinnuskólinn var starfræktur með svipuðu sniði og undanfarin ár. Vinnuskólinn er mikilvægur í hverju sveitarfélagi. Bæði vinna unglíngarnir mjög þarft starf og einnig er nauðsynlegt að sjá þeim fyrir vinnu. Hér í Þorlákshöfn fá 13 ára krakkar vinnu sem er mjög gott, en sum önnur sveitarfélög taka ekki yngri krakka en 15 ára.

Börn fædd árið:	2002	2001	2000	1999
Heildarfjöldi í Þorlákshöfn	26	25	18	31
Fjöldi í vinnuskóla	22	23	16	10
Hlutfall	85%	92%	89%	32%

Vinnuskólinn var starfræktur frá 9. júní til 14. ágúst. Í ár var fjöldi unglíngna um 70 sem er meira en helmings aukning frá því í fyrra. Yngstu krakkarnir (árg. 2002) unnu 4 tíma fyrir hádegi og luku vinnu 7. júlí. Flestir hættu fyrir verslunarmannahelgina en um 10 krakkar úr elstu árgöngunum unnu áfram.

Farið var í fræðsluferð í Grasagarðinn í Laugardal þar sem unglíngarnir fengu fræðslu um íslenska náttúru og meðferð hennar. Síðan var farið í Húsdýragarðinn þar sem grillaðar voru pylsur. Krakkarnir voru ánægð með fræðsluna og ferðina.

Markmiðið var að reyna að fá unglíngana til að meta og virða náttúruna betur.

Skemmtiferðin var farin 22. júlí til Reykjavíkur í Smáralindina þar sem farið var í skemmtigarðinn, lasertag og bíó. Krakkarnir voru mjög ánægð með ferðina.

Helstu verkefni vinnuskólans voru beðahreinsun, plöntun, málningarvinna á leikvöllum og götu- og gangstéttahreinsun. Einnig þökulögðu þau heilmikið í sumar.

Ég var með þrjá flokksstjóra og einn yfirflokksstjóra. Krakkarnir og flokksstjórnarnir stóðu sig mjög vel í sumar og eiga mikið hrós skilið. Einnig hjálpaði veðrið til en veðrið í sumar var mjög gott eftir tvö erfið rigingasumur þar á undan.

Þjónusta við íbúa sveitarfélagsins:

Í sumar eins og undanfarin ár hefur sveitarfélagið slegið, borið á áburð og hreinsað beð fyrir eldri borgara og öryrkja sem þess hafa óskað. Það er mín skoðun að það eigi að hætta eða breyta þessari þjónustu. Ef við ætlum að halda áfram þá verðum við að taka gjald fyrir t.d. 5 þús fyrir hvern slátt. Þetta er orðið svo mikið að það þarf að ráða sérstakan hóp sem væri bara í þessum verkefnum. Þá þarf fleiri slátturvélar o.s.frv. Umhirðan á opnum svæðum situr á hakanum því starfsfólk er að vinna í einkagörðum. Þá er sveitarfélagið í samkeppni við verktaka.

Það eru strákar hérna í Þorlákshöfn sem bjóða uppá slátt og hreinsun gegn sanngjörnu verði og væri það ekkert vitlaust að benda á þá. Einnig eru alltaf einhverjir sem misnota svona þjónustu, af því að „þeir eiga rétt á þessu“.

Ég hef rætt við kollega mína hjá öðrum sveitarfélögum og það eru allir hættir að bjóða uppá þessa þjónustu. Þeir benda á aukin mannafla og tækjakost, misnotkun á ýmsan hátt, önnur verkefni sitja á hakanum o.fl. Sumstaðar fer þessi þjónusta í gegnum félagsmálakerfið sem niðurgreiðir slátt til verktaka

Landgræðslumál:

Í sumar fengum við um 7000 plöntur í landgræðsluskógaverkefnið. Var það aðallega birki, en einnig lerki, greni, stafafura, víðir og alaskaösp. Krakkarnir í vinnuskólanum plöntuðu öllum plöntunum á einum degi. Voru notaðir plöntustafir sem keyptir voru í fyrra en einnig voru notaðar skóflur þar sem krakkarnir mokuðu holu og settu svo hestaskí með. Svo voru nokkrir sem báru áburð á eldri gróður. Þetta gékk allt mjög vel og voru krakkarnir ánægðir með daginn.

Meiningin var að halda skógræktardag þar sem starfsfólk sveitarfélagsins kæmi einn seinnipart og gróðursetti plöntur upp á sandi. Síðan yrði grillað og haft gaman á eftir. Það náðist ekki að gera þetta í sumar en fyrirhugað er að gera það næsta sumar.

Í sumar var okkur boðið að hirða um 100 gamlar heyrúllur frá Hvoli í Ölfusi. Steini Guðna sótti þær fyrir okkur og settum við þær í skörð í Kampinum við Golfvöllinn. Þetta kemur vel út og væri gott að halda því áfram þegar það býðst.

Garðlönd Þorlákshafnar:

Í sumar voru garðlönd í boði fyrir íbúana í þriðja sinn. Sett var meiri mold í garðinn og settum við brennistein í líka til að stilla hann í rétt sýrustig og allt tætt saman, en í hittifyrra var keyrður sandur, mold og hænsnaskítur í beðin. Voru 10 reitir í boði hver um 24m², eða 3x8 m. Allir þessir 10 reitir flugu út strax, og fengu færri en vildu. Það er spurning hvort það eigi að hvíla garðana í eitt ár vegna kláða. Kláði orsakast af ýmsum sveppum eða bakteríum sem leggjast á hýði kartöflunnar. Ef sýrustig jarðvegsins er of hátt (of mikið kalk í jarðvegi) eða of lágt geta sveppirnir myndað hrúður. Hægt er að mæla sýrustigið með s.k. ph mæli, en rétt sýrustig er um ph 5.5. Skiptiræktun er einnig góð leið til að

koma í veg fyrir kláða. Þá eru kartöflur ræktaðar í t.d. 2 ár í senn í sama beðinu og svo ræktaðar í nýju beði. Mikilvægt er að velja smitfrítt útsæði, en útsæði getur borið smit í sér.

Umhverfisverðlaun 2015:

Miðvikudaginn 16. September, á Degi náttúrunnar, voru afhent verðlaun fyrir fallegustu garðana í sveitarfélaginu, annars vegar í þéttbýli og hins vegar í dreifbýli. Fór athöfnin fram í skrúðgarðinum í Þorlákshöfn. Það er mín skoðun að ef Hafnardagar verða færðir til ágústmánaðar þá væri sniðugt að afhenda þessi verðlaun í tengslum við þá. Þá eru garðarnir ennþá fallegir svo hægt væri að bjóða fólki að skoða garðana. Hugmyndin er að auglýsa garðana, sem voru tilnefndir núna, næsta sumar svo fólk geti skoðað þá.

Var óskað eftir tillögum frá íbúum sveitarfélagsins. Bárust þónokkrar tillögur og valdi umhverfisnefnd eftirfarandi:

Finnsbúð 9. Sigríður Sveinsdóttir og Sigurður Bjarnason

Einstaklega fallegur, vel hirtur og snyrtilegur garður. Skemmtilegur og vel skipulagður. Aðkoman er mjög falleg. Um er að ræða garð í nýju hverfi sem er vel uppbyggður og snyrtilegur.

Klettagljúfur 11. Jóhanna Sigurey Snorradóttir og Árni Sveinsson

Mjög fallegur og snyrtilegur.

Þarna er nýr garður sem er í uppbyggingu og hefur tekist vel til.

Tækjakostur:

Þéttbýlið hefur stækkað mikið á síðasta áratug og vaxandi þörf er fyrir stærra fjölnota tæki. Slíkt tæki væri hægt að nota við snjómokstur á gangstígum á veturna og eins til að sópa götur. Við fengum nýjan sláttutraktór, eina handsláttuvél og tvö ný orf í sumar.

Í framtíðinni þarf að fjárfesta í svipuðum traktór og er til á golfvöllinum. Þá þarf að kaupa sláttuvagn (sjá mynd). Ef þetta væri gert þá hefðum við tæki sem myndi nýtast í slátt á sumrin og svo í snjómokstur á veturna. Svona vélar eru sveitarfélögin að nota. Núna í haust eru t.d. Árborg og Reykjavík að fjárfesta í svona tækjum. Ef keypt eru ný tæki þá gæti kostnaðurinn verið um 15 m.kr. En það er líka hægt að kaupa notuð tæki og þá væri hægt að lækka kostnaðinn verulega. Þá væri hægt að fá traktór og sláttuvagn á samtals um 5 m.kr.

Einnig þarf að fjárfesta í minni sláttutækjum s.s. orfum og handsláttuvélum eins og loftpúðavél til að nota á manir og hóla.

Umhverfi íbúa aldraðra:

Gróður sem gróðursettur var á Mánabraut 2014 var endurnýjaður að hluta til núna í sumar. Einnig var bætt í mold og uppbindingar lagaðar.

Hef ég áhuga á að gróðursetja mun meira á þessu svæði (Mánabraut, Sunnubraut og Egilsbraut 9). Það þarf að búa til skjól og fegra umhverfið.

Framtíðarsýn

Við eigum mjög fallegan og snyrtilegan bæ og þurfum að halda áfram að hugsa vel um hann. Halda áfram að gróðursetja og gera bæinn ennþá fallegri og meira aðlaðandi. Hefur fólk komið til mín og


hrósað okkur fyrir vel unnin störf hér í bænum í sumar sem er mjög ánægjulegt. Maður vill að íbúarnir séu ánægðir. En þá þarf maður líka að halda vinnunni áfram og gera enn betur og hlusta á íbúana. Eins þarf að hvetja og virkja íbúana sjálfa til að hjálpa okkur t.d. með því að hreinsa illgresi og gras sem vex upp á milli stéttar og lóðagarðs. Ef allir gerðu þetta við sína lóð væri það frábært.

Það eru hugmyndir um að planta trjám (borgartré) meðfram Selvogsbrautinni sem mun setja mikinn svip á götumyndina. Kostnaður er áætlaður 1.3 m.kr. Svo þegar framkvæmdum við innkomuna í bæinn verður lokið breytist ásýndin verulega. Íbúar í Búðahverfi hafa haft samband við mig og óskað eftir því að það verði gróðursettur gróður á milli Klébergs og Búðahverfis (sjá mynd). Þarna væri gaman að prufa hinar ýmsu tegundir bæði stærri tré og minni runna. Höfum við Helga í Kjarri svolítið verið að skoða þessi mál.

Göngustígakerfið hér í Þorlákshöfn er mjög gott og eru stígarnir yfirleitt malbikaðir eða hellulagðir. Er ætlunin að klára göngustíginn á milli botnlanga í Básahrauni á næsta ári. Verður hann hellulagður eins og hinir stígarnir í Básahrauni. Kostnaður um 450 þús. Einnig þarf að klára að ganga frá göngustígum í Búðarhverfi en þeir eru malbikaðir og er áætlaður kostnaður um 4 m.kr.

Davíð Halldórsson
Umhverfisstjóri Ölfuss

Þróun reksturs atvinnumála




Almennt um atvinnumál

Sveitarfélagið er aðili að Markaðsstofu Suðurlands. Markmið með þátttöku í Markaðsstofu Suðurlands er að koma sveitarfélaginu betur á framfæri við ferðamenn bæði innlenda og erlenda. Taka þátt í sameiginlegri markaðssetningu á Suðurlandi og koma starfsemi sveitarfélagsins og íbúa betur á framfæri. Unnið verður áfram að kynningu á sveitarfélaginu fyrir fjárfesta eins og verið hefur á mörgum síðustu árum.

Með tilkomu Suðurstrandarvegar hefur opnast möguleiki á að nýta landið fyrir vestan Þorlákshöfn undir iðnaðarstarfsemi stóra sem smáa.

Stærsti einstaki liðurinn í rekstri atvinnumála er þátttaka í fjallskilum, rekstur fjárrétta og fjárgirðinga. Þá er leggjur sveitarfélagið til fjárframlag til atvinnuþróunar á samstarfssvæði sunnlenskra sveitarfélaga eins og önnur sveitarfélög innan SASS.

Þróun sameiginlegs kostnaðar



Núverandi staða

Undir málaflokkinn heyra eftirfarandi deildir (liðir) í bókhaldi; bæjarstjórn, endurskoðun, lögfræðiaðstoð, bæjarskrifstofur, innheimtukostnaður, móttökur, ýmis útgjöld (styrkir), starfsmannakostnaður, kjarasamningar, SASS, Héraðsnefnd Árnesinga og kosningar. Stærsti einstaki rekstrarliðurinn í málaflokknum eru bæjarskrifstofurnar, þar á eftir er bæjarstjórn en aðrir liðir eru minni að sniðum. Kynning sveitarfélagsins hefur verið eitt af verkefnum sem undir þennan málaflokk heyra en mjög ómarkvisst hefur verið staðið að því verkefni. Með þeirri breytingu sem gerð var á starfsheiti menningarfulltrúa og heiti menningarnefndar á árinu 2015 munu kynningarmálin að stærstu leyti færast undir verksvið þess málaflokks. Eftir breytingu ber nefndin yfirskriftina menningar- og markaðsnefnd og starfsheiti forstöðumanns er menningar- og markaðsfulltrúi.

Undir bæjarstjórn fellur allur kostnaður við hana, s.s. laun kjörinna fulltrúa, akstur og annar kostnaður. Kjörnir fulltrúar eru sjö, sem fá föst laun en varamenn frá greidd laun fyrir fundi sem þeir sitja.

Stöðugildi á bæjarskrifstofu er þrjú auk bæjarstjóra; bæjarritari, deilarstjóri launadeildar og skrifstofumaður. Til viðbótar þessu er hlutfallslegt stöðugildi í ræstingu. Á bæjarskrifstofum er m.a. haldið utan um fjármál sveitarfélagsins, bókhald, móttöku, skráningu og greiðslu reikninga og áætlanagerð. Launavinnsla fyrir sveitarfélagið er í höndum starfsmanna bæjarskrifstofu, símsvörun, móttaka viðskiptavina, móttaka og frágangur erinda sem sveitarfélaginu berast. Þessi upptalning er ekki tæmandi en gefur ágæta sýna á það mikla starf sem fram fer á bæjarskrifstofunum en starfsemin nær til allra deilda og stofnana sveitarfélagsins.

Til viðbótar því starfsfólki sem heyrir undir rekstur skrifstofunnar eru þar starfandi forstöðumaður skipulags-, byggingar og umhverfissviðs og félagsráðgjafi sem heyrir undir velferðarsvið þó viðkomandi sé ekki eiginlegur starfsmaður Skóla- og velferðarþjónustu. Á árinu sameinuðust starfsmenn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings í vinnuaðstöðu í Hveragerði og flutti þá kennsluráðgjafi á vegum þjónustunnar starfsstöðina sem hér var. Ein skrifstofa er því laus og reyndar er í heild laus vinnuaðstaða fyrir allt að fjóra starfsmenn á skrifstofunni. Starfsfólk skrifstofunnar veitir þeim starfsmönnum sem heyra undir önnur svið en hafa starfsaðstöðu á skrifstofunni ýmsa þjónustu og sér t.a.m. um alla símsvörun og móttöku viðskiptavina til þessara aðila.

Þann 1. desember sl. voru 148 einstaklingar starfandi hjá sveitarfélaginu í 119 stöðugildum. Í sumar voru 84 ungmenni og 4 flokksstjórar í vinnuskólanum auk 14 einstaklinga í sumarstörfum á vegum þjónustumiðstöðvar. Það sem af er ári hafa 75 einstaklingar fengið greidd nefndarlaun hjá sveitarfélaginu. Það sem af er árinu 2015 hafa 326 einstaklingar fengið greidd laun hjá sveitarfélaginu og er þá allt til tekið.

Framtíðarsýn

Miðað við óbreytta samsetningu á Sveitarfélaginu Ölfusi er ekki að vænta mikilla breytinga á fyrirkomulagi málaflokksins og rekstur bæjarskrifstofanna. Það er hins vegar ljóst að bæjarskrifstofurnar eru undirmannaðar, ýmis verkefni sitja á hakanum og starfsfólk á erfitt með að skipuleggja frí þar sem staðgengla skortir til að leysa þá af. Þau verkefni sem helst sitja á hakanum eru skjalavistun, eftirfylgni verkefna, uppfærsla heimasíðu og almenn framtíðarsýn.

Á síðustu árum hafa orðið miklar tækniframfarir sem snúa að utan um haldi verkefna á bæjarskrifstofum, s.s. bókhaldi, launavinnslu, skjalavistun og funda utanumhaldi. Þetta hefur leitt af sér fækkun stöðugilda á skrifstofunni en á móti hafa kröfur aukist mikið á sviði upplýsingagjafar og umsvif sveitarfélagsins hafa vaxið verulega. Fleiri breytingar á tæknilegu umhverfi hafa verið gerðar sem snúa að rekstri sveitarfélagsins í heild. Samningur var gerður við Gagnaveitu Reykjavíkur um lagningu s.k. bæjarnets en með því eru starfsstöðvar sveitarfélagsins tengdar saman með ljósleiðara, að undanskilinni höfninni en hún tengist kerfinu með örbylgju. Gerður var á árinu 2015 samningur við TRS um utanumhald og rekstur tölvu- og upplýsingarkerfis sveitarfélagsins og samningur við NOVA um símaþjónustu. Áður hafði þessi þjónusta öll verið á hendi Símans til þó nokkurra ára. Þessi breyting öll gerir það að verkum að hægt er að hafa eina sameiginlega nettengingu og eitt sameiginlegt innra kerfi fyrir alla starfsemi sveitarfélagsins og á það við um gagnavistun og samskipti. Hægt er að vera með allar starfsstöðvar á sömu símsstöðinni og því er hægt að deila verkefnum á milli stofnana og starfsfólks með öðrum hætti en mögulegt hefur verið áður. Unnið verður í því á árinu 2016 að virkja þá jákvæðu möguleika sem þessar breytingar hafa í för með sér.

Sýnt er að fjölga þurfi stöðugildum á skrifstofunni. Líklegt er að 50% starf ritara myndi breyta miklu í vinnuumhverfi skrifstofunnar. Ýmis verkefni sem starfsfólk skrifstofunnar vinnur krefjast einbeitingar og nákvæmni. Má þar nefna launavinnslu, móttöku og skráningu erinda og skráningu og greiðslu reikninga. Ritari sem sæi um símsvörun, móttöku viðskiptavina og kæmi að verkefnum við skjalaskráningu myndi hafa verulega jákvæð áhrif á vinnuumhverfi alls starfsfólks skrifstofunnar og vonandi verða til þess að starfsfólk komist yfir verkefni líðandi stundar ásamt því að geta unnið að stefnumarkandi málum. Skrifstofa sveitarfélagsins þjónustar allar stofnanir og málaflokka sveitarfélagsins og því er ekki óeðlilegt að horft sé til samstarfs um þessi verkefni ef t.a.m. hægt er að samnýta starfsfólk. Rætt hefur verið um að víða innan stjórnsýslunnar sé utanumhaldi skjala ábótavant og gæti þessi ráðstöfun orðið til þess að árangur næðist t.a.m. við vistun skjala sem snúa að skipulags- og byggingarmálum.

Rætt hefur verið um að gera breytingar á skipuriti sveitarfélagsins og starfsemi einstakra stofnana þannig að starfsumhverfi þeirra starfsmanna sem undir breytingarnar falla verði skilvirkara. Slík breyting er ekki síður ætluð til þess að nýta starfskraft og húsnæði betur með það að markmiði að leggja aukinn kraft í verkefni sem setið hafa á hakanum. Í þessu sambandi er rétt að nefna símsvörun og skjala utanumhald auk markaðs- og kynningarmála. Á fundi menningar- og markaðsnefndar í nóvember var m.a. fjallað um mögulega samruna bæjar- og skólabókasafns. Nokkrar ástæður liggja til grundvallar því að þetta er til skoðunar, en þar er fyrst að nefna samnýtingu á bókakosti og starfsfólki en einnig að geta notað það húsnæði sem bæjarbókasafnið er í undir aðra starfsemi. Menningarnefnd styður það að verkefnið verði skoðað áfram af yfirvegun og opnum hug. Ef til þessa kemur skapast svigrúm hjá starfsmönnum þessara stofnana til annarra verkefna en þeir áður hafa sinnt.

28. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Almennt um fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Málaflokkurinn fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er eins og á síðastliðnu ári nokkur óvissuþáttur í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Framvinda í efnahagsmálum þjóðarinnar gerir það að verkum að erfitt er að gera áætlun fyrir þennan málaflokk sem byggir á öruggum forsendum.

Gert er ráð fyrir 3,2% verðbólgu á árinu.


Undir málaflokkinn heyrir einnig arður af hlutabréfum s.s. frá Lánasjóði sveitarfélaga og framlög frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands.

31. EIGNASJÓÐUR

Eignir sem falla undir Eignasjóð

Eign	Stærð	Byggingarár
Slökkvistöð Þorlákshafnar	176,7	1989
Jörðin Þorlákshöfn		
Gatnakerfi		
Eyjahraun 8	128,2	1973
Aðrar fasteignir		
Búnaður í íþróttahús		
Grunnskólinn í Þorlákshöfn – Egilsbraut 35	4.023,9	1969-2006
Grunnskólinn í Hveragerði		
Leikskólinn Bergheimar – Hafnarberg 32	947,4	1983-2014
Leikskólar Hveragerði		
Íþróttahús Þorlákshafnar – Hafnarberg 41	1.756,2	1992
Sundlaug Þorlákshafnar – Hafnarberg 43	2.206,3	2008
Golfvöllur Þorlákshafnar		
Þorláksvöllur – Vallarhús, Hafnarberg 45	141,7	2008
Háaleitisvöllur		
Tjaldstæði Skálholtsbraut		
Hafnarberg 1 – Ráðhús	2.390,2	2000

Þróun reksturs Eignasjóðs



Almennt um Eignasjóð


Sú meginregla gildir að fasteignir sveitarfélaga eru færðar í sjálfstæða rekstrareiningu innan A-hluta sveitarfélagsins og er þessum eignasjóði ætlað að sjá um rekstur, nýbyggingar, kaup eða sölu eigna í umboði bæjarstjórnar. Eignasjóður leigir fasteignir til rekstrareininga sveitarfélagsins samkvæmt þörfum viðkomandi einingar og innheimtir svokallaða innri leigu í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber. Meðal annars er tekið mið af afborgunum lána, vöxtum, afskriftum, viðhaldi og fasteignagjöldum.

Markmiðið með eignasjóði er að gera rekstrarkostnað fasteigna sveitarfélagsins sýnilegri og að sérhver rekstrareining beri þann raunkostnað sem af henni stafar.

Fjárfestingar, viðhald og rekstur

Í sundurliðaðri fjárfestingar- og viðhaldsáætlun sveitarfélagsins má sjá skýringar og fjárhæðir við allar helstu framkvæmdir sem ætlaðar eru varðandi fasteignir eignasjóðs á árinu 2016. Einnig má sjá allar áætlaðar rekstrartölur í sundurliðaðri fjárhagsáætlun.

Þróun reksturs Þjónustumiðstöðvar



Starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar:

Núna eru 5 fastráðnir heilsársstarfsmenn í Þjónustumiðstöðinni, í vor var starf „Umsjónarmanns grænna og opinassvæða“ gert að heilsárs starfi og starfsheitinu breytt í „Umhverfisstjóri Sveitarfélagsins Ölfus“. Auk þess að sjá um umhirðu og uppbyggingu grænna og opinna svæða, sér hann um Vinnuskólann, viðhald og uppbyggingu leiksvæða og uppgræðsluverkefni, t.d. var unnið að því að reyna að hefta sandfok úr kambinum í sumar.

Í byrjun október ákvað einn af fastráðnu starfsmönnum, sem er kominn er fast að sjötugu, að minnka starfshlutfall sitt og vannur hann því núna frá 13.00 – 18.15 virka daga og annan hvorn laugardag frá 13.00 – 16.00 og einskorðast starf hann við að aðstoða fólk á móttökusvæðinu fyrir sorp að flokka það sem best til að sem mest fari til endurvinnslu og sem minnst fari til urðunar.

Í síðustu fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir því að auk þess að gera starf „Umsjónarmanns grænna og opinassvæða“ að heilsársstarfi átti að auglýsa annað heilsársstarf við Þjónustumiðstöðina, til að sá starfsmaður sem ráðinn yrði nýtist sem best fyrir okkur var óskað eftir að hann væri með iðnmenntun í pípuögnum auk þess að vera með meirapróf og vinnuvélaréttindi, því að í mörgum stofnunum Sveitarfélagsins er mjög flókinn og sérhæfður lagnabúnaður, sérstaklega í Íþróttamiðstöðinni (lagnakjallara sundlaugarinnar), einnig mundi sparast mikil aðkeypt vinna fyrir stofnanirnar ef ráðinn yrði pípari. Þetta starf var auglýst í vor samhliða starfi garðyrkjumanns og barst ein umsókn um starfið en ekki hefur enn náðst samningar við þann aðila og er aðal ástæða þess þau laun sem í boði eru fyrir starfið.

Í sumar störfuðu í Þjónustumiðstöðinni ungmenni á aldrinum 16 – 21 árs við slátt á grasi og lúpínu auk annara tilfallandi starfa, sum þeirra eru með skerta starfsgetu vegna fatlana og kom hluti þeirra til okkar í gegn um félagsþjónustuna, mikilvægt er að með þeim sé flokkstjóri sem er vanur/vön að vinna með börnum með, í ár gekk þetta mun betur en í fyrra. Við Vinnuskólann sem rekinn var undir Þjónustumiðstöðinni störfuðu í sumar 4 flokkstjórar og fjöldi barna og ungmenna í mislangan tíma.

Eitt af þeim verkefnum sem fyrir liggja varðandi starfsmannamál er að skilgreina betur, t.d. í betri starfslýsingum, hvaða föstu verkefnum hverjum starfsmanni er ætlað að sinna og skerpa á því að miðað við núverandi starfsmannahald hjá Þjónustumiðstöðinni eru takmörk fyrir því hvaða verkefnum Þjónustumiðstöðin getur sinnt og hvernig beiðnir koma til okkar, ég hef talað mikið um að ég vilji að

allar beiðnir komi til okkar skriflega og með einhverjum lágmarks fyrirvara, til að við getum skipulagt okkur eitthvað, en eins og þetta er núna þá hringja forstöðumenn stofnananna, eða hinn og þessi starfsmaður, út og suður í hinn og þennan og menn hendast fram og til baka að reyna að slökkva elda út um allt og allir eru mis ánægðir. Auðvitað koma upp óvænt tilvik þar sem bregðast þarf fljót við en mér finnst ótrúlegt að það séu nánast bara svoleiðis aðstæður því að í þessum fáu skriflegu beiðnum sem við fáum, stendur að vinna þurfi verkið „STRAX“.

Fleiri atriði þarf að skoða td. hvernig á sumarafleysingum fyrir fastráðna starfsmenn að vera háttáð?

Og einnig höfum við aðeins rætt hvort ekki sé eðlilegt að samrýma vinnutíman í þjónustumiðstöðinni að því sem er í öðrum stofnunum sveitarfélagsins, starfsmönnum hér lýst ágætlega á það en höfðu áhyggjur af því að þeir gætu orðið fyrir skerðingu á heildarlaunum sem þeir ættu erfitt með, hugsanlega mætt gera þetta í áföngum en ég held að við ættum að stefna á þetta enda er þetta í anda nútíma starfsmannastefnu þar sem fólk er gert mögulegt að verja tíma með fjölskyldunni og sinna áhugamálum.

Helstu verkefni

Starfsemi Þjónustumiðstöðvarinnar er víðtæk og nær líklega til allra deilda sveitarfélagsins, a.m.k. þar sem um notkun fasteigna eða opinna svæða er að ræða. Helstu verkefni eru eftirfarandi:

- Rekstur á vatnsveitu og fráveitu fyrir þéttbýlið í Þorlákshöfn og rekstur á Vatnsveitunni Berglindi sem sér bæjum í dreifbýlinu sunnan Þjóðveggar 1 frá Völlum að Þórústöðum fyrir neysluvatni (og slökkvivatni) auk þess að þjóna Gljúfurbyggð.
- Umsjón og rekstur á götum, gangstígum, leikvöllum og opnum svæðum í þéttbýlinu í Þorlákshöfn, ss. snjómokstur, hálkuvarnir, grassláttur, umhirða á trjábeðum og hreinsun á rusli sem liggur á víðavangi.
- Rekstur á gámasvæðinu í Þorlákshöfn og umsjón með jarðvegstípp á Hafnarsandi.
- Umsjón og rekstur á Vinnuskólanum í Þorlákshöfn.
- Umsjón með lögbundnum tæmingum á rotþrómi í sveitarfélaginu.
- Ýmis þjónusta við stofnanir sveitarfélagsins sérstaklega verkefni sem lúta að viðhaldi fasteigna.
- Ýmislegt minniháttar viðhald á fasteignum sem heyra undir félagsþjónustuna og Eignarsjóð sveitarfélagsins, auk þess að útvega iðnaðarmenn í meiriháttar viðhald.
- Aðstoð við umsjón með framkvæmdum sem í gangi eru í sveitarfélaginu.
- Ýmis þjónusta við íbúa sveitarfélagsins, s.s. garðsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja.
- Eftirlit með hunda- og kattahaldi.

Verkfæri og tæki

Í vor var traktorsgrafa Sveitarfélagsins endurnýjuð og töluverð endurnýjun var líka gerð á sláttuvélunum hjá okkur, mikil ánægja var með þetta framtak en til að koma þessum málum í sem bestan farveg þarf að setja upp plan um endurnýjun annara tækja og um að kaupa ný tæki sem auka þjónustu við bæjarbúa, t.d. myndi liðstýrð smávél nýtast okkur vel við ýmislegt s.s. sópa plön og gangstíga, dreifa sandi/salti til hálkuvagnar, moka snjó af plönum og gangstéttum, ýmsa snúninga í kringum garðyrkjastörf, o.fl.

Einnig er mikilvægt að halda áfram að endurnýja og kaup ný smáverkfæri sem tengjast þeirri viðhaldvinnu og nýframkvæmdum sem við erum að vinna fyrir stofnanir sveitarfélagsins, t.d. hef ég áhuga á að kaupa lítinn snigil til stíflulosunar, öflugra háþrýstidælu með bensínmotor o.fl.

Fasteignaviðhald

Í haust var unnið við að mála Þjónustumiðstöðvarhúsið að utan en vegna óhagstæðs veðurfars náðist ekki að klára verkið en þó náðist að klára að mála steypa fleti að mestu en töluvert af tréverkinu er ennþá eftir, en áður en hægt er að mála glugga þarf að skipta út glerlistum, hluta opnanlegra faga og þeim rúðum sem komnar eru með móðu á milli glerja. Einnig voru fyrirhugaðar framkvæmdir innandyra t.d. að útbúa aðstöðu til að geyma efni og varahluti fyrir Vatnsveituna, en það er hluti af hreinlætiskröfum sem gerðar eru, þessar framkvæmdir eru ekki komnar af stað (of mörg verkefni fyrir þann mannskap sem við höfum og áætlunin leyfir ekki að ráðnir séu verktakar í verkið), en ef hægt er þá förum við að stað með þetta í vetur. Í haust var farið í framkvæmdir í því rými sem Orkuveita

Reykjavíkurl leigir í Þjónustumiðstöðinni, sett var upp millihurð til að starfsmaðurinn sem vinnur þar geti lokað að sér þegar hún er að sinna símsvörum og eins til að hún geti læst inn pappír og búnað OR. Því stundum eru við að skemma frá og þá er húsið opið og mannlaust. Þessar framkvæmdir voru ekki á fjárhagsáætluninni en komu til vegna endurnýjunar á leigusamningnum við OR.

B-HLUTA FYRIRTÆKI

B-hluta fyrirtæki sveitarsjóðs eru:

Þorlákshöfn

Vatnsveita Þorlákshafnar


Íbúðir eldri borgara

Uppgræðslusjóður Ölfuss


Félagslegar íbúðir

Fráveita Ölfuss

Þróun framlaga til B-hluta stofnana



Þróun tekna og gjalda Þorlákshafnar



Núverandi staða

Hafnarstjórn ásamt hafnarstjóra fer með málefni Þorlákshafnar í umboði bæjarstjórnar. Hjá Þorlákshöfn eru þrír starfsmenn auk hafnarstjóra; 2 hafnsögumenn og einn hafnarvörður. Þá er einnig einstaklingur á launaskrá í hlutastarfi vegna ræstingar og einn í hlutastarfi seim vélstjóri á dráttarbátnum Ölver.

Hafnarstjóri sinnir daglegum rekstri hafnarinnar auk þess að koma að vinnu við stefnumarkandi verkefni sem hafa það að markmiði að auka umsvif hafnarinnar. Starfsmenn hafnarinnar sjá um vigtun alls afla sem um höfnina fer auk vöruvigtunar, s.s. á vikri. Þeir sjá um móttöku skipa og báta og sjá um að raða þeim niður á stæði í höfninni. Haldið er utanum bókahald komu, legu og brottfara skipa. Þá veita starfsmenn ýmsa þjónustu, s.s. afgreiðslu á rafmagni og vatni til skipa og utanumhald á rafmagnsnotkun. Þrif og viðhald á hafnarsvæðinu er í verkahring starfsmanna.

Höfnin á og rekur lóðsbátinn Ölver. Hlutverk bátsins er að flytja hafnsögumann til og frá stærri skipum auk þess sem báturinn er til aðstoðar stærri skipum sem um höfnina fara, s.s. með að hjálpa þeim að og frá bryggju. Báturinn er einnig mikið öryggistæki fyrir sjófarendur við Suðurströndina. Leitast verður við og fá dráttarverkefni fyrir Ölver til að auka tekjur fjárfestingarinnar sem liggur í dráttarbátnum. Auk fastráðinna starfsmanna við höfnina er í dag lausráðinn vélstjóri í áhöfn bátsins eins og áður var vikið að.

Í gildi er samningur milli sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar þess efnis að Þorlákshöfn verði varahöfn Herjólfss. Vegagerðin greiðir fast gjald til hafnarinnar árlega til þess að viðhalda þeim mannvirkjum sem tengd eru komum Herjólfss auk hafnargjalda sem innheimt eru af komum skipsins og greidd eru af rekstaraðila skipsins. Gildistími þessa samnings var til loka ársins 2014. Samningurinn var uppfærður samkvæmt vísitölu árið 2015. Auk þess var innheimt gjald fyrir stöðu sorpgáms þá mánuði sem gámurinn var staðsettur við hafnaraðstöðu Herjólfss.

Framtíðarsýn

Eftirlit á hafnarsvæðinu

Mikil umferð er um hafnarsvæðið og nauðsynlegt er, bæði vegna öryggis og markaðssetningar, að koma upp myndavélaeftirlitskerfi við höfnina. Slíkt verkefni gæti verið unnið í samstarfi vegna myndavélaeðingar hjá sveitarfélaginu. Við dýpkun hafnarinnar árið 2015 var grafinn upp bíll sem saknað hafði verið frá árinu 2012. Leiða má líkum að því að myndavélaeftirlitskerfi hefði leyst þetta mál. Borið hefur á því að stolið hefur verið úr bátum, s.s. trillum sl. vor en myndavélar hefðu hugsanlega komið í veg fyrir slíkt eða hjálpað til við að upplýsa það mál.

Efling hafnarinnar

Lengi hefur verið stefnt að því í Þorlákshöfn og á Suðurlandi að hafnaraðstaðan í Þorlákshöfn verði gerð nothæf til stórflutninga og sem slík hæf til að þjóna stóriðju sem reist yrði í hennar nágrenni. Með breyttum áherslum í atvinnuuppbyggingu á svæðinu, hafa áform um stækkun hafnarinnar ekki breyst í eðli sínu, heldur tilgangurinn. Nú er ekki lengur horft til stóriðju sem hina endanlegu lausn í atvinnumálum og ástæðu fyrir fjárfestingu í hafnarframkvæmdum. Miklu fremur er nú horft til þess að auka til muna þjónustuhæfni við þá atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar á nær- og fjarsvæðinu á Suðurlandi og stór-Reykjavíkursvæðinu og að vaxa með þeirri starfsemi í samhæfðum áföngum. Enn fremur ber að taka tillit til framþróunar í vöruflutningum, flutningaskipin eru orðin stærri, stjórnækin nákvæmari og þarfar viðskiptavina skipafélaganna eru sífellt að breytast t.d. vegna þróunar í umbúðum, kælitækni og neysluvenjum.

Hafnarstæðið er erfitt viðureignar af náttúrulegum ástæðum og því ráðlegt að þróa höfnina í áföngum með hliðsjón af því og þeim markaðsaðstæðum sem núverandi og væntanlegir notendur hafnarinnar búa við. Fyrirsjáanlegt er að erfitt verður að eiga við öldu- og sogahreyfingar innan hafnarinnar og í innsiglingunni ásamt ölduhæð utan hafnar og hönnun brimvarnargarða miðuð við það. Af þessum ástæðum er ekki hægt að draga upp nákvæma framtíðarsýn á hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn til lengri tíma lítið. Í þessari greinagerð verður farið yfir áætlaða næstu áfangafamkvæmd og þá möguleika sem sá áfangi kemur til með opna á. Þess ber að geta að þessi fyrsti áfangi felst að stórum hluta í eðlilegu og löngu tímabæru viðhaldi og endurnýjun núverandi hafnarmannvirkja.

Stækkun og viðhald

Mjög brýnt er orðið að leggja í viðhaldsframkvæmdir á hafnarmannvirkjum í Þorlákshöfn þar sem þau eru komin vel til ára sinna. Á Suðurvarargarði er steypt kerjabryggja frá árinu 1960 og Svartaskersbryggja var byggð árið 1974. Á elsta hluta Svartaskersbryggju eru þil bryggjunnar farin að tærast mikið og fylling farin að renna undan dekki hennar á all mörgum stöðum. Hætta er á að dekkið eða malbikið falli niður, þar sem holrúm hefur myndast undir bryggjunni.

Á grundvelli þessa ástands og hugmynda um hvernig auka megi notagildi og nýtingu hafnarinnar fyrir núverandi þjónustuþörf, hefur verið skoðað hvað hægt sé að framkvæma á tiltölulega skömmum tíma með viðráðanlegri fjárfestingu. Ef ráðist yrði í að vinna niður uppsafnað viðhald og samtímis þær nauðsynlegu framkvæmdir sem úttekt Vegarðarinnar tiltekur til að bæta öryggi hafnarinnar m.a. með því að dýpka og stækka höfnina svo hún geti tekið á móti stærri skipum en nú, myndi það nýtast öllu Suður- og Suðvesturlandi, fjölgja störfum, auka þjónustu og tekjur á svæðinu auk þess sem höfnin yrði samkeppnisfær valkostur fyrir hafnsækna starfsemi og fyrirtæki.

Bætt þjónusta, aukið öryggi og fjölgun atvinnutækifæra

Með framangreindum framkvæmdum, er áætlað að stærri skip geti athafnað sig innan hafnar sem opnar á möguleika á að fá inn stærri fragtskip en nú, skemmtiferðaskip sem alls ekki koma í dag og einnig stórar vöru- og fólksferjur. Auk þess sem þjónustugetan við núverandi viðskiptavinum myndi aukast verulega strax. Með og í þessum áfanga þarf og verða gerðar ítarlegar aðstöðurannsóknir og þannig lagður grunnur að raunsærri og skýrari framtíðarsýn á hafnaraðstöðuna, takmarkanir og möguleika. Kanna þarf mjög vel hvort hagkvæmt sé að grafa inn í landið austan við núverandi höfn aðstöðu fyrir hafskipahöfn og stytta Svartaskersbryggju um 50 metra til að skip komist inn fyrir núverandi höfn. Enn fremur eru umbætur og stækkun hafnarinnar mikilvægt öryggismál því hún er sú

eina á mjög stóru hafsvæði og verður að vera áreiðanlegur hlekkur í forvarnaráætlunum og björgunaraðgerðum.

Hér á eftir fer stutt yfirferð yfir þau skip sem hægt verður að þjónusta í Þorlákshöfn eftir þessa áfangastækkun hafnarinnar og dregnir upp þeir möguleikar sem það hefur í för með sér. Þær myndir sem hér eru dregnar fram eru grundvallaðar á viðræðum við rekstraraðila sem nýta höfnina í dag og aðra sem ekki geta það vegna aðstöðuleysis, en hafa sýnt því áhuga að koma til Þorlákshafnar ef hafnaraðstæður verða bættar.

Farþegaferjur

Nauðsynlegt verður fyrir Herjólf um ófyrirsjáanlega framtíð að hafa aðgang að ferjuaðstöðunni sem nú er í Þorlákshöfn. Ný ferja mun ekki breyta því þar sem Landeyjarhöfn er á kviku svæði árfarvega, sandburðar og sjávarstrauma. Enn fremur mun verða mögulegt að bjóða upp á beinar farþegaferjusiglingar milli Þorlákshafnar og Evrópu þar sem hægt verður að taka á móti skipum af sömu stærð og stærri en Norræna er nú. Slíkar ferjusiglingar hafa komið til umræðu en alltaf „strandað“ á getuleysi hafnarinnar.

Komum skemmtiferðaskipa til landsins hefur fjölgað sem og þeim höfnum sem þau fara inn á. Það samræmist stefnu stjórnvalda, og ábendingum Ferðamálastofu, sem hvatt hafa til þess að álagi af ferðamönnum verði betur dreift um landið til að vernda viðkvæm svæði. Til að ná tengingu við ferðaskipuleggjendur, hefur höfnin í Þorlákshöfn gerst aðili að samtökunum Cruise Iceland. Í fundargerð aðalfundar samtakanna sem haldinn var 23. maí 2014 kom fram í erindi Ágústar Ágústssonar stjórnarmanns og markaðsstjóra Faxaflóahafna, að þau skemmtiferðaskip sem koma séu að verða minni og að þannig skipum komi til með að fjölga. Samhliða þessari þróun séu siglingar umhverfis Ísland að verða vinsælli og því muni samkeppnisstaða minni hafna um komur skemmtiferðaskipa, breytast þeim í hag. Með stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn, munu meðalstór skemmtiferðaskip geta lagst að hafnargarði. Með því væri kominn til nýr og mjög vænlegur viðkomustaður þannig skipa á Íslandi. Hægt verður að bjóða upp á nýja áfangastaði, eins og suðurströndina til Skóga og Víkur, auk þess sem stutt er í vinsælustu viðkomustaði á Suður- og Suðvesturlandi, hinn svonefnda Gullna hring, Suðurnesin og Bláa lónið.

Vöruflutningar

Áhugi er á að koma á vöruferjusiglingum og hafa aðilar sem sigla frá Danmörku og Bretlandi sýnt áhuga að beina sínum ferjum til Þorlákshafnar á grundvelli styttri siglingatíma og fleiru. Með vöruferjusiglingum frá Þorlákshöfn til Evrópu á miðvikudagskvöldi væru vörur komnar á markað í Evrópu á mánudagsmorgni sem hentar sívaxandi eftirspurn eftir ferskvöru og lengir hillulíf. Enn fremur hafa bílaumboð og aðilar sem flytja stærri vélar og tæki milli landa, áhuga á að koma þeim í vöruferjur frekar en gámaskip, eins og gert er nú, sem skapar óhagræði og kostnað við flutning stærri tækja og véla. Með ferjusiglingum, s.k. RO/RO, væri hægt að keyra tæki og vélar beint að og frá borði.

Sjávarútvegur

Fiskútflutningsfyrirtæki í Þorlákshöfn og Grindavík sjá mikla möguleika í stækkun hafnarinnar og sú hagkvæmni sem af því leiddi myndi gera það að verkum að umsvif þeirra í Þorlákshöfn ykjast. Einnig opnuðust fleiri möguleikar og tækifæri sem ekki koma til tals nú vegna aðstöðuleysis. Fiskmarkaðurinn og Ísfélagið í Þorlákshöfn mun njóta góðs af auknum viðskiptum við fleiri og stærri skip sem vænta má að kæmu inn til löndunar á útskipunardegi til að hámarka ferskleika og minnka þannig akstur með afla. Einnig opnar þessi valkostur á að stærri frystitogarar geti umskipað í höfninni, til að mynda þau sem stunda veiðar á Reykjanes hrygg, skip Ramma hf. og skip Skinneyjar Pinganes hf.

Flutningaskip

Með stækkun hafnar opnast möguleiki fyrir komu stærri gámaflutningaskipa. Mikil eftirspurn er eftir gámaflutningum m.a. vegna fiskútflutnings. Með útflutningi frá Þorlákshöfn í stað Reykjavíkur sparast aksturskostnaður fyrir þá sem keyra að austan og að vestan frá Reykjanesi og styttest tíminn frá fiskiskipi til útskipunar. Þannig verða ferskvörur verðmætari og hillutíminn lengri. Mikill áhugi er á auknum vatnsútflutningi úr Ölfusi, en þau áform sem rædd hafa verið, útheimta meðal annars þær

breytingar á höfninni sem stefnt er að. Ekki er nokkur vafi á því að bætt hafnaraðstaða í Þorlákshöfn verður til hægðarauka fyrir stærsta landbúnaðarsvæði landsins sem er í næsta nágrenni, mikinn jarðefnaútflutning, sem nú þegar er stundaður á svæðinu, þau fyrirtæki sem hyggja á fjölbreyttari jarðefnaútflutning á næstu árum og vaxandi fiskeldi á svæðinu.

Fjölbreyttari atvinna og þjónusta

Sveitarfélög á Suðurlandi haf lengi, líkt og í öðrum landshlutum, leitast við að laða að fyrirtæki til að fjölga störfum, auka fjölbreytni í atvinnulífinu, bæta íbúapjónustuna og fjölga íbúum. Stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn gæti orðið stökkpallur í þá átt að fjölga fyrirtækjum á svæðinu í kring og styrkja þau fyrirtæki sem þar eru fyrir. Aukin umsvif við höfnina og móttaka stærra skipa eykur eftirspurn eftir margskonar þjónustu og fjölbreyttari en nú er. Þjónusta við skemmtiferðaskip styrkir stoðir ferðaþjónustunnar á svæðinu, vöruflutningaskip kalla á þjónustu og bjóða upp á möguleika fyrir fyrirtæki sem gætu nýtt sér fleiri kosti þess sem svæðið býr yfir líkt og þær náttúrulegu auðlindir sem þarna eru; gríðarlegt magn af köldu vatni, heitt vatn og gufa, auk þjónustu í nær- og fjärsamfélagi.

Kostnaður og virðisauki

Í skýrslu Vegagerðarinnar, sem fyrst og fremst er frumútgáfa og drög sem ákveðið var að vinna til að fá gróft mat á þær tillögur sem lagðar voru til grundvallar, kom í ljós að þær tillögur eru mjög raunsæjar og hentugar sem fyrsti áfangi og uppfærsla á viðhaldi hafnarviðlegustæða. Endurskoða þarf kostnaðar- og framkvæmdaáætlunina sem fram kemur í skýrslunni og sett er fram hér á eftir. Þarna er ekki reiknað með þeirri dýpkun sem nú er komið í ljós að verður að vera, þ.e. einn meter í viðbót við það sem fram kemur í skýrslu Vegagerðarinnar og sú dýpkun sem stuðst er við til að geta tekið á móti þeim skipum sem hér hefur verið rætt um.

Skref í átt að stórskipahöfn

Eins og fram hefur komið er löngu kominn tími á viðhald hafnarmannvirkja í Þorlákshöfn. Þær aðgerðir, sem eru óhjákvæmilegar, eru um 60% af frumáætlun á heildarkostnaði við stækkun hafnarinnar. Með því að horfa fram í tímann og skoða kosti þess að stækka höfnina, ekki einungis fyrir Þorlákshöfn og Ölfusið, heldur líka til hagsbóta og virðisauka fyrir fyrirtæki á Reykjanesinu og stórum hluta Suðurlands, verður að horfa til þeirra margfeldisáhrifa sem aukin umsvif við höfnina munu hafa.

Ekki er horfið frá þeirri framtíðarsýn að byggð verði stórskipahöfn í Þorlákshöfn, en sú stækkun sem hér hefur verið lýst, er lítið skref í þá átt. Þetta litla en mikilvæga skref mun þó strax leiða til mikilla breytinga á þjónustugetu hafnarinnar. Kostnaður verður ekki slíkur að hætta sé á ofpenslu vegna þeirra framkvæmdaáhrifa sem vara meðan á framkvæmdum stendur og er í raun agnarsmár miðað við mörg önnur samgöngumannvirki á landinu.

Háværar raddir hafa heyrst á Suðurlandi um að farið verði í atvinnuskapandi aðgerðir sem nýtist svæðinu beint. Með stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn er stigið mikilvægt skref í þá átt að laða að fyrirtæki og skapa möguleika til atvinnuuppbyggingar fyrir allt Suðurland og Suðurnesin.

Sérstakar áherslur við gerð fjárhagsáætlunar 2016-2019

Aukning tekna árið 2016 frá fyrra ári.....	0 %
Aukning tekna árið 2017 frá fyrra ári.....	15 %
Aukning tekna árið 2018 frá fyrra ári.....	20 %
Aukning tekna árið 2019 frá fyrra ári.....	20 %
Fjárfesting í búnaði árið 2016 (vélar og tæki).....	2 m.kr.
Fjárfesting í höfn 2016.....	60 m.kr.
Fjárfesting í höfn 2017.....	100 m.kr.
Fjárfesting í höfn 2018.....	156,25 m.kr.

ÞORLÁKSHÖFN – GJALDSKRÁ ÁRÍÐ 2016

Virðisaukaskattur leggst á öll gjöld

1. gr. Almenn ákvæði

Gjaldskrá þessi fyrir Þorlákshafnarhöfn er sett samkvæmt heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 samanber bráðabirgðaákvæði nr.1.

Gjaldskráin er við það miðuð að Þorlákshafnarhöfn geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnar samanber 3. gr., 5. tl. hafnalaga.

2. gr. Gjaldtaka tengd stærð skipa

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttó tonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

Af öllum skipum skal greiða hafnargjöld til Þorlákshafnarhafnar ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

3. gr. Skipagjöld

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald kr. 14 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju skal greiða kr. 7,60 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið við bryggju.

Lágmarksgjald bátar 20 bt. og stærri kr. 8.890,- á mánuði. Lágmarksgjald bátar 20 bt. og minni kr. 5.960,- á mánuði. Lægsta gjald fyrir hverja komu til hafnarinnar er kr. 4.450,-. Leiga á stæði við flotbryggju kr. 10.930,- á mánuði.

4. gr. Vörugjöld

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi á annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir (transit flutningur) skal greitt eitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálf vörugjald.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengsskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp var gefið greiðir farneigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

5. gr. Vörur undanþegnar vörugjaldi

Vörur undanþegnar vörugjaldi eru:

- a) Umbúðir sem endursendar eru, svo sem tómir gámar, fiskkór, tankar o.fl.
- b) Olía vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur frá skipum sem fluttur er til eyðingar.

6. gr. Vörugjaldskrá

Vörugjaldskrá:

1. fl. Gjald kr. 171,- fyrir hvert tonn; vikur, möl og önnur jarðefni.
2. fl.: Gjald kr. 347,- fyrir hvert tonn; bensín, brennsluolíur, laust korn, salt, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
3. fl.: Gjald kr. 554,- fyrir hvert tonn; lýsi, fiskimjöl, þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjavörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 719,- fyrir hvert tonn; aðrar vörur en getið er í 1. fl. , 2. fl. og 3. fl.
5. fl.: Gjald 1,5%; sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans, þó aldrei lægra en verð Verðlagsstofu skiptaverðs hverju sinni.

Gjald af frystum aflu fiskiskipa 0,55% og eldisfiski 0,75% af heildarverðmæti.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan aflu mánaðarlega t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu.

Aflgjaldið fellur í gjalddaga um leið og aflu er landað.

Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Þegar aflu er fluttur út í gámum, sér sá sem sér um útflutningin um innheimtu aflagjalds og er ábyrgur fyrir því þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

7. gr. Hafnsögugjald

Hver ferð kr. 6,50 fyrir hvert brúttó tonn skips. Lágmarksgjald kr. 9.170,-. Hafnsaga fast gjald fyrir ferð skips kr. 3.610,-.

8. gr. Þjónusta dráttarbáts

Tímagjald fyrir aðstoð dráttarbáts miðast við brúttó stærð skips, kr. 9,90 pr. bt. Lágmarkstími fyrir aðstoð er 1 klst. Lágmarksgjald dráttarbáts er kr. 41.990,- pr. klst.

Aðstoð við skip og báta:

1. Fyrir báta sem eru undir 100 brl. að stærð.

Grunngjald kr. 159.900,-

Fyrir hverja rúmlest 20-70 brl. kr. 2.850,-

Fyrir hverja rúmlest 71-100 brl. kr. 4.440,-

Að auki greiðist tímagjald fyrir þann tíma sem aðstoðin tekur. Tímagjald er kr. 41.990,- pr. klst. fyrir báta að 26 brl. hvort heldur er í lausakeyrslu eða drætti. Fyrir báta 26 brl. og stærri greiðist kr. 41.990,- í lausakeyrslu og kr. 51.000,- fyrir báta í drætti.

2. Fyrir skip 100 brl. og stærri.

Fyrir skip sem eigi komast til hafnar fyrir eigin vélarafli en eru þó ekki í yfirvonandi hættu, fer um greiðslur eftir samkomulagi frá 16. september 1987 milli Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands og Landsambands íslenskra útvegsmanna hins vegar.

Þegar beðið er um aðstoð hafnarbátsins utan dagvinnutíma, skulu reiknaðar minnst tvær klst. sem leigutími fyrir bátinn.

Allt að fjórir menn eru í áhöfn hafnarbátsins.

Fyrir skip sem eru í yfirvofandi hættu skal þóknun ákveðin af hafnarstjórn hverju sinni.

Dráttarbátur hafnarinnar er í þjónustu og ábyrgð þess skips er þeir aðstoða frá því þeir taka við fyrir mælum stjórnenda skipsins er aðstoðar nýtur og þar til fyrirmæli eru gefin um að aðstoð sé lokið.

9. gr. Festargjöld

Festargjald fyrir mann hver afgreiðsla kr. 9.590,- í dagvinnu og í næturvinnu kr. 19.150,-

10. gr. Sorpgjöld og úrgangs- og förgunargjöld

Sorpgjöld: Bátar allt að 10 bt. kr. 1.800,- pr. mánuð. Bátar 10-100 bt. kr. 4.810,- pr. mánuð. Skip og bátar 100 bt. og stærri kr. 11.520,- pr. mánuð. Hreinsun og akstur með sorp kr. 8.010,-. Hreinsun á bryggju dagvinna kr. 3.660,-.

Úrgangs- og förgunargjöld: Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp, farmleifar, olíuleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila, sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum á hafnarsvæði hafnarinnar.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land.

Skip sem falla utan gr. 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgun á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Vegna skipa sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu skip greiða eftirfarandi:

- a. Úrgangsgjald: Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,70 kr. á brt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.000 og hámarksgjald kr. 45.000.
- b. Úrgangsgjald: Gjald skv. staflið a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,35 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.000 og hámarksgjald kr. 22.500.
- c. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- d. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem eru undir 60 metra að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í Þorlákshöfn skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 5.000 á mánuði.
- e. Förgunargjald: Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 10.000 á hvern rúmmetra og lágmarksgjald einn rúmmetra. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
- f. Förgunargjald: Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila.
- g. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

11. gr. Rafmagn

Rafmagnsnotkun hver kWst kr. 14,40. Tengigjald kr. 1.960,-. Útkall, afgreiðsla rafmagns, utan dagvinnutíma kr. 9.590,-. Skilagjald, rafmagnsmælir kr. 50.420,-.

12. gr. Vatnsgjöld

Pr. tonn kalt vatn kr. 243,-, heitt vatn kr. 485,-. Afgreiðslugjald yfirvinna kr. 9.590,-. Fast mánaðargjald skip og bátar allt að 10 bt. 5 tonn vatn, 10 - 100 bt. 15 tonn vatn, 100 bt. og stærri 25 tonn vatn.

13. gr. Vogargjöld

Vogargjald pr. tonn kr. 210,-. Skráningargjald fyrir skráningu í Gaflinn kr. 69,50- pr. tonn. Lágmarksvogargjald kr. 1.310,-. Yfirvinna á hafnarvog pr. klst. kr. 4.800,-.

Opnunartími hafnarinnar er kl. 07:00 – 22:00 á virkum dögum og kl. 10:00 – 16:00 um helgar. Unnin yfirvinna bætist við landanir sem dragast fram yfir opnunartíma hafnarinnar. Yfirvinnuútkall bætist á landanir sem hefjast utan opnunartíma hafnarinnar. Útkallskostnaður skiptist milli aðila ef unnið er fyrir fleiri en einn samtímis. Lágmarkstími útkalls er 4 klst., annars til jafns við unnin tíma við löndun.

14. gr. Önnur þjónustugjöld

Kranaleiga hvert skipti kr. 843,-. Skilagjald vegna kranalykils kr. 3.610,-. Leigugjald á geymslusvæðum kr. 44,20- pr. m²/pr. mánuð. Tengigjald akstursbrú kr. 12.120,- pr. skipti.

15. gr. Farþegagjald

Farþegagjald skal innheimt af farþegum skemmtibáta, farþegaskipa og annarra skipa sem hafa afnot af hafnaraðstöðu Þorlákshafnarhafnar. Gjaldið er kr. 325,- fyrir hvern farþega.

16. gr. Hafnarverndargjald

Af hverju skipi, sem leggst við verndaða hafnaraðstöðu skal greiða sérstakt öryggisgjald. Gjaldið er kr. 23.940,- á hvert skip. Fyrir öryggisvöktun skal greiða tímagjald kr. 3.660,- fyrir hvern öryggisvörð í dagvinnu og kr. 4.800,- í næturvinnu. Lágmarkstími er 4 klst.

17. gr. Innheimta og greiðsla hafnargjalda

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum verða reiknaðir hæstu lögleyfðu dráttarvextir á skuldina.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra er greiða ber Þorlákshafnarhöfn vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr., 33. gr reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallina gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer úr höfn og engin skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

Vörugjöld af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Þorlákshafnarhöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

18. gr. Virðisaukaskattur

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Þorlákshafnarhöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllu gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl., 3. gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.


19. gr. Gildistaka

Gjaldskráin var samþykkt í hafnarstjórn Þorlákshafnar 5. nóvember 2015 og staðfest af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 26. nóvember 2015.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2016.

Hjörtur B. Jónsson, hafnarstjóri

Þróun reksturs Vatnsveitu



Vatnsveita Þorlákshafnar

Rekstur vatnsveitunnar hefur gengið ágætlega þann tíma sem liðinn er af árinu, en þó komu upp nokkrir smávægilegir lekar í dreifikerfinu t.d. í Básahrauni, en þar virðist lagnirnar og frágangur á lögnum vera þannig að gera má ráð fyrir að þar verði uppákomur á næstu árum.

Helsta vandamálið sem við höfum verið að glíma við er bilun í rafstöðinni sem á að sjá dælu á Hafnarsandi fyrir varaafli í straumleysi, þessi bilun byrjaði með því að eitthvað tölvuborð í rafstöðinni, sem vaktar það hvort spenna sé á veitunni og setur inn rafstöðina ef straumurinn dettur út, bilaði og varð það til þess að straumurinn frá veitunni datt út eins og allt væri straumlaust, til að hægt væri að keyra dælu á veitustraumnum varð að tengja framhjá rafstöðinni og því er hún ekki sjálfvirk í dag, en hægt að setja hana í gang handvirkt, en þó þarf rafvirki að vera á staðnum til að setja strauminn frá henni á. Búið er að skipta um þetta tölvuborð, en einhverja hluta vegna þá virkar þetta ekki rétt enn og búið er að gera ýmsar tilraunir til að fá þetta í lag en án árangurs, ein tilraunin varð til þess að nýja tölvuborðið skemmdist og panta þurfti nýtt, kostnaðinn af því ætluðu Rafvör og Klettur (sem er með umboðið fyrir rafstöðina) að taka á sig að mestu, en þetta vesen hefur tekið mikinn tíma og rafstöðin er ekki enn komin í lag.

Þegar nýju hraðabreytarnir, sem keyptir voru fyrir dælu á Hafnarsandi í fyrra, voru komnir upp kom í ljós að spennirinn sem Rarik var með á staðnum var ekki að anna báðum dælunum í einu, fyrst í stað vildi Rarik ekki viðurkenna þetta en fljótlega gerðu þeir það og fóru þá í að skipta honum út. Á meðan verið var að færa tengingarnar á milli ætluðum við að keyra rafstöðina til að halda upp fullum þrýstingi á veitunni, þetta gekk vel í byrjun en eftir ca. klukkutíma drap rafstöðin á sér. Þar sem engin augljós skýring var á þessu fannst okkur rétt að fá viðgerðarmann frá Kletti (sem er umboðsaðili fyrir þá tegund sem við erum með) til að yfirfara vélina og til að finna út hvað hafði gerst, hann fann það út að þegar rafstöðin gekk undir álagi þurfti hún meiri loftskipti í skúrnum en það sem loftræstiristarnar á skúrnum gátu afkastað, það olli því að vélin í rafstöðinni ofhitnaði og drap hún því á sér vegna sjálfvirkis öryggis. Þegar rafstöðin var sett upp í sínum tíma hefur loftskiptiþörfin ekki verið rétt metinn og vélinn hefur kannski aldrei gengið í langan tíma undir álagi. Best væri að setja fleiri og stærri ristar á skúrinn, en þetta kenndi okkur alla vega það að ef rafstöðin þarf að ganga verður að fara strax og opna allar hurðar og lúgur og fylgjast vel með hitanum í skúrnum.

Á árinu hefur verið ráðist í nokkur viðhaldsverkefni t.d. var aðalrafmagnstöflunni á Hafnarsandi skipt út en hún var orðin mjög gömul og búnaðurinn í henni úreltur og ekki hægt að fá varahluti ef eitthvað bilaði. Þakið á stærri dælskúrnum á Hafnarsandi var endurnýjað, en það var orðið svo ryðgað að kominn voru göt í járníð og þegar mikið rok var þá vinkaði það manni.

Vinnu við frágang á nýja vöktunarkerfinu var haldið áfram og er henni nánast lokið, vantar bara herslumuninn t.d. að klára handbókina og fínstillta nokkur atriði, kostnaðurinn af uppsetningu kerfisins hefur verið mun meiri en tilboð/áætlun Raftákn gerði ráð fyrir, ástæður þess eru margar, bæði það að við bættum við verkið, t.d. að teikna nýja aðaltöflu, og líka ástæður sem Raftákn ber ábyrgð á, t.d. Voru ör mannaskipti í verkinu (nýir menn þurftu tíma til að koma sér inn í verkið), verkið dróst mjög mikið á langinn, menn frá þeim voru að koma oft og vinna í stuttan tíma í einu, mikið var um að kerfið virkaði ekki rétt og mikill tími fór í bilanaleit. Núna á haustmánuðum áttum við fund með fulltrúa Raftákn og þar óskuðum við eftir skýringum frá þeim á þessu, þá sagði fulltrúi þeirra að þeir mundu ekki senda okkur reikninga fyrir þeirri vinnu sem eftir er við að klára verkið.

Síðan ég hóf störf fyrir sveitarfélagið hefur borið svolítið á því að dælnar á Hafnarsandi hafi verið að slá út, þegar ég hef hringd og spurt þá hjá Rarik hvort eitthvað hafi verið að hjá þeim, einhver riða breyting eða spennusveiflur, hefur svarið ávalt verið það að þeir sjá ekki neitt óeðlilegt hjá sér. Þar sem þetta er mjög hvítleitt og fer örugglega ekki vel með dælnar og hraðabreytana, þá var ákveðið að setja upp spennuvöktun í nýja eftirlitskerfinu. Þegar við fórum að skoða þetta betur, bera saman spennuvöktunina og tímasetningarnar þegar útslátturinn verður, kom í ljós að í mörgum tilfellum virtist eins og að spennan færi af í 4 – 6 sek. Hér fyrir neðan er línurit sem sýnir hvernig þetta var 9.9.2015, kl. 13.08.20 virðist sennan falla en er svo orðin eðlileg kl. 13.08.40.

En skoðaður er listi yfir straumleysi síðan í sumar og haust, virðist eins og það hafi orðið straumleysi í 4 sek. á þessum tíma. Við sendum núna í lok september fyrirspurn til Rarik um það hverju þetta sætir, en þegar þetta er skrifað hefur ekkert svar borist.

Eins og áður hefur verið talað um grunar okkur að í kerfinu sé töluverður leki sem ekki hefur tekist að staðsetja enn, ca. 10 – 20 l/sek. Til að reyna að staðsetja lekan fengum við Sigurberg Brynjólfsson til að fara með okkur í lekaleit (sjá meðfylgjandi minnisblað) og eftir það töldum við okkur geta minnkað svæðið sem liggur helst undir grun, núna höldum við að lekinn sé í norðurenda Hafnarskeiðs, en til stendur að fara í frekari tilraunir til að reyna að staðfesta það og staðsetja hann vonandi betur, þá ætlum við að vera um nótt þegar notkunin er í lámarki.

Að mér vitandi hefur ekki farið fram nein úttekt eða könnun á því hvað hægt er að afhenda mikið magn í gegnum núverandi lagnakerfi, en Efla á Selfossi er aðeins byrjuð á að setja lagnakerfi bæjarins upp í einhverju tölvuforriti sem á að geta sagt okkur hvað eðlileg notkun ætti að vera á hverju svæði miðað við íbúafjölda hvers svæðis og hver hámarks afköst eru á hverju svæði, á iðnaðarsvæðinu er þetta kannski erfiðara því þar fer notkunin eftir því hvaða starfsemi er í fyrirtækjunum, en upplýsingar um notkunnarsöguna ætti að vera hægt að lesa út úr mælaaflestrinum því að í flestum fyrirtækjum er rennismælir, flestir þessara mæla eru ornir gamlir og tærðir og því er nauðsynlegt að setja upp áætlun og vinnureglur um endurnýjun þeirra, skipta þarf um 4 – 5 á ári næstu ár og síðan að endurnýja eða alla vega yfirfara (löggilda) þá á td. 10 ára fresti. Samhliða notkunnargreiningunni eru við með aðstoð Eflu, að reyna að uppfæra teikningar af lagnakerfinu, en í gegn um tíðina hefur verið farið í ýmsar framkvæmdir og breytingar og margar af þeim hafa ekki skilað sér inn í teikningargrunnin sem haldið er utan um í Granna, en þessi vana er tímafrek og kostnaðarsöm.

Svigrúm til að afhenda meira magn er mjög lítið hjá veitunni, eins og áður hefur verið tíundað, því er nauðsynlegt að taka þá umræðu hvernig uppbyggingu veitunnar á að vera háttáð, ætlum við að færa vatnsbólið á Hafnarsandi, eins og Aðalskiplagið gerir ráð fyrir og þá hvenær, setja þarf þá fjármuni í undirbúning að því. Eins þarf að ræða hvort stefnan sé að hætta vatnstöku í Unubakkanum, því einhverjir gætu gagnrýnt það að vendarsvæðið í kringum borholuna er lítið og að alveg við hliðina sé verið að geyma fullt af bílhræjum sem olíur og geymasýra getur lekið úr og þá mengað jarðveginn stutt frá vatnstökunni. Eins og staðan er í dag getum við alls ekki misst dæluna í Unubakka út því dælnar á Hafnarsandi ganga alltaf á nánast fullum afköstum og hafa rétt svo við á nóttunni og alls ekki á daginn.

Ef eitthvað nýtt fyrirtæki sem þarf að nota mikið magn af köldu vatni vildi setja upp starfsemi sína hér í Þorlákshöfn hefði samband yrðum við í vandræðum því við gætum ekki tryggt afhendingu vatns

nema að ráðist yrði í stórar og kostnaðarsamar framkvæmdir, eins og að bora nýjar vatnstökuholur og fjölga dælum eða láta okkur detta eitthvað annað í hug.

Vatnsveitan Berglind

Eins og undanfarin ár hefur rekstur á Berglindi gengið stórálfallalaus en því miður hefur okkur ekki tekist að fara í þær nauðsynlegu úrbætur sem fyrirhugaðar voru þar, eins og að kaupa varadælu, mála og laga dæluhúsið að innan til að hægt sé að uppfylla hreinlætiskröfur. Ástæða þess er eins og á síðasta ári verið sú að við höfum ekki komist yfir öll þau verkefni sem okkur eru ætluð með þeim mannskap sem þjónustumiðstöðin hefur yfir að ráða, það að ekki hefur tekist að klár ráðningu á píparanum eða neinum öðrum starfsmanni, auglýst var eftir almennum starfsmanni í vor og það hafði enginn samband. Við höfum ekki viljað ráða verktaka í verkið ennþá bæði af því að það yrði mun dýrara en fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir og hins vegar að ef þær hugmyndir sem núna eru í skoðun um að virkja nýtt vatnsból t.d. við Ölfusborgir og koma með rennsli inn á kerfið þeim megin frá verða ofan á, þá væri hægt að aftengja dæluna undir Ingólfsfjalli til að vinna að endurbótum án þess að nokkur yrði vatnslaus. Ef þetta verður gert minnkar þörfin fyrir sverun lagna á vestur hluta svæðissins sem Berglind þjónar og ef hækkun yrði á þrýstingi í Berglindi um leið væri verið að mæta auknum þörfum á neysluvatni og uppfylla skyldur um að skaffa slökkvivatn á svæði Berglindar en þar hefur verið mikil uppbygging og frekari uppbygging er fyrirhuguð.

53. ÍBÚÐIR ELDRI BORGARA

Eignir sem falla undir íbúðir eldri borgara

Eftirtaldar íbúðir heyra undir stofnunina og eru skráðar á Egilsbraut 9.

Hús	Stærð	Byggingarár
Egilsbraut 9	73,9	2001
Egilsbraut 9	67,6	1988
Egilsbraut 9	62,0	1988
Egilsbraut 9	62,0	1988
Egilsbraut 9	67,6	1988
Egilsbraut 9	75,7	1988
Egilsbraut 9	64,1	1988
Egilsbraut 9	64,1	1988
Egilsbraut 9	75,7	1988
Egilsbraut 9	62,8	2001

Í árslok 2013 samþykkti bæjarstjórn nýjar reglur um úthlutun íbúða á Egilsbraut 9, samkvæmt tillögu forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna. Samkvæmt reglunum verða íbúðir leigðar út í framtíðinni án greiðslu búseturéttar. Búseturéttir sem þegar hafa verið greiddir munu verða greiddir út þegar viðkomandi íbúar skila inn sinni íbúð.

Markmið með úthlutun íbúðanna er að koma til móts við þarfir aldraðra/öryrkja íbúa í Sveitarfélaginu Ölfusi sem sökum félagslegra- og heilsufarslegra aðstæðna geta ekki búið áfram og séð um sig sjálfa í eigin húsnæði. Íbúðunum er ætlað að vera hentugur búsetukostur þar sem einstaklingar geta haldið eigið heimili sem lengst við sem bestar aðstæður.


Bætt þjónusta við eldri borgara

Sveitarfélagið í góðu samstarfi við Höfn hollvinasamtök og Félag eldri borgara í Ölfusi hafa undangengin misseri reynt að fá velferðarráðuneytið í samvinnu við það að koma á aukinni þjónustu við eldri borgara í Ölfusi. Það liggur fyrir að hægt að hægt er að byggja á þeim grunni sem Níán er, efla þjónustuna þar enn frekar og er þá verið að horfa til þess að komið verði á sólarhringsvakt fyrir íbúa Níunnar en þar fer nú fram margvísleg þjónusta fyrir eldri borgara. Sveitarfélagið með verulega útvíkkaða heimaþjónustu þar sem boðið er uppá kvöld og helgarþjónustu svo segja má að þegar sé búið að stíga skref inn á það þjónustustig sem ríki ber að veita. Ráðuneytið hefur verið að leita leiða

til að „draga úr þörf“ fyrir hjúkrunarrými en með aukinni þjónustu á Níunni má seinka för nokkuð margra einstaklinga á hjúkrunarheimili og eins og lifandi dæmi sanna.

Formlegt erindi var sent ráðuneytinu á vormánuðum árið 2014 þar sem óskað var eftir samvinnu við að leita óhefðbundinna leiða við bætta þjónustu sem byggð yrði á þeim grunni sem til staðar er hér og finnst óvída um landið. Höfnun á erindið barst sl. haust, rúmu ári eftir að það var sent, reyndar eftir ítrekanir og fundi í ráðuneytinu. Þrátt fyrir það standa vonir til að hægt verði að taka þráðinn upp að nýju á nýju ári en þingmenn Suðurkjördæmis hafa stutt málaleitan okkar með dyggum hætti og vonandi ber það ávöxt.

Þróun reksturs Íbúða aldraðra



55. UPPGRÆÐSLUSJÓÐUR

Uppgræðsluverkefni í Sveitarfélaginu Ölfusi

Síðari umræða um samþykktir um framtíðarfyrirkomulag við styrkveitingar til uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi og úthlutunarreglur var tekin fyrir á fundi bæjarstjórnar 19. júní 2014 – fyrri umræða hafði farið fram á fundi bæjarstjórnar 23. maí 2014 þar sem Uppgræðslusjóður Ölfuss var formlega lagður niður.

Megin inntak samþykktanna er samþykki bæjarstjórnar fyrir því að verja á næstu 15 árum sambærilegu fjármagni ár hvert til uppgræðslu- og skógræktarverkefna og gert var á forsendum Uppgræðslusjóðs Ölfuss. Tilgangurinn er að efla uppgræðslu innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Styrkveitingarnar munu fara fram í gegnum uppgræðslusjóðinn þar til hann hefur að fullu verið afskrifaður.

Samþykktir vegna uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi

1. gr. Með tilvísun í 5. gr. samþykta fyrir Uppgræðslusjóð Ölfuss, sem staðfestar voru af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 2. apríl 2014, ákveður bæjarstjórn að leggja niður Uppgræðslusjóð Ölfuss og ráðstafa því fjármagni sem honum tilheyrði til annarra verkefna hjá Sveitarfélaginu Ölfusi án skilyrða.
2. gr. Bæjarstjórn samþykkir að verja á næstu 15 árum sambærilegu fjármagni ár hvert til uppgræðslu- og skógræktarverkefna og gert var á forsendum Uppgræðslusjóðs Ölfuss. Miða skal þá fjárhæð sem ráðstafað er til slíkra verkefna í fjárhagsáætlun fyrir komandi ár við ígildi ársávöxtunar 75 m.kr. höfuðstóls. Þau vaxtakjör sem miðað skal við eru uppgæfnir ársvextir á óverðtryggðum sparireikningi sem sveitarfélaginu býðst með binditíma til 12 mánaða hjá viðskiptabanka þess, á þeim tíma sem fjárhagsáætlun fyrir næsta ár er staðfest.
3. gr. Tilgangur þessarar samþykktar er að efla uppgræðslu innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Haft verður í huga við mat á umsóknum vegna slíkra verkefna, að markmið viðkomandi verkefnis sé það að landið verði grætt með varanlegum hætti og að unnið verði gegn losun gróðurhúsalofttegunda.
4. gr. Ár hvert, fyrst árið 2015, skal skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd (SBU) Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsa styrki til úthlutunar, að lágmarki tveimur vikum fyrir lok umsóknarfrests. Umsóknarfrestur er til 1. mars ár hvert og skal umsóknum skilað inn á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Með umsókninni skal fylgja greinagóð lýsing á verkefninu með verkáætlun, tímaáætlun og kostnaðaráætlun.
5. gr. Hlutfall styrkja getur numið allt að 2/3 af áætluðum heildarkostnaði, þ.e. kostnaði við vinnu, tæki og kaup á aðföngum, við það verk sem sótt er um styrk fyrir en þó aldrei meira en sem nemur 10% þess fjár sem til úthlutunar er hverju sinni skv. 2. gr. SBU metur umsóknir og úthlutar styrkjum og skal úthlutun styrkja vera lokið fyrir lok apríl mánaðar. Styrkjum er úthlutað að verki loknu en heimilt er að greiða út styrkfjárhæð eftir framgangi verks.
6. gr. Að verkefni loknu skal viðkomandi styrkþegi gera SBU grein fyrir ráðstöfun fjárens og árangri verkefnisins.
7. gr. Sveitarfélagið Ölfus áskilur sér rétt til að skýra opinberlega frá viðkomandi verkefni, stuðningi sveitarfélagsins og árangri verksins, en að öðru leyti eignast Sveitarfélagið Ölfus engan rétt vegna styrkveitingarinnar.

Úthlutunarreglur vegna uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi

Við ákvarðanir um styrkveitingu vegna uppgræðsluverkefna ber að taka mið af framkvæmdaáætlun þar sem landbótaverkefnum í sveitarfélaginu hefur verið raðað í forgangsröð.

Við röðun verkefna í forgang ber að taka mið af hagsmunum íbúa sveitarfélagsins, þ.e. með hvaða landbótaverkefnum má helst stuðla að auknum lífsgæðum íbúanna og auknum land- og vatnsgæðum í sveitarfélaginu.

Styrkir

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss (SBU), sem fer með úthlutun styrkja til landbóta, er heimilt að veita landeigendum, Sveitarfélaginu Ölfusi, félagasamtökum og öðrum umráðahöfum lands, styrki til landbótaverkefna. Einnig er heimilt að styrkja einstaklinga og hópa sem tekið hafa að sér umsjón afmarkaðs landsvæðis til uppgræðslu eða skógræktar. Upphæð styrks getur numið allt að 2/3 hluta kostnaðar við vinnu, tæki og kaup á aðföngum, en þó ekki meiru en sem nemur 10% þess fjár sem til úthlutunar er hverju sinni.

Ábyrgð

Þau verkefni sem styrkt eru verða undir forsjá og á ábyrgð styrkþega og eru þeir framkvæmdaaðilar. Skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins Ölfuss mun hafa eftirlit með þeim verkefnum sem styrkt eru, fylgjast með framvindu og meta árangur.

Umsóknir

Auglýst er árlega eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Auglýsing skal birtast fyrir 15. febrúar og er umsóknarfrestur til 1. mars. Umsækjendum ber að fylla út umsóknareyðublað en umsóknum verða að fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn og heimili umsækjanda.
- Kennitala og bankareikningur umsækjanda.
- Ábyrgðarmaður verkefnisins.
- Heiti verkefnis og staðsetning.
- Lýsing á verkefni; markmið, aðgerðir, tímaáætlun, kostnaður.
- Upplýsingar um mótframlög og aðra styrki.
- Landgræðslu- og landnýtingaráætlun, hafi hún verið gerð.
- Að umsækjandi sýni fram á getu sína til að vinna verkefnið.

Styrkhæf verkefni

Við ákvörðun um styrkveitingar er einkum lögð áhersla á:

- Að fyrir liggi framkvæmda- og kostnaðaráætlun vegna þess verkefnis sem styrkumsókn lýtur að.
- Landbætur sem stuðla að auknum lífsgæðum íbúa sveitarfélagsins.
- Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar.
- Endurheimt gróðurs og jarðvegs.
- Verkefni sem stuðla að auknum land- og vatnsgæðum í sveitarfélaginu.
- Að landnýting verði sjálfbær eins og kostur er.
- Bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Einstök verkefni geta hlotið vilyrði um styrk til allt að þriggja ára, enda fylgi umsókn tímasett kostnaðar- og verkáætlun. Styrkþegi þarf að skila áfangaskýrslu og endurskoðaðri áætlun í lok hvers árs á styrktímabilinu til að mögulega verði um framhald á styrkveitingum að ræða.

Forgangsröðun umsókna

Við forgangsröðun umsókna er áskilið að verkefni falli að áherslum, markmiðum og forgangsröðun Sveitarfélagsins Ölfuss. Við forgangsröðun umsókna ber að líta til eftirtalinna atriða:

- Að unnin hafi verið framkvæmdaáætlun fyrir aðgerðarsvæðið.
- Að markmið verkefnis sé skýrt og nákvæm grein gerð fyrir landinu sem vinna skal á.
- Að kostnaðaráætlun sé greinargóð og að í henni komi fram upphæð mótframlaga.

Landbótaverkefni sem vegna legu sinnar eru óaðgengileg, geta fengið hærri styrk en reglur þessar kveða á um, leiði það til styttri verktíma og betri nýtingar fjármuna.

Vinnsla umsókna

SBU fer yfir umsóknir og úthlutar árlega styrkjum úr sjóðnum fyrir 1. apríl ár hvert. Nefndin getur leitað eftir umsögn fagaðila um einstök verkefni, telji hún þess þörf.

Greiðsla styrks

Þeir styrkþegar sem þess óska, geta fengið helming styrks greiddan þegar staðfesting liggur fyrir um að verkefnið sé hafið. Eftirstöðvar eru greiddar þegar fyrir liggur vitneskja skipulags- og byggingarfulltrúa í Ölfusi um að verkinu eða umsömdum áfanga sé lokið. Ef styrks sem veittur er á árinu er ekki vitjað, skilyrði fyrir veitingu hans ekki uppfyllt fyrir lok árs, fellur styrkveitingin niður. Hafi verkefni verið hafið en því ekki að fullu lokið á árinu, er heimilt að fresta lokagreiðslu til næsta árs hafi styrkþegi þá lokið verkefninu.

57. FÉLAGSLEGAR ÍBÚÐIR

Almennt um íbúðir

Samkvæmt bókhaldsmálum, er hver fasteign með sjálfstæðan fjárhag er nær til viðhalds og nýbyggingar. Þær íbúðir sem sveitarfélagið á eru frekar gamlar og kalla á mikið viðhald. Þær íbúðir sem eru í stærri fjölbýlum, eins og í Sambyggð eru ekki margar. Í Sambyggð 6 á sveitarfélagið eina íbúð á 3. hæð. Í Sambyggð 8 á sveitarfélagið tvær íbúðir á fyrstu og annarri hæð.


Fram hefur komið á húsfundum fyrir Sambyggð 6 og 8, að miklar framkvæmdir þurfi í viðhaldi hússins að utan, þak, gluggar, svalir og múrverk eða að klæða húsið að utan. Einnig er viðhald að innan s.s. endurnýjun á lagnakerfinu í húsinu.

Æskilegt að sveitarfélagið selji þessar eignir og skoði með kaup á nýju rað- eða parhúsi.

Eftirtaldar íbúðir eru eign félagslegra íbúða auk íbúðanna að Selvogsbraut 1:

Hús	Íbúð númer	Byggingarár
Sambyggð 8	0103	1981
Sambyggð 8	0202	1981
Sambyggð 6	0301	1981
Norðurbyggð 22 b		1991
Norðurbyggð 24 b		1992

Þróun reksturs Félagslegra íbúða



Félagslegt leiguhúsnæði í Sveitarfélaginu Ölfusi

Sveitarfélagið á þrjár íbúðir í fjölbýlishúsi að Sambyggð. Tvær þeirra eru nýttar fyrir einstaklinga sem þurfa á félagslegu húsnæði að halda. Ein íbúðin er leigð út til félagasamtaka. Það er ókostur sem fylgir því að eiga íbúðir í fjölbýli þegar kemur að viðhaldi hússins. Þá þurfa allir íbúar að samþykka viðhald og ef ekki næst samkomulag að þá er ekkert gert. Viðhald á húsinu er orðið ansi mikið og eiginlega ekki sveitarfélaginu Ölfus bjóðandi að eiga eignir í slíku húsnæði þar sem ekkert viðhald er vegna þess að ekki næst samkomulag við alla íbúa.

Sveitarfélagið á tvær íbúðir í Norðurbyggð sem eru parhús og þar er sama sagan ekki er hægt að komast að samkomulagi um sameiginlegt viðhald á húsi svo þær íbúðir eru einnig í slæmu ásigkomulagi.

Þörf á félagslegu leiguhúsnæði

Þeir sem eru nú þegar í leiguhúsnæði eru; tveir einstaklingar án barna, tvær einstæðar mæður önnur með eitt barn og hin með 2 börn. Þessir einstaklingar hafa þörf fyrir húsnæði áfram, þ.e. tvær 2ja herbergja íbúðir, ein þriggja herbergja íbúð og ein fjögurra herbergja íbúð.


Á biðlista eftir húsnæði sem eru í brýnustu þörf eru; hjón með eitt barn, einstæð móðir með 2 börn, sambúðarfólk með 2 börn. Þörf er fyrir litlar íbúðir 3-4 herbergja fyrir þessar fjölskyldur.

Ef farið er út í byggingu nýrra íbúða og eldri íbúðir seldar þá er þörfin þessi; tvær íbúðir ætlaðar fyrir einstaklinga, tvær þriggja herbergja íbúðir fyrir fjölskyldur með eitt barn, þrjár fjögurra herbergja íbúðir ætlaðar fyrir fjölskyldur með tvö börn eða fleiri.

Hveragerði 14. desember 2015.

María Kristjánsdóttir, forstöðumaður
Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna

Þróun reksturs Fráveitu



Fráveita

Líkt og í fyrra hefur rekstur á fráveitunni gengið nokkuð vel það sem af er árinu, dætur ekki mikið að stíflast en þó er að koma nokkuð mikið af fitu og grófu efni sem ekki fer í gegn um dælurnar og því þarf að dæla reglulega ofan af dælubrunninum með dælubíl, fitugildirur við fyrirtækin eru greinilega ekki í nógu góðu lagi eða ekki er dælt ofan af þeim nógu reglulega, gott væri að áréttu við Heilbrigðiseftirlitið að þeir gæfu út leiðbeiningar, samhliða starfsleyfum, hversu oft eigi að hreinsa ofan af fitugildrum við fyrirtæki og að þeir hefðu eitthvert eftirlit með því að það sé gert. Huga þarf sem fyrst að færslu á enda útrásarinnar, en sú hugmynd að fara með dælulögn eftir grjótgardinum út fyrir hafnarkjafntinn gæti verið í uppnámi vegna nýjustu hugmynda um stækkun á höfninni til austur, ef eitthvað verður af þeim hugmyndum þarf að endurhugsa hvar grófhreinsun og dælingin eru staðsett því ekki getur verið gott að hafa þá starfsemi á miðju hafnarsvæðinu, því ef dæla bílar þarf að vera hægt að hleypa framhjá dælunum og miðað við núverandi staðsetningu þá færi það framhjálaup í miðja höfnina. Núna er staðan þannig að ef dælurnar stoppa í einhvern tíma, þá fyllist fyrir núverandi enda af sandi og dælurnar ná ekki að dæla frá sér, því þær eru ekki nógu háprýstar til þess, ef útrásin verður mjög löng gæti þurft að setja upp öflugri dælur. Eins þarf að huga að uppsetningu grófhreinsibúnaðar bæði vegna lagaskildu og eins til að auka líftíma á dælum.

Huga þarf að því að endurnýja lagnir í elstu götum bæjarins og um leið mætti leggja nýjar vatnsveitulagnir í þær götur og þá getum við aflagt gamlar járnlagnir sem liggja þvers og krus á milli lóða.

Tæming rotþróa

Síðasta sumar var byrjað aftur á tímabrekki vinnu við að mæla inn, skrásetja og ástandsmeta rotþræur sem eru í Sveitarfélaginu, en þetta er vinna sem var í gangi 2008 en var aldrei kláruð, núna í sumar stóð til að halda þessari vinnu áfram en vegna anna við önnur verkefni höfum við ekkert komist af stað en vonandi getum við tekið smá törn núna fyrir áramót ef veður leyfir. Það er líka mikilvægt að fá Heilbrigðiseftirlitið í lið með okkur til að fara á þá staði sem úrbóta er þörf til að skoða og setja fram kröfur um að húseigendur fari í úrbætur, ítreka þarf óskir til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um að farið verði í þessa vinnu en hingað til það hefur það lítinn árangur borið vegna mannskaps- og tímaleysis hjá þeim.

Brýnt er að halda áfram með þá vinnu sem í gangi var í sumar við að finna varanlega lausn á því hvernig við getum lostnað við seyrna þegar verið er í að tæma rotþrær en flestir urðunarstaðir eru hættir að taka við henni og að keyra hana langa leið er mjög kostnaðarsamt, möguleikinn sem við höfum helst verið að horfa til er að vinna seyrna til landgræðslu í samstarfi Landgræðsluna og til að gera það sem hagkvæmast væri best að fá önnur sveitarfélög á svæðinu í samstarf. Til að hægt sé að dreifa seyrnunni beint yfir svæði sem reyna á að styrkja gróður á þarf að blanda hana með kalki, en til þess þarf sérstakan búnað sem kostar 20 – 30 milljónir og því til viðbótar þarf að byggja upp aðstöðu. Ef gerð verður áætlun um það hvar, hvernig og hvenær þessari aðstöðu verður komið upp væri hægt að fá leyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands til að lagera seyru í afgirtum holum hér vestur á sandi, sem síðan yrði tekin til vinnslu þegar afstaðan er tilbúinn

Strandblakvöllur: Mikill áhugi hefur verið hjá ungu fólki á því að koma upp strandblakvelli í Þorlákshöfn enda er um vaxandi íþrótt og afþreyingu að ræða. Ætlunin er að tveir strandblakvelli verði gerðir í nálægð við Þorláksvöll. Framkvæmdir hefjast árið 2016 með jarðvegsskiptum og mótun svæðis en kláraðar með sandi og búnaði árið 2017.

Aðstaða á tjaldsvæði: Áformað er að setja upp upplýsingaskilti um sveitarfélagið, s.s. gönguleiðir innan bæjar og lengri gönguleiðir árið 2016. Kostnaður við upplýsingaskilti er áætlaður 500 þús. kr., hönnun og uppsetning og er settur á árið 2016. Vinna við að bæta aðstöðu fyrir losun úrgangs úr ferðasalernum og færsla á sorpaðstöðu er hafin. Miðað er við að vinnu við það ljúki á árinu 2016. Áætlaður kostnaður við verkefnið er 2 m.kr. Auka þarf gróður á svæðinu til skjólmyndunar. Hugsanlega þarf að setja niður grindverk á meðan plönturnar eru að vaxa úr grasi. Aksturshringur á svæðinu hefur verið til vandræða þar sem gaman þykir að spóla og spæna þar í hringi. Við það dreifist mól út um allt tjaldsvæðið. Ætlunin er að fjarlægja mölina, þökuleggja hringinn og mynda akbraut eftir svæðinu miðju sem lögð verður mottu sem gras þrífst í. Nánari útfærsla er í höndum íþróttafulltrúa og umhverfisstjóra. Þetta verður gert árið 2017.

Golfvöllur: Sveitarfélagið á golfvöllinn í Þorlákshöfn en hann hefur notið vaxandi vinsælda á síðustu árum. Stjórn golfklúbbsins hefur áhuga fyrir því að gera breytingar á vellinum á næstu árum, leggja af brautir sem erfitt er að viðhalda vegna ágangs sands.

Á fundi bæjarráðs 3. apríl 2014 var eftirfarandi bókað:

"Golfklúbbur Þorlákshafnar óskar eftir aðstoð við framkvæmdir vegna mikils sandburðar á Þorláksvelli.

Fyrir liggur tillaga og kostnaðaráætlun frá Edwin Roald golfvallahönnuði vegna framkvæmdanna. Bæjarráð samþykkir samhljóða að vinna að uppbyggingu og endurbótum á golfvellinum í samræmi við skýrslu Edwins Roald.

Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2015."

Kostnaðaráætlun fyrri áfanga: 10,3 m.kr.

Kostnaðaráætlun seinni áfanga: 4,2 m.kr.

Alls áætlað 14,5 m.kr.

Gera þarf tímasetta framkvæmda- og greiðsluáætlun.

Upphafleg áætlun fyrri áfanga var 10,3 m.kr. en gera má ráð fyrir í raun að kostnaðurinn verði lægri. Fyrsti áfangi var að mestu káraður á árinu 2015 og verður að fullu káraður árið 2016.

Áætlaður kostnaður er 3,5 m.kr. árið 2016. Ákvörðun verður tekin um síðari tíma framkvæmdir á næsta ári en kostnaði skv. áætlun er deilt á 2017 og 2018.

Aðstaða fyrir brimbrettaiðkun: Sjórinn undan ströndum Þorlákshafnar þykir sá albesti á landinu og þótt víðar væri leitað til sjóbrettaiðkunar. Búnings- og sturtuaðstaða fyrir ferðafólk gæti laðað að stóran hóp ferðamanna til Þorlákshafnar á hverju ári. Ekki liggur fyrir þarfagreining vegna slíkrar aðstöðu. Horft verður til þessarar aðstöðu innan fjögurra ára áætlunar. Hugmyndafræðilega er þetta spennandi hugmynd en rekstrarlega getur þetta orðið mjög erfitt og þarf að útlista þetta vel áður en farið verður í framkvæmdir. Skoða verður sérstaklega hvort sjóðir og einkaaðilar geti lagt fjármagn til slíkrar framkvæmdar en forsvarsmenn brimbrettafólks segja að verið sé að stofna samtök og fólk sé tilbúið til að koma að vinnu og reksturs aðstöðunnar með einhverjum hætti. Ekki hefur borist formlegt erindi frá þessum aðilum.

Rætt hefur verið um að gera varanlega aðstöðu í tenglum við uppbyggingu tjaldsvæðis fyrir unglíngalandsmót. Slík aðstaða getur nýst öllum þeim sem útivist stunda á þessu svæði, s.s. sjóbrettaiðkendum, kajak ræðurum og sjósundsfólki. Þetta verður skoðað sérstaklega í tengslum við landsmótið.

Engar fjárhæðir verða settar inn á áætlun fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um staðsetningu umfang aðstöðunnar.

Heitur pottur við sundlaug: Farið verður í forhönnun árið 2016 vegna staðsetningar og búnaðar að pottinum. Skoða þarf hvort tæki og búnaður í tæknirými geti borið þennan pott. Þessi þáttur verði unninn samhliða skoðun á loftræstibúnaði fyrir íþróttahúsið. Áætlun í hönnun 1 m.kr. en niðurstaða þeirrar skoðunar á að gefa hugmynd um hugsanlegan kostnað og leiðir sem hægt væri að fara. Ef rýmið ber pottinn er stefnt að því að fara í fjárfestinguna árið 2017.

Leiksvæði: Hérna eru eignfærð dýrari tæki á leiksvæði í Þorlákshöfn. Einnig verður hérna færður stofnkostnaður við nýtt leiksvæði í Búðahverfi. Á árinu 2016 verða tækjakaup færð á rekstur.

Undirbúningur v/Unglingalandsmóts UMFÍ 2018:1) Tjaldsvæði. Rafmagn, salernisaðstaða, vatn (kalt&heitt), vegtegnir inn á tjaldsvæði, bílastæði og gönguleið af tjaldsvæði yfir á mótssvæði. Skv. kröfum UMFÍ verður tjaldsvæðið að vera að lágmarki 8 ha.2) Bílastæði í tengslum við mótssvæðið.3) Samkomutjald. Rafmagn, salernisaðstaða, svæði fyrir tjaldið. Hugmynd um að vera með það á milli kirkjunnar og Háaleitis.4) Keppnissvæði. Búið er að nefna stækkun á knattspyrnusvæði og gerð strandblaksvalla. Hugsanlega verður að horfa til fleiri stúkusetta við aðalleikvanginn því þó svo manir taki við fjölda þá er verið að tala um allt að 10 þús. manns á svæðinu. Nauðsynlegt að leggja í að deiliskipuleggja svæði U-3. Þarna er um að ræða knattspyrnuvöllina og svæðið þar í kring. Huga þarf að að nýrri aðkeyrslu, bílastæðum, snyrtingum og annarri aðstöðu við völlum. Síðan má tengja þetta allt við garðlöndin fyrir bæjarbúa og einnig koma þarna fyrir skólagörðum og jafnvel annarri afþreyingu. Þetta verður tekið fyrir samhliða endurskoðun aðalskipulags en mikilvægt að framkvæma fyrir unglingsmótið sem haldið verður í Þorlákshöfn árið 2018. Flest þau verkefni sem hér eru nefnd eiga sér stað í áætluninni en engar fjárhæðir verða færðar inn í áætlunina varðandi önnur verkefni fyrr en ljóst er í hvað verður ráðist. Gera má einnig ráð fyrir því að framlag komi frá ríkinu vegna slíkra fjárfestinga en 20 m.kr. er settar í uppbyggingu keppnissvæðis í Borgarnesi vegna landsmóts UMFÍ 2016.

08 - Hreinlætismál

Gámavöllur: Þungar kröfur eru frá Heilbrigðiseftirlitinu um úrbætur á gámavelli. Í aðalskipulagi hefur nýjum gámavelli verið fundinn staður en til umræðu hefur verið að flytja hann á lóð áhaldahúss. Mikil samlegðaráhrif gætu orðið af slíkum flutningi en þegar er búið að ganga frá plönnum að hluta við áhaldahúsið og ekki verður þörf á að byggja sérstaka starfsmannaastöðu svo eitthvað sé nefnt. Hvorki liggur niðurstaða um staðsetningu né kostnaðaráætlun við uppbyggingu nýs vallar fyrir við samþykkt fjárhagsáætlunar. Þær kostnaðartölur sem settar eru inn á næstu árum eru tengdar jarðvinnu, yfirborðsfrágangi og mannvirkjum sem ætlað er að komi á svæðið. Eðlilegt að horfa til þess að gera þarfagreiningu fyrir gámavöll í samvinnu við þann aðila sem þjónusta mun sveitarfélagið með sorphirðu. Staðsetning verður ákveðin samhliða endurskoðun aðalskipulags.

Flutningur á geymslusvæði: Geymslusvæði við Nesbraut verði flutt á svæði sunnan núverandi gámavallar. Það sem gera þarf er jarðvinna og hugsanlega girðing. Svæðið er ætlað til geymslu á geymslugámum en ekki er ætlunin að útvega geymslupláss fyrir lausa muni. Lausum munum er ætlað að vera á afgirtum svæðum fyrirtækja/einstaklinga. Þessi flutningur er hugsaður sem millibilsástand því mikilvægt er að flytja svæðið af Nesbraut. Framtíðarstaðsetning verði ákveðin við endurskoðun aðalskipulags. Kostnaður við flutning áætlaður um 2,5 m.kr.

Flokkunar-, endurvinnslu- og afsetningarsvæði: Í aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 kafla 3.2.6 "Sorpörgunarsvæði", stendur eftirfarandi:Markmið:- Leitað verði leiða til að bæta fyrirkomulag söfnunar og förgunar úrgangsefna í anda staðardagskrár 21, m.a. til að draga úr urðun sorps.- Íbúum verði gert auðveldarar fyrir með flokkun sorps.- Lögð er áhersla á endurvinnslu og endurnýtingu þar sem það er mögulegt.- Sorphirða og förgun sorps á nýjum íbúðasvæðum í dreifbýli verður með sambærilegum hætti og er á býlum í dreifbýli.Leiðir:- Sveitarfélagið finni hagkvæmstu lausn á sorpeyðingarmálum.- Komið verði á flokkun úrgangs á heimilum og skapaðir möguleikar fyrir íbúana að koma frá sér flokkuðum úrgangi- Vegna endurvinnslu sorps verða starfræktar móttökustöðvar á vegum sveitarfélagsins.Sveitarfélagið Ölfus er aðili að Sorpstöð Suðurlands (SOS) sem er byggðasamlag flestra sveitarfélaga á Suðurlandi. Unnin hefur verið svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem er samstarfsverkefni Sorpu bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. og Sorpurðunar vesturlands hf. Stefna um sorpförgun er háð útfærslu skv. svæðis- og landsáætlanagerð um meðhöndlun úrgangs og skal framfylgd sorpförgunar vera í samræmi við þær áætlanir.Í Ölfusi er gert ráð fyrir eftirfarandi sorpförgunarsvæði:(U1 - Sandur 3 - Nesland) Um 15 ha svæði sem ætlað er fyrir móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang. Á svæðinu verður aðstaða til móttöku, umhleðslu og flokkunar á úrgangi og endurvinnsluefnum sem þjónað getur sveitarfélögum á Suðurlandi. á svæðinu er gert ráð fyrir urðun á því sem ekki verður endurnýtt eða flutt burt.Hvorki liggur fyrir tímasett framkvæmdaáætlun né kostnaðaráætlun. Tveir kostir eru í stöðunni; a) að SOS sameinist SORPU og farið verði í uppbyggingu á Neslandinu eða b) SOS fari í uppbyggingu á Neslandi eða öðrum hagkvæmum stað. Aðeins verður farið í uppbyggingu innan Ölfuss skv. þeim skilyrðum sem að framan eru talin.Samhliða þessu verður að skoða með afsetningu á Seyru en SORPA tekur ekki lengur á móti seyru. Í skoðun er verkefni sem 6 sveitarfélög (með þá Ölfus) myndu standa að. Keypt væru tæki til að mehöndla seyru. Tæki og aðstaða þar sem tekið væri á móti henni, gæti verið um 30 m. kr. sem skiptist á sveitarfélögin. Síðan bætist við akstur á seyru að móttökustað.

10 - Umferðar- og samgöngumál

Öryggismyndavélar: Til umræðu hefur verið að setja upp öryggismyndavélar á hringtorg við innkeyrslu í Þorlákshöfn, sem hefðu bæði fælingarmátt á óæskilega umferð í bæinn og nýst gætu til að upplýsa glæpamál. Einnig hefur verið rætt um að setja upp myndavélar við stofnanir sveitarfélagsins og hafa þær tengdar í miðlægu kerfi, s.s. höfn, grunnskóla, leikskóla, ráðhús og e.t.v. fleiri staði. Æskilegt að bera undir lögregluþjóföld hvort forvarnagildi sé falið í uppsetningu og rekstri slíkra myndavéla.

Nýfjárfesting í götum: Á nyrsta botnlanga í Unubakka að Unubakka 48 er eftir að leggja varanlega yfirborðsklæðningu. Lagt var á botnlangan olíumöl sem er skemmd og á árinu 2016 er fyrirhugað að setja malbik á götuna. Rífa þarf upp gömlu klæðninguna og undirbúa undir malbik. Áætlaður kostnaður er 6 m.kr. Lagt var á Laxabraut 2013 klæðning um 400 m. Eftir er að klára að leggja út fyrir Laxabraut 7 og eru það um 200 m. Áætlaður kostnaður um 3 m.kr. Af hagkvæmnisástæðum væri gott að taka stút/vegamót að gróðuræktarsvæði neðan vegamóta við Eyrarbakkaveg samhliða Laxabraut. Áætlaður kostnaður er 600 þús. kr Vesturbakkinn var unnin með lögnum og upp að neðra burðarlagi fyrir malbik. Áætlaður kostnaður fyrir efra burðarlag og malbik um 12.5 m.kr og kantstein og gangstétt um 4 m.kr. Mikilvægt er að horfa til lengingu á Hafnarbergi til suðurs. Þeirri götu verði áfangaskipt þannig að í 1. áfanga náist tengin inn fyrir íþróttasvæðið. Reiknað er með að grófvinna götustæðið með neðra burðarlagi og lögnum frá þar sem gatan endar syðst í Hafnarbergi til suðurs eftir skipulagðri gatnaleið og síðan til vesturs að bílplaninu við grasvellina. Áætlaður kostnaður um 22 m.kr. Eftir er að taka Faxabraut með lögnum og slitlagi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir stækkun þess hesthúsasvæðisins með byggingarlóðum sunnan við núverandi hús. Eftir er að gera götu að þeim lóðum. Í Faxabrautinni er ekki fráveitulögn þannig að hægt sé að tengja hvert hús fráveitu. Nokkur hús hafa breytt notkun gömlu húsanna þannig að þar er komin snyrting í tengslum við kaffistofur. Einn aðili hefur sett rotpró við sitt hús inn á svæði sem fyrirhugað er að úthluta lóðum á. Skoða þarf að fullgera Faxabraut með lögnum og bundnu slitlagi. Fyrsti áfangi væri að koma fráveitu í Faxabrautina. Hugmynd er að lögnin liggi að Reiðhöllinni og þar verði dælubrunnur er dældi fráveitunni að fráveitulögn í Biskupabúðir. Áætlaður kostnaður um 16.4 m.kr. Fyrsti áfangi væri um 4.6 m.kr. er að fullgera Faxabraut frá húsi nr. 11 að Faxabraut 12. Annar áfangi um 11.8 m.kr. er að taka Faxabrautina frá húsi nr. 11 að tengingu við Biskupabúðir. Þar inni er dælubrunnur, lagnir og búnaður við hann. Áætlun 2016 við fyrsta áfanga 4.6 m.kr. Áætlaður kostnaður 2017 11.8 m.kr.

Huga ber að klára tengingu á Ölfusbraut að Selvogsbraut á móts við Skálholtsbraut. Frá þeim stað sem Ölfusbraut greinist eru um 150 m að götustæði þar sem ný fráveitulögn var lögð fyrir nokkrum árum og þaðan eru um 100 m að Selvogsbraut. Hér inni er ekki gangstétt og kantsteinn. Spurning um tímasetningu. Grófvinna á fyrstu 150 m væri unnin 2018, áætlun 10.8 m.kr. og klára grófvinnu um 100 m 2019, áætlað 6.0 m.kr. Árið 2020 verður hringtorg og slitlag á götuna 14.0 m.kr. Halda þarf áfram með hönnun gatna á næstu árum með hliðsjón af eftirspurn eftir lóðum fyrir íbúðabyggð og að iðnaðarsvæðum vestan við bæinn og að höfninni. Tenging þjóðvegur að hafnarsvæðinu. Aðalskipulag gerir ráð fyrir að vegurinn fari inn á hafnarsvæðið. Skoðað verði að fara með þjóðveginn niður að mótun Hafnarskeiðs og tengja hann þar inn. Með þessu er verið að koma þungaflutningum inn á Hafnarskeiðið að hafnarsvæðinu og iðnaðarlóðum vestan við bæinn. Samhliða þessu væri lög ný vatnslögn á lagnasvæðið austan við Hafnarskeið og lögnin í Hafnarskeið aflögð. Lekar hafa komið reglulega í ljós á þessari leið og leiða má það að uppbygging á götunni og frágangi um vatnslögnina, sem lögð var um 1974, er þannig háttáð að hún þolir ekki þungaumferð. Með þessu væri einnig skoðað með að svera lögnina til að geta þjónað e.t.v. fyrirtækjum sem þurfa á miklu ferskvatni að halda.

Heimreiðar á lögbýlum: Föst fjárhæð 2,5 m.kr. áætluð til úthlutunar skv. reglum sveitarfélagsins um styrki til lagningar slitlags á heimreiðar.

Göngustígar: Ósk er um að gera gangbraut eða gangstétt frá mótum Unubakka og Selvogsbrautar, austan við götuna að Unubakka 4. Um þessa leið fer heimilisfólk frá Selvogsbraut 1 að Unubakka 4 til vinnu í VISS. Á lóðinni vestan við Selvogsbraut 2, að Unubakka, er fyrirhugað að segja niður móttökustað fyrir úrgang tilflokunar og förgunar frá íbúum og minni fyrirtækjum í Þorlákshöfn. Skoða þarf samhliða þeirri framkvæmd hvernig gangbrautin verður útfærð. Áætlaður kostnaður 1.6m.kr. Göngustígar í Básahrauni. Eftir er að klára tengingar á göngustígakerfinu. Áætlaður kostnaður 450 þ.kr. Eftir er að klára göngustíga í Búðahverfinu, áætlaður kostnaður 4 m.kr. Búðahverfi. Eftir er að steypa kantstein og malbika gangstéttar. Heildin er að upphæð kr. 21.437.000,-. Ekki er búið að byggja hverfið nema að hluta. Í heild fyrir kantstein er ekki tekið tillit til niðurtekna þar sem heimkeyrsla er að húsum. Skipting þannig: Ísleifsbúð að norðanverðu, kantsteinn 384.000,- snum 2, þá beggja vegna. Gangstétt öðru megin 985.000,- . Ísleifsbúð að sunnan verðu (ekkert hús komið þar), kantsteinn 265.000,- snum 2 beggja vegna. Gangstétt 810.000,-. Klængsbúð að norðanverðu, kantsteinn 508.000,- snum 2, beggja vegna. Gangstétt öðru megin 1.350.000,-. Klængsbúð að sunnan verðu, kantsteinn 420.000,- snum 2, beggja vegna. Gangstétt öðru megin 1.290.000,-. Pálsbúð að norðanverðu, kantsteinn 608.000,- snum 2, beggja vegna. Gangstétt öðru megin 1.580.000,- Pálsbúð að sunnan verðu, kantsteinn 575.000,- snum 2 beggja vegna. Gangstétt öðru megin 1.770.000,- Eftir að klára aðalgötuna, Biskupabúðir. Kantsteinn 196.000,-. Gangstétt 830.000,-. Tengigata á milli norður og suðurhverfis. Kantsteinn er beggja vegna 945.000,-. Gangstétt beggja vegna 2.730.000,-. Tengigata sunnan við hverfið, kantsteinn 560.000,- snum 2 beggja vegna, gangstétt örðu megin 1.650.000,-. Stígar á milli nýja og eldra hverfis og inn að opnu svæði, 4.015.000,-. Tillaga að á árunum 2016 verði farið í að malbika gangstéttir þar sem byggðin er komin og þá um leið að tengja saman gangstéttar og göngustíga. Gangstétt Pálsbúð áætlað 1.7 m.kr. Klængsbúð gangstétt norðan við Biskupabúðir, tengigötu, áætlað 1.45 m.kr. Gangstétt að norðanverðu við Biskupabúðir, tengigata milli hverfa, áætlað 1.5 m.kr. Alls 4.65 m. kr. Kantsteinar og gangstéttir sem eftir eru koma inn eftir uppbyggingu á hverfinu. Göngustígar að útsýnispalli. Kominn er göngustígur meðfram sjóvarnargarði að Sporinu. Eftir er að bæta við stíg að vitanum. Þessi stígur kallar á að brúa staði þar sem sjór gengur inn á landið.

Einnig að tengja göngustíginn inn á göngustíg sem liggur um hverfisverndina að íþróttasvæðinu. Sjá. Menningarnefnd hefur unnið við áætlun göngustíga innan hverfisverndarsvæðisins og tekur þá með þann göngustíg sem tengir leiðina frá útsýnispalli um hverfisverndina að íþróttasvæðinu. Að öðru leyti eru gangstéttar í hverfum listaðar upp undir nýfjárfestingu gatna og getur hluti fjárfestingarinnar því fallið undir fjárfestingu í gatnakerfinu.

Umferðaröryggismál: Hraðahindranir og hraðaupplýsingaskilti. Hámarkshraði í íbúðagötum er 30 km./klst. Þessi hámarkshraði er líka á götum í nágrenni skóla og leikskóla. Fyrirhugað er að setja upp stafræn hraðaupplýsingaskilti í nágrenni skólanna sem birta radarmælingar á hraða bíla.

Lýsing á Nesbraut: Mikilvægt verkefni út frá öryggissjónarmiðum en aðrir hafa bent á að þessu fylgi ljósmengun. Vegalengdin sem um ræðir er ca. 2,1 km. og búast má við að þörfin sé 80 staurar þar sem 40 m. eru áætlaðir á milli staura. Kostnaður pr. staur er áætlaður 300 þús. kr. og því alls um 24 m.kr. Ekki er hægt að koma þessari framkvæmd inn á fjögurra ára áætlun. Önnur hugmynd væri sú að aðgreina göngu- og akstursleiðir. Þetta verður skoðað síðar.

11 - Umhverfismál

Skrúðgarður: Endurbætur á skrúðgarðinum hafa staðið yfir frá árinu 2014 en þá voru 40 ár liðin frá því kvenfélagskonur í Þorlákshöfn hófu vinnu við gerð skrúðgarðsins. Áætlað er að endurbótum á garðinum ljúki árið 2016 en þá verður sett lýsing á stiga og haldið áfram með gróðursetningu.

Ekki liggur fyrir endanlegur ostnaður við lampa á staura og innfelda lýsingu.

Ekki liggur fyrir endanlegur kostnaður við plöntukaup og gróðursetningu.

Ef tíð verður óhagstæð getur hluti hellulagnar flust af árinu 2015 yfir á 2016.

Fegrin á innkomu í bæinn: Tillaga hönnuðar, sem hannar skrúðgarðinn og innkomu í bæinn, gerir ráð fyrir hlöðnum vörðum og gróðri vestan við innkomu í bæinn, frá umferðarljósum á mótum Hafnarbergs og Selvogsbrautar að hringtorgi við Suðurstrandarveg. Vörðuhugmyndin er með tengingu í sögu sveitarfélagsins og merkingu þjóðleiða. Hugmyndafræðin er að hefja verkið við umferðarljós og enda við hringtorg. Verk- og kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

Framlag vegna framkvæmda í Reykjadal: Gríðarleg ásókn ferðamanna er í Reykjadal en áætlað er að um 100 þús. ferðamenn komi þarna á ári, flestir yfir sumartímann. Ferðaskrifstofur gera út á ferðir í dalinn, s.s. með hesta-, göngu og hjólaferðir. Dalurinn þolir ekki þessa umferð m.v. núverandi ástand og mikið hættuástand hefur skapast í kringum hver í dalnum. Töluvert hefur verið bætt úr á síðustu árum en betur má ef duga skal. Mjög mikilvægt er að sækja fjármagn til hagsmunaaðila og sjóða því sveitarfélagið getur ekki staðið undir þeirri fjárfestingu sem þörf er á þarna. Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær og Eldhestar hafa fjármöggnuðu verkefnið á síðasta ári ásamt Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Vonast er til þess að hægt sé að halda verkefninu áfram og gert er ráð fyrir að lagt verði til þess 2 m.kr. á árinu 2016 svo framarlega að hagsmunaaðilar leggi fjármagns á móti. Inni í þessari tölu er vinna starfsmanna við undirbúning o.fl. Landeigandi, þ.e. ríkið eða Landbúnaðarháskóli Íslands, hefur ekki lagt fjármagn til verkefnisins.

Þessi liður verður færður undir rekstur (1125-4978).

Bætt aðgengi í Skötubót: Rétt austan við Þorlákshöfn, sunnan golfvallar er sandströnd sem er vinsæll viðkomustaður íbúa og þeirra sem til þekkja. Ekki hefur verið leitast við að kynna svæðið, þar sem erfitt er að komast ofan í fjöruna. Sandfjaran hefur gengið undir heitinu „Skötubót“, þó strandsvæðið sem örnefnið á við, sé ekki lengur til í kjölfar landfyllingar vegna breytinga á hafnarsvæðinu. Íbúar tengja heitið Skötubót við svæði sem þeim er ljúft að sækja með fjölskyldu og vinum. Þarna viðrar fólk hundana sína, þarna leika börnin í sandinum og undanfarið hefur svæðið sem um ræðir verið vinsæll útivistastaður fyrir brimbrettaiðkendur og jafnvel verið notað af fyrirtækjum sem eru með námskeið í brimbrettaiðkun.

Vegna mikillar aukningar ferðamanna til landsins og uppbyggingar ferðaþjónustu í Þorlákshöfn, hafa forystumenn sveitarfélagsins áhuga á að bæta aðgengið í sandfjöruna og auka þar með þá möguleika sem gestum og íbúum í Ölfusi bjóðast til að njóta náttúrunnar og eyða tíma saman. Ennfremur hjálpar það við að bæta þá aðstöðu og möguleika sem þarna eru fyrir brimbrettaiðkendur, þar sem með bættu aðgengi, myndast góð tenging milli golfskála og sandfjöru. Verkefnið miðar að því að skipuleggja svæðið þannig að komið verði til móts við þá sem vilja njóta strandarinnar. Fyrirhugað er að setja stiga niður í sandfjöruna, frá bílaplaninu sem er við Golfskála Þorlákshafnar. Hæðarmundur frá kambi niður í fjöruna er um 12 m.

Tilgangurinn er að auðvelda aðgengi að fjörunni. Byrjað væri með að steypa pall uppi, þaðan sem stiginn gengi frá og festist við að ofan. Nokkur þrep komi upp á pall sem næði fram yfir kambinn. Nokkrar tröppur koma niður á millipall. Stiginn fer síðan í 90° frá millipallinum samsíða kambinum niður á annan millipall. Þaðan fer stiginn í 180° samsíða kambinum niður á steyptan platta sem heldur stiganum föstum.

Með þessu verður hægt að beina gestum og ferðamönnum í sandfjöruna og bjóða íbúum að komast ofan í sandfjöruna, líka þeim sem eiga erfitt um að komast leiðar sinnar í djúpum sandi.

500 þús. kr. styrkur fékkst frá EBÍ árið 2014 vegna þessa verkefnis.

Þetta verkefni er fært á rekstur undir sama lið og Reykjadalur (1125-4978).

Hverfisverndarsvæði: Stefnt er að því að halda áfram vinnu við uppbyggingu hverfisverndarsvæðisins, en það er svæðið sunnan við Egilsbraut. Næsti áfangi í uppbyggingu svæðisins er gerð göngustígs. Farið verður í að vinna undirlagið fyrir stíginn og gera hann tilbúinn fyrir malbikun. Lengd stígsins er um 1300 m. Áætlaður kostnaður er um 8.500.000 kr. Inni í því er lýsing uppá 2.500.000 kr.

Svæðið umhverfis útsýnisskífu: Þetta svæði lítur ekki út fyrir að vera fullklárað og áhugavert væri að klára það á næstu árum.

13 - Atvinnumál

Fjárréttir: Á árinu 2015 var byrjað á framkvæmd við fjárréttir í Ölfusdal. Búið er að gera púða undir réttirnar og kaupa hluta efnis. Fyrirhugað var að klára framkvæmdirnar á árinu en þær voru stöðvaðar vegna athugasemda frá Hveragerðisbæ. Áformað er að klára þessa framkvæmd á árinu 2016 og er áætlaður kostnaður á því ári 3 m.kr. og því heildarkostnaður við verkið um 8 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir neinni veglagningu í þessari áætlun.

31 - Eignasjóður

Fasteignir: Hérna er sett fjárhæð ef til kemur að sveitarfélagið fjárfesti í fasteign/um.

33 - Þjónustumiðstöð

Tækjabúnaður: Þéttbýlið hefur stækkað mikið á síðasta áratug og vaxandi þörf er fyrir stærra fjölnota tæki. Slíkt tæki væri hægt að nota við snjómokstur á gangstígum á veturna og eins til að sópa götur. Einnig þarf að fjárfesta í minni slátturtækjum s.s. orfum og handslátturvélum eins og loftpúðavél til að nota á manir og hóla eða 500 þús. kr. árlega en þá verður þetta fært undir tækjakaup undir 3321-2811.

Tilboð í Kubota traktor með sláttuvél, ámoksturstæki og sand/áburðardreifara á 7.550.000 kr. m. vsk. Það er þriggja vikna bið eftir svona vél. Sniðug fjölnota vél sem nýtist í snjómokstrinum, í sumarslættinum og til alhliða garðyrkjustarfa. Einnig er hægt að fá sóp á vélina og sláttuvagn en þetta er ekki inni í tilboðinu og verður vagninn amk. keyptur síðar.

Baklóð, girðing: Þetta verkefni verður að haldast í hendur við framkvæmdina við gá mavöllinn sem fyrirhugað er að staðsetja á baklóð áhaldahúss. Að gá mavellinum slepptum þá er þetta fyrst og fremst spurning um að gera snyrtilegt í kringum þjónustumiðstöðina. Þegar snyrtilegt er orðið við þjónustumiðstöðina er það orðin alvöru forsenda fyrir því að krefja aðra lóðarhafa í iðnaðarhverfum um að girða af þá hluti sem geymdir eru á lóðum þeirra.

41 - Hafnarsjóður/Þorlákshöfn

Lóðarframkvæmdir hafnarhúsi: Gengið hefur verið frá flotbryggjum og ekki fyrir séð að meira verði gert þar á næstu árum. Búið er að skipta um dekk á Svartaskeri og mun sú aðgerð nýtast þegar farið verður í endurbætur á þilinu. Ekki er fyrir séð að á næstu árum verði farið í malbikun plana vegna annarra stórra verkefna, en þó verður að gera ráð fyrir því að á einhverjum tímapunkti verði að malbika geymsluplön fyrir áburð og hugsanlegur er frágangur ofan smábátahafnar. Þessar framkvæmdir verður þó aðeins farið í ef brýna nauðsyn krefur og eru ekki settar inn á fjögurra ára áætlun þar sem forsendubreytingar í rekstri verða það miklar ef til þessa kemur.

Stækkun hafnar: Á árinu 2015 hófust framkvæmdir við endurbætur á höfninni og var byrjað á því að dýpka milli Norðurvararbyggju og Suðurvararbyggju. Grafið var niður á -8 m. inn að grjóthleðslu við land, framan við Frostfisk. Grafið var úr höfninni og henni allri komið í hönnunardýpi en alls voru um 46 þús. m³ grafnir vegna viðhalds. Í byrjun nóvember var búið að grafa um 50 þús. m³ vegna stofndýpkunar og var ætlunin að reyna að ná upp 40 þús. m³ til viðbótar.

Eitt megin markmiðið með heildarframkvæmdinni er brýn viðhaldspörf á gömlu kerjabryggjunni á Suðurvarargarði og viðlegukanti Svartaskersbyggju, en elsti hluti hennar er frá árinu 1974. Þil bryggjunnar eru farin að tærast mikið og fylling er farin að renna undan dekki hennar á all nokkrum stöðum. Með því að laga bryggjunnar, dýpka svæðið fyrir framan þær og fjarlægja það sem eftir er af Norðurvararbyggjunni fæst örugg höfn sem getur tekið á móti allt að 180 m. löngum skipum, en í dag eru lengstu skipin sem koma í höfnina um 120 metra löng.

Frumkostnaðaráætlun Vegagerðarinnar gerði ráð fyrir tæplega tveggja milljarða króna kostnaði við heildarframkvæmdina en ljóst er af framkvæmdum ársins 2015 að dýpkunarhluti framkvæmdarinnar verður mun lægri en sú áætlun. Heildar stofnkostnaður við framkvæmdir árið 2015 var um 111 m.kr. þar af var hlutur Þorlákshafnar 40%. Kostnaður vegna viðhaldsdýpkunar var um 55 m.kr. og hlutur Þorlákshafnar þar af 40% einnig.

Árið 2016 er gert ráð fyrir því að Norðurvararbyggjan verði rifin og höfnin dýpkuð að fullu í -8 m. Kláraður verður frágangur við landfyllingu skv. hönnun. Áformað er að fjarlægja endann á gamla grjótgarðinum sem gengur út í innsiglinguna. Heildarkostnaður við þetta er áætlaður um 150 m.kr. og er hlutur hafnarinnar 40% eða um 60 m.kr.

Árið 2017 er gert ráð fyrir nýju 200 m. stálþili við Svartasker. Áætlaður kostnaður pr. m. er 2 m.kr., þ.e. heildarkostnaður um 400 m.kr. og hlutur hafnarinnar 25% eða um 100 m.kr.

Árið 2018 er gert ráð fyrir nýju 250 m. stálþili við Suðurvarargarð og breikkun bryggjunnar. Áætlaður kostnaður pr. m. er 2,5 m.kr., þ.e. heildarkostnaður um 625 m.kr. og hlutur hafnarinnar 25% eða 156,25 m.kr.

Áhöld og tæki: Árið 2015 var fjárfest í verkstæðishúsnæði fyrir höfnina og keyptur var dekkjagatari í húsið. Að öðru leyti hefur ekki verið fjárfest í búnaði fyrir verkstæðisaðstöðuna. Gera má ráð fyrir því að árið 2016 verði fjárfest í búnaði fyrir 2 m.kr. og sambærilegt næstu ár.

43 - Vatnsveita

Fjölgun á stofnlokum og lekaleit: Eins og sjá má á þeirri miklu næturðælingu sem er í gangi þá finnst okkur það nokkuð augljóst að einhver staðar í kerfinu sé leki sem við höfum ekki fundið. Því finnst okkur það nauðsynlegt að fara í markvissa lekaleit en hún getur verið mjög seinleg og kostnaðarsöm því hún þarf að fara fram að mestu á nóttinni til að hægt sé að hlusta eftir leka með sérstökum búnaði. Núna er dreifikerfi veitunar þannig uppbyggt að sumstaða þarf að loka fyrir mjög stór svæði ef eitthvað bilar eða það þarf að endurnýja eitthvað. Ef stofnlokarnir væru fleirri þá mætti loka fyrir minni svæði í einu með minni óþægindum fyrir íbúana. Eftir uppteikningu á kerfinu er bærinn svæðisskiptur og þá hægt að meta hvernig loka á fyrir ákveðinn hverfi komi til bilana eða fara í lekaleit. Árið 2014 var byrjað á fyrsta áfanga að fjölga stofnlokum. Markmið er að á 2-3 árum verði því verki lokið. Kort af veitukerfinu er til í Landupplýsingakerfinu "Granna" en þar inn vantar svolítið af upplýsingum td. Um staðsetningu loka ofl. Mjög mikilvægt er að þetta kort verði yfirfarið og uppfært til að upplýsingar um stærð, lega og viðhald lagna sé til á einum stað og allir sem á þurfa að halda geti nálgast þær upplýsingar. Unninn verði grunnur fyrir allar stofnlagirnir bæjarins. Á grunni þeirra er bænum skipt upp í svæði, þannig að hægt sé að sjá hvernig lokun fer fram á vatni eða viðhald á lögnum. Heildarkostnaður áætlaður 3 m.kr. og skiptist á næstu þrjú ár.

Færsla á vatnsbóli: Skv. aðalskipulagi 2010-2022 ber að færa vatnsból á Hafnarsandi vestar og leggja nýja lögn til bæjarins. Áætlaður kostnaður vegna hönnunar á árinu 2016 er 1 m.kr. Á árunum 2017-2020 verði boraðar nýjar vatnstökuholur og lögð tvöföld lögn til bæjarins sem tengist inn á núverandi kerfi. Liður í þessu er að leggja niður vatnstöku í Unubakka og flytja búnaðinn þaðan í nýtt dæluhús vegna mengandi atvinnustarfsemi í nágrenni þess vatnstökustaðar. Ef upp koma verkefni eða aðstæður sem krefjast aukinnar afhendingar á vatni frá veitunni getur orðið nauðsynlegt að flýta þessum framkvæmdum.

Berglind: Vegna mikillar og stöðugrar uppbyggingar í dreifbýli Ölfuss þykir sýnt að efla þarf dreifbýlsvatnsveituna Berglindi á komandi árum. Hluti lagna í lagnakerfi Berglindar eru orðnar gamlar, frá 1963, og þegar þær voru lagðar þá voru þær hugsaðar fyrir mun færri notendur, núna er búið að tengja mikið af húsum inn á kerfið og alltaf að bætast við og fyrrisjáanlegt að það muni bara aukast, núna annar kerfið ekki almennilega þeim notendum sem komnir eru og það eru fleirri að sækja um að tengjast. Sem dæmi þá er það bara 50 mm lögn sem er að fæða Gljúfurárbyggðina sem síðan er sveruð upp í 180 mm lögn í götunum þar, við þessar aðstæður eru brunahanarnir þarna gagnslausir ef á þyrfti að halda í bruna. Vinna þarf heildarsýn á afkastagetu Berglindar. Fleiri hús, bæði ný og einnig stækkun á mannvirkjum eru að bætast við á lögnina. Með að samþykkja ný hús eða stækkun þeirra er verið að auka álagið á veitunni. Ekki er til nægt brunavatn og erfitt að heimila ný mannvirki nema að horfa til afkastagetu Berglindar. Gerð var gróf áætlun með að svera lögnina frá bóli að Gljúfurárholti, með minnsta sverleika á lögninni sem hægt var að komast af með. Þá var áætlunin á milli 30 og 40 milljónir. Síðan er eftir að endurnýja Bakkarárholtisveituna, sem lögð var 1963, og liggur hún um tón og skurði og er sverleiki hennar langt undir því sem þarf til að afhenda brunavatn. Þrýstingurinn á Berglindi er um 2 bör, sem er frekar lítið, miðað er við 4 bör hér í Þorlákshöfn. Og þegar saman fara bæði grannar lagnir og lítill þrýstingur þá má lítið út af bregða til að vandræði komi upp. Sem dæmi þá þurfti að loka fyrir í sumar vegna bilunar og þegar hleyft var aftur á þá fékk efsta húsið í Gljúfurárbyggðinni ekki vatn aftur fyrr meira en 12 tímum seinna vegna þess að það mynndaðist lofttappi í lögninni og hann var svona lengi að losna vegna lágs þrýstings. Við yfirferð á lögnum, þar með tengistykkjum þar sem verið er að greina heimæðar frá stofnlögninni á Bakkarárholtisveitu, er hægt að meta viðhalds eða endurnýjunar þörfina. Í þetta verk þarf verktaka sem yfirfer svæðið sem veitan er á. Grafa þarf niður hér og þar til að finna tengingar og endurnýja þær eftir þörfum. Líklega þarf að deilda verkinu niður á tvö ár með þeim verktaka sem kemur að verkinu. Aðgengi að slökkvivatni er frekar erfitt á því svæði sem vatnsveitan Berglind þjónar. Skoða þarf vandlega á næstu árum uppsetningu á brunahönum. Sverun á stofnlögninni frá vatnsbóli Berglindar að afleggjara að Gljúfurárholti er um 65.200.000,-. Eftir er þá að svera upp lögnina er nær að Völlum/Eldhestum. Hérna er bara skoðað með sverun lagna til að geta afhent brunavatn en samhliða þessu þarf að skoða endurbætt/nýtt vatnsból til að geta aukið þrýsting á lögninni og einnig til að mæta aukinni eftirspurn eftir afhendingu vatns. Engin varadæla er fyrir Berglindi. Fljótlega þarf að skoða með kaup á varadælu, sem gæti kostað með niðursetningu 1 m.kr.

53 - Íbúðir eldri borgara

Egilsbraut 9: Forsvarsmenn Sveitarfélagsins Ölfuss í samvinnu við Höfn hollvinasamtök og Félag eldri borgara í Ölfusi hafa unnið að undirbúningi bættrar aðstöðu fyrir eldri borgara Ölfusi en sveitarfélagið er eitt fárra á Suðurlandi þar sem hjúkrunarrými eru ekki í boði fyrir aldraða og það fjölmennasta. Þung umræða hefur verið í samfélaginu um aðbúnað fyrir eldri borgara í Ölfusi (Þorlákshöfn og nágrenni) í hjúkrunarþörf. Í lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu segir í 32. gr. um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga: "Kostnaður við byggingu og búnað sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði. Þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila skal vera 15% af stofnkostnaði. Meiri háttar viðhald og tækjakaup teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja telst ekki til stofnkostnaðar. Sveitarfélög láta í té lóðir undir byggingar skv. 1. mgr., þ.m.t. íbúðarhúsnæði sem ætlað er starfsmönnum, ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda og lóðarleigu. Eignarhlutur hvors aðila um sig skal vera í samræmi við kostnaðarhlutdeild skv. 1. mgr. Hvorugur aðili á kröfu á hinn um leigu vegna eignar eða eignarhluta." Ef fara á í slíka framkvæmd, hugsanlega 20 hjúkrunarrýma verður að hugsa til þess í framtíðaráætlunum sveitarfélagsins. Ef slík fasteign væri 500 fm. að grunnfleti á tveimur hæðum má áætla byggingar- og stofnkostnað um 420 m.kr. sem sjálfstætt hús. Tenging við núverandi húsnæði gæti kostað um 30 m.kr. 15% hlutur sveitarfélagsins með tilvísun í lögin væri því 67,5 m.kr. Hvernig sem mál þróast til framtíðar er ákaflega mikilvægt að komið verði á sólarhrings öryggisvakt fyrir íbúa Þorlákshafnar og er þá sérstaklega horft til þeirra sem búa á Níunni og í íbúðum Elliða. Inn í slíka útfærslu verður ríkið að koma í samstarfi við sveitarfélagið.

57 - Félagslegar íbúðir

Nýjársfesting í félagslegu húsnæði: Vandamál hafa verið með viðhald á hluta þeirra eigna sem sveitarfélagið á og leigir út til skjólstæðinga félagsþjónustu. Einhverjar þessara þarfnast verulegs viðhalds en ókosturinn er að ekki næst samastaða um nauðsynlegt viðhald sameignar. Sú hugmynd hefur komið upp að selja þessar íbúðir og kaupa eftir atvikum annað húsnæði eða leigja. Skv. upplýsingum frá félagsþjónustu er þörfin fyrir félagslegt húsnæði í eigu sveitarfélagsins 3-4 íbúðir á hverjum tíma. Sérstakar húsaleigubætur draga verulega úr þörf fyrir því að sveitarfélagið eigi slíkar íbúðir.

61 - Fráveita

Lenging á útrás fráveitu/nýtt fráveituhús: Mjög mikilvægt er að færa útrásina bæði vegna ásýndar og eins vegna mikils sandburðar sem stíflað getur útrásina ef dælur stoppa. Vandræði hafa á síðustu árum verið með fráveitudælurnar, þær hafa verið að stíflast vegna aðskotahluta í skolpinu, t.d. vegna snæra, öngla og trefjaklúta. Til að losna við þetta vandamál þarf að setja upp 1. stig í hreinsistöð, grófhreinsibúnað og/eða herða verulega reglur og eftirlit með umgengni fyrirtækja um fráveituna. Reglur og eftirlit er á verksviði HES. Hreinsistöð er þó nokkuð fyrirtæki vegna þess hversu mikið magn kemur af skolpi sem er afleiðing þess að einfalt skolpkerfi er í þéttbýli sveitarfélagsins, þ.e. rigningarvatn er ekki skilið frá. Fyrirtækið Varma og vélaverk er búið að skoða fyrir okkur hvað vélbúnaðurinn mundi kosta en til viðbótar þarf að byggja þó nokkuð mannvirki til að koma búnaðinum fyrir og nokkur þjónusta er við reksturinn. Það er mikilvægt að finna laun á þessu því í dag er nokkur sjónmengun þó ekki sé mælanleg saurgerlamengun í Skötubótinni, sem er fallgur og vinsæll útivistarstaður.

Mikilvægt er að þetta verkefni verði unnið samhliða skipulagsvinnu og framkvæmdum við höfnina. Gert er ráð fyrir að á árinu 2016 verði settar 1,5 m.kr. í hönnun, mælingar og skoðun á lagnastæðinu. Á næstu árum verði unnið að frekari úrbótum á fráveitunni til samræmis við nýja reglugerð um fráveitur sem er í vinnslu.

Nýfjárfesting í fráveitulögnum: Vegna framtíðaruppbyggingar er nauðsynlegt að gera ráð fyrir fjármagni til fráveitu. Uppbygging er í hesthúsahverfi við Faxabraut og halda þarf áfram með framkvæmdina á næstu árum með hliðsjón af eftirspurn eftir lóðum og tengingum við fráveituna. Fyrir liggur skýrsla frá VSÓ um lausn fráveitumála í Þorlákshöfn, m.a. er þar greining á hvernig leysa skal fráveitumálin frá Egilsbraut sem núna rennur í höfnina við Suðurgarð. Gera má ráð fyrir árlegri fjárfestingu að fjárhæð kr. 5 m.kr. á árunum 2016-2017 en hugsanlega lækkar sú fjárhæð síðar. Fráveituframkvæmdir eru alger forsenda fyrir því að hægt sé að fara í gatnagerð í þéttbýlinu. Framtíðarsýninni hefur þegar verið lýst í skýringum með fjárfestingu í gatnagerð. Ef farið verður í markaðsátak vegna lóða í Þorlákshöfn, s.s. vegna miðbæjarlóða verður að gera ráð fyrir fjármagni á næstu árum til veituframkvæmda. Hérna skal sérstaklega bent á lóð við Ölfusbraut sem hugsuð er fyrir eldsneytisafgreiðslu, vöru- og þjónustusölu.

VIÐHALDSÁÆTLUN

Áætlun meiriháttar viðhalds (þús. kr.)	2016	2017	2018	2019	Samtals	2020	2021	2022	Síðar
06 - Æskulýðs- og íþróttamál									
0611-4964 Leikvellir viðhald leiktækja	885	885	900	950	3.620	850	850		
0611-4966 Leikvellir viðhald lóða	1.000	250	300	1.000	2.550	200	200		
Samtals 06	1.885	1.135	1.200	1.950	6.170	1.050	1.050	0	0
08 - Hreinlætismál									
0822-4965 Viðhald húsa á gámvelli	50	50	50	50	200	50	50	50	
0822-4966 Viðhald gámvallar	250	450	450	450	1.600	450	450	450	
0823-4321 Skráning og úttekt á rotþrómm í dreifbýli	650	650	650	100	2.050	100	100	100	
0851-4990 Meindýraeyðing	105	105	105	500	815	150	150	150	
Samtals 08	1.055	1.255	1.255	1.100	4.665	750	750	750	0
10 - Umferðar- og samgöngumál									
1031-4960 Viðhald gatna	13.000	13.000	15.000	25.000	66.000	13.000	13.000	13.000	
10411-4960 Viðhald gangbrauta og stíga	2.000	2.000	3.000	5.000	12.000	2.000	2.000	2.000	
1053-4960 Umferðarmerkingar	630	500	500	500	2.130	500	500	500	
Samtals 10	15.630	15.500	18.500	30.500	80.130	15.500	15.500	15.500	0
11 - Umhverfismál									
1122-4966 Skrúðgarður	350	350	500	500	1.700	500	500	500	
1152-2922 Plöntur og fræ	3.000	3.000	3.000	2.000	11.000	2.000	2.000	2.000	
1152-2923 Grasþökur	1.000	1.000	1.000	1.000	4.000	1.000	1.000	1.000	
1152-2924 Áburður	850	850	850	500	3.050	500	500	500	
1152-4960 Fegrun bæjarins, viðhald	1.400	1.400	1.500	1.500	5.800	600	600	600	
1152-4981 Fegrun bæjarins, vinna verkamanna	5.200	5.200	5.500	5.500	21.400	2.500	2.500	2.500	
Samtals 11	11.800	11.800	12.350	11.000	46.950	7.100	7.100	7.100	0

13 - Atvinnumál											
1322-4960	Fjárréttir	230	230	250	250	960	500	500			
Samtals 13		230	230	250	250	960	500	500	0	0	
31 - Eignasjóður											
31101-4965	Grunnskólinn í Þorlákshöfn, viðhald húsa	11.750	7.000	6.000	6.000	30.750	6.000	30.000	6.000		
31151-4965	Leikskólinn Bergheimar	2.500	2.500	2.500	2.500	10.000	3.000	3.000	3.000		
31201-4965	Íþróttahús Þorlákshafnar	8.000	2.000	2.000	2.500	14.500	2.500	2.500	2.500		
31201-4965	Þrekstöð/líkamsrækt Þorlákshafnar	500	500	500	500	2.000	500	500	500		
31251-4960	Sundlaug Þorlákshafnar	9.000	4.000	3.000	6.000	22.000	6.000	6.000	6.000		
31254-4960	Þorláksvöllur	1.000	800	500	500	2.800	500	500	500		
31272-4960	Háaleitisvöllur	600	600	600	300	2.100	300	300	300		
31274-4965	Tjaldstæði	165	200	200	200	765	200	200	200		
31301-4965	Hafnarberg 1, ráðhús	3.500	5.000	5.000	1.500	15.000	2.000	2.500	2.500		
3138-4965	Slökkivstöð Þorlákshafnar	1.500	1.300	1.300	500	4.600	300	300	300		
3161-4965	Eyjahraun 8	880	250	250	250	1.630	250	250	250		
3164-4965	Aðrar fasteignir					0	2.500	2.500	2.500		
Samtals 31		39.395	24.150	21.850	20.750	75.395	24.050	48.550	24.550	0	
33 - Þjónustumiðstöð											
3321-2811	Áhöld og tæki	500	500	350	350	1.700	350	350			
3321-4965	Viðhald fasteigna	1.000	1.000	1.000	1.000	4.000	500	500			
Samtals 33		1.500	1.500	1.350	1.350	5.700	850	850	0	0	
41 - Þorlákshöfn											
4111-4960	Hafnarmannvirki	5.000	5.000	5.000	5.000	20.000	3.000	4.000			
4151-4960	Hafnsögubáturinn Ölver	2.200	2.200	2.200	2.200	8.800	2.000	2.000			
4161-4965	Hafnarbakki 8	125	125	125	125	500	1.000	1.500			
4175-4990	Sjóvarnir	0	0	0	0	0	0	0			
Samtals 41		7.325	7.325	7.325	7.325	29.300	6.000	7.500	0	0	

43 - Vatnsveita										
4311-4960	Viðhald vatnsveitu í þéttbýli	3.000	3.000	3.000	3.000	12.000	3.000	3.000	3.000	
4311-4960	Viðhald, Berglind	1.000	1.000	1.000	1.000	4.000	1.000	1.000	1.000	
4311-4965	Viðhald húsnæðis, Selvogsbraut	400	400	400	400	1.600	400	400	400	
4311-4965	Viðhald húsnæðis, Berglind	500	500	250	250	1.500	250	250	250	
4311-4321	Kortlagning á lagnakerfi, sérfræðipjónusta	500	500			1.000				
	Samtals 43	5.400	5.400	4.650	4.650	20.100	4.650	4.650	4.650	0
53 - Íbúðir eldri borgara										
5311-4965	Viðhald húsnæðis Egilsbraut 9	5.600	3.000	2.000	2.000	12.600	2.000	2.000		
	Samtals 53	5.600	3.000	2.000	2.000	12.600	2.000	2.000	0	0
57 - Félagslegar íbúðir										
5716-4965	Selvogsbraut 1, viðhald	4.000	2.950	2.450	1.450	10.850	750	750		
5719-4965	Sambyggð 6	1.500	1.500	1.500	1.500	6.000	200	200		
5722-4965	Sambyggð 8 0103	1.500	1.500	1.500	1.500	6.000	200	200		
5725-4965	Sambyggð 8 0202	1.500	1.500	1.500	1.500	6.000	200	200		
5731-4965	Norðurbyggð 22b	1.045	250	1.000	250	2.545	100	100		
5733-4965	Norðurbyggð 24b	1.250	250	250	250	2.000	100	100		
	Samtals 57	10.795	7.950	8.200	6.450	33.395	1.550	1.550	0	0
61 - Fráveita										
6111-4960	Viðhald fráveitukerfis	2.000	2.000	2.000	2.000	8.000	2.000	2.000		
6111-4985	Hreinsun holræsa	1.825	1.825	1.825	1.825	7.300	2.000	2.000		
	Samtals 61	3.825	3.825	3.825	3.825	15.300	4.000	4.000	0	0
Alls áætlað til meiriháttar viðhalds		102.555	81.935	81.555	89.200	355.245	66.950	92.950	52.550	0

* Rauður hluti skjalsins er ekki hluti samþykkrar áætlunar en er hugsaður til skýringa og einföldunar við framtíðaráætlunargerð
Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir viðhaldsfjármagni til allra fastafjármuna til samræmis við meðaltal síðustu ára. Ef fyrir séð er að auka þurfi fjármagn til einstakra verkefna, frá því sem að jafnaði er áætlað, er sú breyting rökstudd í þessu skjali. Almennar skýringar standa í texta skjalsins þó svo fjárhæðir séu ekki skilgreindar í því. Fjárhæðir á viðhaldslyklum í sjálfri fjárhagsáætluninni geta verið aðrar en fram kemur í þessu skjali en það er fjárhæðir sjálfrar áætlunarinnar sem gilda.

Áætlun meiriháttar viðhalds (þús. kr.)

06 - Æskulýðs- og íþróttamál

- 0611-4964 Leikvöllir viðhald leiktækja: Gert var heilmikið átak í viðhaldi á leiktækjunum á öllum leikvöllum. Það hefur lítið verið hugsað um leiktækin undanfarin ár. Við tókum öll tækin og burstuðum, þússuðum og máluðum. Það er allt annað að sjá þau núna. En það eru nokkur leiktæki sem þarf að fara að skipta út fyrir ný. Best væri að skipta út 1-2 leiktækjum á ári, fer eftir verði leiktækis í hvert sinn. Á næsta ári verðum við að skipta út tveimur leiktækjum á Eyjahraunsleikvelli en þau eru orðin mjög illa farin. Kostnaður er um 800 þús – 1 m.kr. Á Oddabrautarleikvöllinum skiptum við út öllum gróðri sem var orðinn ónýtur og settum nýjar plöntur. Einnig var sett varnargirðing í kringum beðin. Það þarf að huga að því að setja gróður á hina leikvöllina. Það er enginn gróður þar. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerði úttekt á öllum leikvöllum í haust. Þetta er gert á hverju ári og koma þá athugasemdir frá þeim um hvað við þurfum að laga. Það kom ýmislegt í ljós og erum við búin að laga það sem hægt er en sumt verður að bíða þangað til næsta sumar.
- 0611-4966 Leikvöllir viðhald lóða: Hérna er fyrst og fremst verið að tala um áburð, plöntur og viðhald girðinga. Í ljósi reynslu má búast við að þetta séu um 200 þús. kr. á ári. Ef endurnýja þarf girðingar á þessum svæðum mun þessi upphæð verða mun hærri. Gera má ráð fyrir að skipta þurfi um lúna girðingu umhverfis leikvöllinn við Eyjahraun á næstu árum. Svona framkvæmd gæti kostað um 1 m.kr. og er sú fjárhæð sett á árið 2016.

08 - Hreinlætismál

- 0822-4965 Viðhald húsa á gámavelli: Ef farið verður í uppbyggingu nýs gámavallar á árinu 2016 þarf að gera ráð fyrir niðurrifi og frágangi á eldra svæði. Stefnt er að því að nýta starfsfólk sveitarfélagsins í þessa vinnu. Ef gámavöllur verður staðsettur á lóð áhaldahúss í framtíðinni er lágmarkspörf til viðhalds húsa.
- 0822-4966 Viðhald gámavallar: Gera verður ráð fyrir árlegu viðhaldi á gámavelli í framtíðinni, s.s. á búnaði, girðingum og plönnum. Frágangur á aflögðu svæði verður unninn af starfsfólki sveitarfélagsins að mestu auk aðkeyptrar vélavinnu. Hluti þessa kostnaður sem áætlaður er kemur inn sem tekjur hjá þjónustumiðstöð. Eftir 2015, verði ekki kominn ákvörðun um flutning á gámasvæði, þarf að fara í verulegar framkvæmdir á girðingu, bundnu slitlagi á gámavöllinn með tilheyrandi fráveitulögnum og olúgildru. Auk þess er rampur að hruni kominn og orðinn hættulegur. Geymslusvæði við Nesbraut, sem fyrirhugað er að flytja. Ákveðið hefur verið að færa það á milli núverandi gámasvæðis og Hafnarskeið 28.

0823-4321	<p>Skráning og úttekt á rotþróum í dreifbýli: Í landupplýsingakerfinu "Granna" er hnitasett skráning á um 180 rotþróum í Ölfusi en þær eru eftir því sem næst verður komist yfir 250, því er ljóst að til að einhver not séu af skráningunni í Granna þá verður að uppfæra hana og mæla inn þær rotþræur sem ekki eru inni. Þegar því verður lokið þá verður mun þægilegra að sinna lögbundnum tæmingum sem sveitarfélagið á að sjá um og eftirliti með því. T.d. getur sá aðili sem sér um tæminguna fengið hnitasetta skrá beint í GPS-tæki yfir þær þræur sem tæma á í hvert skipti og þarf ekki að eyða löngum tíma í að leita að þeim.</p> <p>Ástand á rotþróum er ekki gott á mörgum stöðum. Sumstaðar vantar siturlögn og annars staðar er þróin steinsteypt og með einu hólfi en ekki þremur eins og á að vera. Því er ljóst að eyða þarf miklu púðri í það að hvetja húseigendur til útbóta. Hér þarf að vinna með HES í skoðun og úttekt á rotþróum. Margar rotþræur eru ekki með virkni og slæmur frágangur á siturlögn. HES hefur valdboð til að kalla eftir að eigendur rotþróa lagfæri þær (og siturlagnir) þannig að þær mengi ekki út frá sér.</p>
0851-4990	<p>Meindýravarnir. Árlega verði eitrad í brunna við hafnarsvæðið vegna hættu á að rottur berist með erlendum skipum. Áætlað að á því svæði séu um 30 brunnar og 5 þús. kr. pr. brunn, eða 150 þús. kr. á ári. Árið 2019 væri þessi upphæð 1 m. kr. því þá væri allur bærinn tekinn undir.</p>

10 - Umferðar- og samgöngumál

1031-4960	<p>Viðhald gatna: Hér á eftir fer leiðbeinandi framkvæmdaáætlun til næstu fjögurra ára en taka skal fram að hún getur tekið breytingum með breyttum áherslum skv. framtíðar þarfagreiningu: Árið 2016 verður malbik endurnýjað á gatnamótunum við ljósin, gatnamót Selvogsbrautar og Hafnarbergs (Ölfusbrautar), ennfremur verður hugað að endurnýjun á eldri götum, hugað verður sérstaklega að Bergum og Brautum. Áfram verður unnið að nauðsynlegum holuviðgerðum. Árið 2017 áfram unnið í Bergum og Brautum auk fyrirsjáanlegs viðhalds. Árið 2018 verður unnið að nauðsynlegu viðhaldi, ennfremur verður lagt slitlag á Hafnarberg frá umferðarljósum að Knarrarbergi, samhliða því verða gerðar breytingar á götunni til að koma fyrir bílastæðum og draga úr umferðarhraða. Unnið verði að þessum framkvæmdum á tímabilinu apríl - júní/júlí, þannig að framkvæmdum verði lokið vel fyrir Unglingalandsmótið. Árið 2019 verður farið í að taka elstu götur bæjarins í gegn, vatns- og fráveitulagnir endurnýjaðar og göturnar malbikaðar, göturnar sem um ræðir eru Reykjabraut, Oddabraut, Egilsbraut og Skálholtsbraut. Fyrirhuguð er myndataka á fráveitulögnunum í þessum götum, þá geta komið í ljós skemmdir sem leiða til þess að flýta þurfi þessum framkvæmdum. Búið er að marka þá stefnu að þegar viðhalda á götum í þéttbýli verður notað hefðbundið malbiki (upb. 3-5 cm. þykkt) en helst ekki nota ódýrari leiðir, s.s. "microsurfacing/ralomag", eins og notuð var sumarið 2013. Malbikun er varanlegri aðferð og fallettari ásýndar en fallettari ásýndar væri þó að helluleggja götur og gangstéttar þar sem mögulegt er að koma því við. Ódýrari aðferðina er hægt að nota til smærri viðgerða og á götum þar sem umferð er léttari. Viðhald gatna hangir saman við framkvæmdir við veitur og öfugt.</p>
10411-4960	<p>Viðhald gangstétta og stíga: Víða um bæinn eru steiptar gangstéttar orðnar mjög skemmdar og hættulegar því að í þær eru komin misgengi. Göngustígar í þéttbýlinu eru farnir að láta á sjá og þarfnast víða lagfæringa. Áætlaðar eru 2 m.kr. í viðhald göngustíga fyrstu ár áætlunarinnar en gert ráð fyrir hækkun frá 2018. Á árunum 2017 - 2020 verður unnið við viðhald gangstétta: Gangstéttar í Reykjabraut, Oddabraut, Egilsbraut, Skálholtsbraut og Hjallabraut þarfnast viðhalds mjög fljótt, t.d. er yfirborðið á gangstéttinni í Reykjabraut það óslétt að hætta getur verið að því fyrir gangandi. Fallettari og skemmtilegt gæti verið að helluleggja gangstéttar í elsta hverfinu og jafnvel í þeim nýrri. Unnið verður að endurnýjun þessara gangstéttanna samhliða viðhaldi gatna, enda má gera ráð fyrir að nýjar heimtaugar þurfi að þvera þær. Samhliða þessu verður unnið við viðhald gangstétta í öðrum hverfum t.d. Bergum.</p>

1053-4960 Umferðarmerkingar: Með tilliti til umferðaröryggis þurfa umferðarmerkingar í þéttbýlinu að vera góðar, s.s. miðlínur gatna og merkingar við gatnamót.

11 - Umhverfismál

1122-4966 Skrúðgarður: Á árinu á nýframkvæmdum að ljúka. Hefðbundið viðhald við slátt og klippingu trjáa. Gera þarf ráð fyrir auknu fjármagni í viðhald á garðinum þegar framkvæmdum lýkur eða um 1,5 m.kr.

1152-2922 Plöntur og fræ: Lögð verður áhersla á uppgræðslu og ásynnd í bænum næstu ár.

1152-2923 Grasþökur: Lögð verður áhersla á uppgræðslu og ásynnd í bænum næstu ár.

1152-2924 Áburður: Lögð verður áhersla á uppgræðslu og ásynnd í bænum næstu ár.

1152-4960 Fegrun bæjarins, viðhald: Vegna 65 ára afmælis þéttbýlisins er gert ráð fyrir auknu fjármagni í viðhaldi á umhverfi þess eða um 2 m.kr. Eftir það verði það á svipuðum nótum og verið hefur síðustu ár.

1152-4981 Fegrun bæjarins, vinna verkamanna: Síðast liðin sumur hefur ungt fólk fengið vinnu hjá sveitarfélaginu við umhverfisfegrun. Stefnan hefur verið sú að öll ungmenni fái vinnu og að þau hafi næg verkefni. Þetta hefur gengið mjög vel en kostnaði við þetta hefur verið dreift á umhverfisverkefni sveitarfélagsins. Miðað er við að þessi stefna verði áfram út árið 2016. Vegna 65 ára afmælis þéttbýlisins má gera ráð fyrir hærri upphæð eða um 6 m.kr.

13 - Atvinnumál

1322-4960 Fjárréttir: Gert er ráð fyrir lágmarks viðhaldi nýju fjárréttarinnar í Ölfusdal á næstu árum. Gera þarf ráð fyrir einhverju viðhaldi í Selvogsrétt.

31 - Eignasjóður

31101-4965

Grunnskólinn í Þorlákshöfn, viðhald húsa: Ýmis málningar- og viðhaldsvinna, s.s. rafvirkjar, pípulagnir og smíðavinna er áætluð 1,5 m.kr. árið 2016 og að jafnaði hvert ár með einhverri aukningu. Auk tilfallandi viðhalds höfum við verið að glíma við nokkur vandamál sem ekki er búið að leysa:

1. Gluggi sem er á suðurenda gangsins framan við kennarastofuna hefur lekið og tilraunir til að þetta hann hafa ekki borið árangur, að sögn Trésmíða Sæmundar sem hafa verið að vinna í þessu, þá er glugginn orðinn svo fúinn að þeir telja ekki hægt að komast fyrir þennan leka nema skipta um gluggann. Kostnaður um 400 þkr.

2. Leki frá þakinu á gamla turninum hefur verið að aukast og er staðan sú núna að það dropar úr ljósi í sérkennslustofunni þegar mest rignir, auk þess sem pollar eru víða ofan á einangruninni í þakrýminu. Á þessu þaki er trapissu-stál en það er nánast ómögulegt að þetta þak með trapissu-stáli nema að það sé á listagrind sem lyft er upp frá þakpappanum og járníð skrúfað í lágbáru. Best er að rífa þetta þakefni af og setja í staðinn Alu-zink bårustál eins og búið er að setja á önnur þök skólans, þar sem nægur þakhalli er. Um leið yrði skipt um þakrennur, niðurfallsrör og þakkantur yfirfarinn og málaður. Kostnaður miðað við verðlag í dag við að rífa þakefnið af og setja alusink er um 7 mkr. Þessi tala mun hækka ef meiri þensla er komin á verktakamarkaði.

3. Umræða hefur verið um að klæða „Gamla turninn“ að utan og skipta þá um glugga í leiðinni. Síðasta sumar var hann háþrýstipveginn og gert við tvær litlar múrskemmdir en ekki náðist að mála neitt. Fjárhagsáætlun segir að eftir 5-6 ár verði skoðað með að klæða turninn að utan. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að mála turninn að utan. Gert var ráð fyrir að á árinu 2015 væri turninn undirbúinn fyrir málningu. Á árinu 2016 verði málning á steinveggjum og gluggum unnin af málurum. Um leið væri rétt að mála allt tréverk utanhúss en það er víða farið að láta á sjá. Áætlað að kostnaður við að mála eina umferð á veggfleti, ekki viðgerðir á steypu, væri um 1 mkr. Timburverk sem eru gluggar í Gamla turni og matsal og þakkantur á salnum og tónlistar- og handmenntaálmu. Hver gluggi í endurmálun kostar um 28 þkr. auk vinnupalla til verksins. Alls er um að ræða um 40 glugga í heildina. Heildarkostnaður gæti verið um 1,35 m.kr.

-
4. Samhliða vinnu við að mála turninn og gluggana verða opnanleg fög á 2. hæð yfirfarin í Gamla turninum. A.m.k. tveimur fögum þarf að skipta út og í nýja turninum er a.m.k. 1 hliðarhengt stórt álfag sem er farið að síga undan þunga rúðunnar (orðið hornskakkt).
5. Loftræstisamstæðu í gamla turni þarf að lagfæra og þetta þak. Samstæðan var sett upp árið 1995 og niðurstaða þessarar lagfæringar og skoðunar gæti orðið sú að þörf sé á að endurnýja hana algerlega. Þegar þakið verður tekið er nauðsynlegt að endurnýja loftræstisamstæðuna eða lagfæra hana. Kostnaðaráætlun frá ÞH blikk vegna endurnýjunar loftræstisamstæðu í turni grunnskólans er kr. 3.850.000 m/vsk. Upphitun á Gamla turninum: Vandamál hefur verið með hita í húsinu og yfirfara þarf lagnir í lagnakjallara undir gamla turni og í tæknirými við húsvardarherbergi. Þessi liður verður unninn, úttekt á hvað gera skal, á árinu 2016. Kostnaður við úttektina um 500 þkr fyrir vinnu sérfræðings og síðan vinna pípulagningarmanns þjónustumiðstöðvarinnar.
6. Gólfdukurinn í matsal skólans er allur að losna upp, komnar loftbólur hér og þar. Það sem er að gerast er að þegar gólfið var flotað á sínum tíma hefur gólfið ekki verið grunnað nægilega vel og því er flotið að losna frá gólfinu og við það myndast loftbólur (holrúm). Í sumar reyndum við að gera lítil göt á dúkinn og renna grunni niður um götin til að freista þess að lím flotið aftur niður. Þessar tilraunir báru ekki tilætlaðan árangur. Til að laga þetta þarf að rífa gamla dúkinn af, öllu gólfinu eða hluta þess, brjót flotið upp (sem mest) og grunna vel, flota, og leggja á nýjan dúk. Óska þarf eftir tilboði í að fjarlægja dúkinn, undirvinna og leggja nýjan. Í fjárhagsáætlun fyrir 2016 og næstu ár, þarf að setja inn fjármagn fyrir þessa framkvæmd. Verkið verður undirbúið og kostnaðarmetið á árinu 2016 og framkvæmt árið 2017/2018.
7. Skipta þarf út gluggatjöldum í salnum. Á fimm ára plani þarf að skoða laga sviðið í salnum. Þetta er liður sem kom inn frá fyrrverandi skólastjóra. Leggja þarf þennan lið fyrir nýjan skólastjóra.
8. Skólabjöllunni, klukkum og tengingum sem henni fylgja þarf að skipta út eða henda. Athuga með að vera ekki með klukku í skólanum en dæmi eru til um það. Þessi liður verður skoðaður með skólastjóra.
9. Ljós í þakkanta. Þegar aðstöðu Tónlistarskólans var breytt var ekki gengið frá tengingu á útiljósum. Útilýsing við skólann almennt þarfnast skoðunar, m.a. þarf að bæta útilýsingu á göngustíg meðfram Hafnarbergi.
-

31151-4965

Leikskólinn Bergheimar: hér þarf aðallega að gera ráð fyrir tilfallandi viðhaldi því ráð er fyrir því gert að stærri viðhaldaverkefni sem liggja fyrir ss. endurnýjun á þaki „98“ byggingarinnar og leki frá hurðum í elsta hlutanum verði sett inn í þær „nýframkvæmdir“ sem fyrirhugaðar eru. Fyrir liggur listi frá forstöðumanni um verkefni sem æskilegt er að vinna árið 2016:1. Málningarvinna. Gifsveggir í nýbyggingunni og eins í byggingunni frá 1998, þurfa að fá málningu árlega þar sem fljótt er að sjást á þeim. Þetta þarf að skoða. Erum með svona veggir í grunnskólanum og á bæjarskrifstofunni. Þar er ekki málað árlega. Eignaumsjón metur ástand og tekur ákvörðun um málningarframkvæmdir í öllum fasteignum.a. Eldhús og búr. Þetta er í nýbyggingunni. Byggingin frá 1998, Álfaheimar og Dvergaheimar, heimastofa og hvíld.c. Nýbyggingin, Hulduheimar og Trölllaheimar, heimastofa/hvíld og wc.Framkvæmdatími er frá 6. júlí til 10. ágúst.2. Loftstokkaeftirlit. Hér er verið að ræða um hreinsun stokka. ÞH Blikk hefur séð um þetta í öðrum stofnunum og ákvarðar eignaumsjón framkvæmd loftstokkahreinsunar í fasteignum sveitarfélagsins.3. Anddyri frá Hulduheimum og Trölllaheimum út á leiksvæðið. Þar er þungt loft og raki. ÞH Blikk er með það að setja loftræstingu inn á svæðin til að blása inn fersku lofti. Skoða þarf beiðni skólans um að sé hægt að opna glugga sem ekki eru til staðar í hurðareiningunni.4. Þrif á húsi að utan og innan. a. Bón á gólfefnum.b. Gluggaþvottur.Alþrif á húsinu hefur farið fram í október. Bónvinna á sumarleyfistímanum. Gluggaþvottur getur farið fram hvenær sem er. Eignaumsjón hefur umsjón með viðhaldi gólfefna og gluggaþvotti. Alþrif á húsi falla undir rekstur leikskólans.5. Lóð og umhverfi.a. Klára að skipta út girðingarefni í þeirri hlið sem snýr í vestur.b. Sláttur, áburður og klipping, viðhald leiktækja og eftirlit með þeim samkvæmt reglugerð þar um, málningarvinna á lóð, leiktæki og timburverk, gróður, hér er rætt um furu og berjarunna.f. Bálhús var í hönnun lóðarinnar gæti fremur risið í skrudgarðinum og nýst leikskólanum.

31201-4965

Íþróttahús Þorlákshafnar: Ytra byrði íþróttahússins er komið í mikla viðhaldsþörf. Áætlaður kostnaður við klæðningu og lagfæringu á göflum er allt að 11 m.kr. á hvorn gafl. Þakklæðningin er komin til ára sinna í heild og hugsanlegur endingartími hennar er 4-6 ár. Þegar farið verður í stækkun hússins er eðlilegt að þessi framkvæmd verði tekin þar með í reikninginn. Nauðsynlegt er að slípa parkettið í íþróttasalnum, mála nýjar línur og lakka. Gólfíð er orðið 25 ára gamallt og hefur aldrei verið slípað og það er orðið mjög brýnt að ráðast í þessa framkvæmd. Kostnaður áætlaður 6 m.kr. Ófyrirséður viðhaldskostnaður hvert ár er áætlaður 2 m.kr. og hækkar í framtíðinni. Áætlun 2016 gerir ráð fyrir því að gólf verði slípað, merkt og lakkað fyrir 6 m.kr. og 2 m.kr. fari í ófyrirséð viðhald eða eitthvað af því sem að ofan er nefnt ef hægt er innan þess ramma.

31251-4960

Þrekstöð/líkamsrækt Þorlákshafnar: Smátæki og áhöld kr. 250 þús. og viðhald líkamsræktartækja 250 þús. pr. ár til að halda aðstöðunni í horfinu.

31251-4960	<p>Sundlaug Þorlákshafnar: Sundlaugin og íþróttamiðstöðvarbyggingin eru tæknilega séð mjög flóknar og viðhaldsfrekar. Lagnakerfi sundlaugarinnar og tæknibúnaður eru sérstaklega viðkvæmir þættir sem stöðugt þarf að viðhalda. Líftími plastpotta er ekki langur og búnaður sundlaugarinnar almennt viðhaldsfrekur. Gera verður ráð fyrir verulegu fjármagni ár hvert til viðhalds en reynslan sýnir 6 m.kr. að jafnaði á ári til ýmissa viðhaldsverkefna.</p> <p>Viðhald tækjabúnaðar sundlaugar:</p> <p>Fyrir utan venjubundið viðhald og ófyrirséð, þarf að skipta um sand í síum. 2016 verður skipt um sand í þremur síum (heitum potti og innilaug), 2017 skipt um sand í þremur síum (útilaug,vaðlaug og rennibrautarlaug). Það þarf að skipta um plötur og pakkningar í a.m.k. tveimur forhiturum, fyrir neysluvatn og útisundlaug, þar sem borið hefur á leka og tæringu.</p> <p>Endurnýjun á tækjabúnaði:</p> <p>Huga þarf að kaupum á nýrri sundlaugarryksugu og nauðsynlegt er að vera með sundfataþurrktromlu í búningsherbergjum.</p> <p>Viðhald lóðar:</p> <p>Helluleggja 50 m2 svæði sunnan við sundlaugarhús, frá bílplani að búningsklefum.</p>
31254-4960	<p>Þorláksvöllur: Þetta er aðalvöllurinn við íþróttamiðstöðina og öll aðstaða þar í kring. Við völlinn stendur hús og eins er viðhald á svæðinu, s.s. áhorfendaaðstöðu, hlaupabrautum og manir í kring. Helsta viðhald er völtun, áburðargjöf, sláttur og götun. Þjónustusamningur er við Golfklúbbinn um slátt á vellinum. Verið er að forma mön á æfingavöllum og ef hún verður þökulögð er einhver kostnaður sem til fellur, ódýrar væri að sá í hana. Kostnaður við þetta fellur að mestu á umhverfismál, þ.e. fegrun umhverfis bæjarins. Nauðsynlegt að leggja í að deiliskipuleggja svæði U-3. Þarna er um að ræða knattspyrnuvöllina og svæðið þar í kring. Huga þarf að að nýrri aðkeyrslu, bílastæðum, snyrtingum og annarri aðstöðu við vellina. Síðan má tengja þetta allt við garðlöndin fyrir bæjarbúa og einnig koma þarna fyrir skólagörðum og jafnvel annarri afþreyingu. Þetta verður tekið fyrir samhliða endurskoðun aðalskipulags en mikilvægt að framkvæma fyrir unglíngalandsmótið sem haldið verður í Þorlákshöfn árið 2018. Æskilegt er að stækka grassvæðið á æfingavöllum með því að þökuleggja eða sá í svæðið milli vallanna. Vegna unglíngalandsmóts 2018 þarf stærra svæði fyrir knattspyrnu. Stærð ca 2000 m2 Koma þarf upp skýli við endamarkið á hlaupabrautinni en þar er tímatökubúnaður staðsettur ásamt starfsmönnum. Nú eru menn undir beru lofti eða menn koma sér fyrir í bíl. Ræða við heimamenn um að koma upp slíkri aðstöðu fyrir unglíngalandsmót. Malbika eða helluleggja þarf 50 m2 svæði sem liggur meðfram göngustíg og hlaupabrautar að vallarhúsi.</p>
31272-4960	<p>Háaleitisvöllur: Þetta er gervigrasvöllurinn við grunnskólann. Skv. þeim sem til þekkja verður að bæta gúmmí í völlinn á hverju ári. Völlurinn var tekinn í notkun 2004 en árið 2015 var bætt í hann 5 tonnum af gúmmí og 5 tonnum verður bætt í hann á árinu 2016. Mikilvægt er að bæta í hann gúmmí ár hvert, ca. 1 tonn en það er ódýrara þegar upp verður staðið. Árlegt viðhald um 600 þús. kr. Nokkur umræða hefur verið um gúmmí sem notað er á sparkvelli vegna heilsufarsmála. Á næstu árum verður nýtt yfirborð skoðað þegar líftími þessa er á enda.</p>
31274-4965	<p>Tjaldstæði: Öll mannvirki á tjaldstæðinu kalla á viðhald og með aukinni uppbyggingu eykst viðhald til framtíðar.</p>

31301-4965

Hafnarberg 1, ráðhús: Ráðhúsið var tekið í notkun árið 2000 og hefur ekki fengið nauðsynlegt reglubundið viðhald frá þeim tíma. Fyrir liggur að fara þarf í viðhald á múrklæðningu utanhúss. Um er að ræða slétta múrinn á Suðurgafli og eins á Austurhlið við bílastæði, en víða eru komnar í hann skemmdir mest vegna skemmdarverka. Vegna veðrunar sér almennt á steiningu/hvössun á steinuðum hluta klæðningarinnar. Steining er að glerhúsi og á SV-hlið hússins. Viðhalda verður gluggum, s.s. að skipta út lömum. Gera má ráð fyrir því að kostnaður við þetta sé allt að 500 þús. kr. Það er nokkuð brýnt orðið að lagfæra rifur innanhúss og á næstu tveimur árum verður að mála húsið innan. Almennt viðhald á húsinu ár hvert verður aldrei undir 1 m.kr. á ári. Nauðsynlegt er að leggja í kostnað á næstu árum umfram almennt viðhald til framkvæmda innan- og utanhúss skv. ofantölu. Á næstu árum þarf að endurnýja klæðningu í samráði við hönnuð hússins. Árið 2016 verður gert mat endurklæðningu og kostnaði.

3138-4965

Slökkvistöð Þorlákshafnar: Endurnýja þarf neysluvatnslagnir og leggja af brunakefli, eins og í öðrum hlutum hússins þarf að yfirfara glerlista og opnanleg fög og klára að mála tréverkið úti, huga þarf að því að endurnýja aksturshurðir, hurðin fyrir tækjabílinn fór út af sporinu og skemmdist við það en við gátum lagað hana til bráðabirgða, kominn er tæring í búnað tengdan brautunum og þar sem mjög mikilvægt er að þessar hurðir sé í góðu lagi þarf að endurnýja þær innan skamms.

1. Hluti af kostnaði við uppsetningu á viðvörunarkerfinu fyrir húsið í heild, kemur á slökkvistöðina (sjá aðrar fasteignir).
2. Hluti af viðhaldi glugga, nýir glerlistar, gler og málning og neysluvatnslagnir, kemur á slökkvistöðina. 500 þús. kr.
3. Endurnýja þarf aksturshurðir sem eru 3 stk. Byrja þarf á hurðinni þar sem tækjabílinn er geymdur. Ný hurð með uppsetningu er um 1 mkr. Skoða þarf þennan lið með tilliti til samnings við Brunavarnir Árnessýslu um viðhald á húsnæðinu, 1 m.kr.

3161-4965

Eyjahraun 8: Eyjahraun 8: Á árinu 2015 var ráðist í töluverðar viðhaldsframkvæmdir á eigninni, þakvirki styrkt og þakjárn endurnýjað, þakkantur og þakrennur endurnýjaðar, húsið málaða að utan (er ekki alveg lokið þegar þetta er skrifað). Þó að þetta séu töluverðar framkvæmdir þá þarf að klára viðhald á bílskýlinu, klæða þarf upp undir sperrurnar með panil, eins og búið er að gera í húsi nr. 10, en bílskýlin eru samtengd, skipta þarf um þakjárn á bílskýlinu (sennilega væri best að sjóða þakpappa á þetta þak því þakhallinn er svo lítill) á bílskýli húss nr. 10 þarf líka að endurnýja þakefnið og best er að taka bæði skýlin í einu.1. Eftir er að endurnýja þakefni á bílskýlinu. Þakefni 480 þkr.2. Klæða undir þakið inni í bílskýlinu er um 250 þkr.3. Vegna niðurfallsröra þarf að gera þakk/drensvæði fyrir vatnið. Ekki er drenlög um húsið. Kostnaður 150 þkr.

3164-4965

Aðrar fasteignir: Til hagræðingar er gott að hafa sjóð fyrir viðhaldsverkefni þannig að hægt sé að bregðast við tilfallandi viðhaldsverkefnum og ófyrirséðum stærri viðgerðum hjá stofnunum sveitarfélagsins. Hugsanlega mætti á móti þessu lækka almennar fjárhæðir viðhalds á einstökum eignum. Ef þörfin almennt fyrir viðhaldi fasteigna er umfram áætlun skal beiðni send bæjarráði um aukið fjármagn til tiltekins verkefnis. Tilboð frá Árvirkjanum liggur fyrir í endurbætur öryggiskerfa fasteigna Eignasjóðs og er sá kostn. settur hér. Grunnskólinn 1.010 þús. kr., Hafnarberg 1 1.215 þús. kr., Íþr. miðstöð 500 þús. kr.

33 - Þjónustumiðstöð

- 3321-2811 Áhöld og tæki: Til að verkefni leysist fljótt og vel þá þurfa starfsmenn að hafa góð verkfæri og þó að töluvert sé til af verkfærum hjá Þjónustumiðstöðinni þá þarf að endurnýja sumt og af öðru þarf að vera til meira en eitt stykki. Mikilvægt að halda áfram að endurnýja og kaup ný smáverkfæri sem tengjast þeirri viðhaldvinnu og nýframkvæmdum sem við erum að vinna fyrir stofnanir sveitarfélagsins, td. hef ég áhuga á að kaupa lítill snigil til stíflulosunar, öflugra háþrýstidælu með bensínmotor, myndavél til að skoða inn á vegg, rakamæli, ofl.
- 3321-4965 Viðhald fasteigna: Í haust var unnið við að mála húsið að utan en vegna óhagstæðs veðurfars náðist ekki að klára verkið en þó náðist að klára að mála steypta fleti að mestu en töluvert af tréverkinu er ennþá eftir, en áður en hægt er að mála glugga þarf að skipta út glerlistum, hluta opnanlegra faga og þeim rúðum sem komnar eru með móðu á milli glerja. Einnig voru fyrirhugaðar framkvæmdir innandyra td. að útbúa aðstöðu til að geyma efni og varahluti fyrir Vatnsveituna, en það er hluti af hreinlætiskröfum sem gerðar eru, þessar framkvæmdir eru aðeins komnar af stað, byrjað er að breyta og endurnýja neysluvatnslagnir og lagnir að brunaslöngum, en eftir eru mörg verkefni sem við höfum ekki komist í, (of mörg verkefni fyrir þann mannskap sem við höfum og áætlunin leyfir ekki að ráðnir séu verktakar í verkið), en ef hægt er þá förum við að stað með hluta af þessu í vetur. Í haust var farið í framkvæmdir í því rými sem Orkuveita Reykjavíkur leigir í Þjónustumiðstöðinni, sett var upp millihurð til að starfsmaðurinn sem vinnur þar geti lokað að sér þegar hún er að sinna símsvörun og eins til að hún geti læst inn pappír og búnað OR. Því stundum erum við að skreppa frá og þá er húsið opið og mannlaust. Þessar framkvæmdir voru ekki á fjárhagsáætluninni en komu til vegna endurnýjunar á leigusamningnum við OR.
-

41 - Hafnarsjóður/Þorlákshöfn

- 4111-4960 Hafnarmannvirki: Á næstu árum er áætlað að endurnýja dekk á Skarfaskersbryggju. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir verulegri lækkun á þessum kostnaðarlið frá fyrri árum og er skýringin fjárfesting í húsnæði og aðstöðu sem dregur verulega úr þörf fyrir aðkeypta þjónustu. Á næstu árum verður litið á viðhaldsframkvæmdir á bryggjunni sjálfri sem nýfjárfestingu vegna stækkunarinnar. Ýmsir viðhaldsliðir koma þó inn eins og t.d. rafmagnstöflur á bryggjunni og vinna við rafmagn almennt.
- 4151-4960 Hafnsögubáturinn Ölver: Gert er ráð fyrir venjubundnu viðhaldi hafnsögubátsins næstu ár. Áhugavert er að skoða samstarf við nágrannahafnir um samnýtingu hafnsögubáta, sem þýtt getur verulegt rekstrarhagræði fyrir hafnirnar.
- 4161-4965 Hafnarbakki 8: Ekki er fyrirséð annað en venjubundið viðhald á fasteigninni á næstu árum.
- 4175-4990 Sjóvarnir: Fylgst verður með sjóvörnum í og við Þorlákshöfn en ekki er gert ráð fyrir fjármagni í þennan lið í áætluninni. Funda verður með þeim aðilum sem sjá um uppgræðslu og landvarnir, s.s. Landgræðslu og siglingasviði Vegagerðarinnar.
-

43 - Vatnsveita

4311-4960

Viðhald vatnsveitu í þéttbýli: Helsta vandamálið sem glímt hefur verið við er bilun í rafstöðinni sem á að sjá dælunum á Hafnarsandi fyrir varaafli í straumleysi, laga þarf húsnæðið sem rafstöðin er í og setja fleiri og stærri ristar á skúrinn til að loftræsta þegar vélin er í gangi.

Vinnu við frágang á nýja vöktunarkerfinu er nánast lokið, vantar bara herslumuninn td. að klára handbókina og fínstillta nokkur atriði.

Töluverður leki er í kerfinu, sem áætlað er að sé á hafnarsvæðinu en það kom í ljós þegar framkvæmd var lekaleit á iðnaðarsvæðinu, og er hann áætlaður 10 – 20 l/sek. Unnið er að uppfærslu teikninga af lagnakerfinu, en í gegn um tíðina hefur verið farið í ýmsar framkvæmdir og breytingar og margar af þeim hafa ekki skilað sér inn í teikningargrunnin sem haldið er utan um í Granna, en þessi vana er tímafrek og kostnaðarsöm.

Afkastageta veitunnar er um 80 l/sek. með fullum afköstum á núverandi dælum miðað við að við dælurnar sé 4,0 bara þrýstingur þar af frá Unubakka 40 l/sek.

Svigrúm til að afhenda meira magn er ekkert hjá veitunni, því er nauðsynlegt að taka þá umræðu hvernig uppbyggingu veitunar á að vera. Verður farið í að færa vatnsbólið á Hafnarsandi, eins og Aðalskiplagið gerir ráð fyrir og þá hvenær? Setja þarf þá fjármuni í undirbúning að vali á nýju vatnsbóli og að meta þörf á afkastagetu vatnsbólsins. Eins þarf að ræða hvenær hætt verður vatnstöku í Unubakkanum, því að vendarsvæðið í kringum borholuna er lítið og að alveg við hliðina sé verið að geyma fullt af bílhræjum sem olíur og geymasýra getur lekið úr og þá mengað jarðveginn stutt frá vatnstökunni. Eins og staðan er í dag getum við alls ekki misst dæluna í Unubakka út því dælurnar á Hafnarsandi ganga alltaf á nánast fullum afköstum og hafa rétt svo við á nóttunni og alls ekki á daginn.

Miðað við núverandi ástand getum við ekki bætt við nýjum fyrirtækum sem þurfa að nota mikið magn af köldu vatni hér í Þorlákshöfn nema að ráðist verði í stórar og kostnaðarsamar framkvæmdir, eins og að bora nýjar vatnstökuholur og fjölgja dælum.

4311-4960

Viðhald, Berglind: Rekstur Berglindar hefur verið færður undir sömu deild og Vatnsveita Þorlákshafnar. Það er ákaflega brýnt að stofna nýja deild í bókhaldi fyrir Berglindi svo reksturinn sé aðgreindur og sýnilegur.

Langt er síðan dæla hefur verið tekin upp og yfirfarin, því þyrfti að skipuleggja þá vinnu til þess að það verði hluti af innra eftirliti veitunar, klára þarf að vinna Handbók um innra eftirlitið og gefa hana út. Gert er ráð fyrir að vinna fyrir 2 m.kr. árið 2016 en halda áfram með þetta verkefni á næstu árum. Hér er um að ræða gamlar lagnir sem bilanir koma upp í á hverju ári auk þess á þetta við um yfirferð um safnbrunna á brunnsvæðinu. Með því sem tiltekið er í fjárfestingarliðum gæti þurft að setja upp safntank til að bregðast við aukningu byggðar, sem þegar hefur verið samþykkt skv. skipulagi, sem kallar á auknið vatnsmagn og aukinn þrýsting.

Fara verður í þá vinnu að finna alla tengistaði og endurnýja loka og tengingar. Þetta yrði unnið samhliða kortlagningu á veitunni, sjá í texta hér að neðan. Gera má ráð fyrir efniskostnaði vegna nýrra loka og tengistykkja. Eins og kortlagningin verður þetta unnið á næstu árum, ca. 200 þús. kr. á ári.

Það er auðvelt og ánægjulegt að gefa leyfi fyrir byggingum en hins vegar verður að kortleggja veitusvæðið og gera áætlun um uppbyggingu til framtíðar svo hægt sé að veita þjónustu við þessar byggingar. Eins og undanfarin ár hefur rekstur á Berglindi gengið ágætlega. Kaupa þarf varadælu, mála og laga dæluhúsið að innan til að hægt sé að uppfylla hreinlætiskröfur. Fara þarf í breytingar er varða afhendingaröryggi á vatni. Ekki er hægt að fara í viðhald á dælum nema taka vatnið alveg af kerfinu. Gera þarf breytingar svo hægt sé að afhenda vatn á meðan unnið er að viðhaldi í dæluhúsinu. Þær hugmyndir sem núna eru í skoðun, til að tryggja nægt vatn og auka öryggi, eru að virkja nýtt vatnsból td. við Ölfusborgir eða í Sognslandi og koma með rennsli inn á kerfið þeim megin frá. Nauðsynlegt er að svera lagnir frá Berglindi að Gljúfárholtshverfinu til að mæta auknum þörfum á neysluvatni og uppfylla skyldur um að skaffa slökkvivatn.

4311-4965	Viðhald húsnæðis, Selvogsbraut: Árlegt viðhald um 400 þús. kr.
4311-4965	Viðhald húsnæðis, Berglind: Stefnt er að því að gera skúrinn þannig að hann haldi vatni og vindum svo hægt sé að halda honum hreinum og snyrtilegum eins og kröfur eru um í rekstri vatnsveitna. Núverandi hurð opnast inn og það lekur með henni, gólf er óslétt og hallar frá niðurfalli, dælan og lagnirnar eru svo nálægt gólfinu að ekki er hægt að sópa undir þeim, húsið er óeinangrað og slagar því á veturnar, veggir, gólf og loft eru ómáluð og því mikið ryk á ferðinni. Jarðveg við húsið þarf að laga og gera umhverfið snyrtilegt. Húsið þarf að mála bæði að utan og innan, laga gólf og einanga þak og klæða. Árið 2015 verði unnið fyrir 1,5 m.kr. en búast má við því að þetta kosti meira og áfangaskipta verði framkvæmdinni.
4311-4321	Kortlagning á lagnakerfi, sérfræðipjónusta: Kort af veitukerfinu í þéttbýlinu er til í Landupplýsingakerfinu "Granna" en þar inn vantar svolítið af upplýsingum td. um staðsetningu loka ofl. Það er mikilvægt að þetta kort verði yfirfarið og uppfært til að upplýsingar um stærð, legu og ástand lagna sé til á einum stað og allir sem á þurfa að halda geti nálgast þær upplýsingar. Inn í þetta kerfi verði færð viðhaldssaga veitukerfisins. Áætlaður kostnaður vegna þéttbýlisins er 700 þús. kr. Kort af veitukerfi Berglindar er til í Landupplýsingakerfinu "Granna", eins og menn halda að það sé, en víða er lega lagna ekki vel þekkt og þar inn vantar upplýsingar td. um staðsetningu loka, sverleika lagna ofl. Mikilvægt er að þetta kort verði yfirfarið á sama hátt og fyrir þéttbýlisveituna. Gera má ráð fyrir því að þetta verði dýrara en fyrir þéttbýlisveituna þar sem grafa þarf niður á lagnir til að staðfesta legu þeirra. Þetta þarf að vinnast í áföngum á næstu árum. Erfitt er að áætla kostnað við þetta en gera má ráð fyrir 1,5 m.kr. á næstu þremur árum eða um 500 þús. kr. pr. ár.

53 - Íbúðir eldri borgara

5311-4965	<p>Viðhald húsnæðis Egilsbraut 9:</p> <ol style="list-style-type: none"> Viðhald húsnæðis að Egilsbraut 9. Breyta þarf loftræstikerfi þá fyrir inniloft fyrir loftræstisamstæðu. Núna er lögnin undir stiganum þar sem brennsluofninn er staðsettur. Vandræði hafa verið þar sem ekki má loka hurðinni að brennsluofninum því þá slær loftræstisamstæðan út. Setja þarf upp magnstýrða loka á inntak úti- og innilofts til að hitastig falli ekki á veturna vegna of mikils útilofts í kerfinu. Áætlaður kostnaður (var um 400 þúsund 2014) sé um 500 þúsund 2016. Á áætlun hefur verið að laga glugga sem tengir saman eldri og yngri álmu þar sem íbúðirnar eru. Leki er með glugganum. Þetta er heill gluggaveggur sem þarf að yfirfara og laga. Áætlað var í verkið 2015, 500 þúsund kr. Eignin er um 25 ára gömul og þarf árlegt viðhald. Yfirfara þarf alla glugga hússins. Fúi er kominn í suma þeirra. Einnig þarf að mála húsið að utanverðu. Gerð verður úttekt á húsinu að utan og framkvæmt 2017 við glugga og vegg. Tilfallandi viðhald ekki undir 1,5 m.kr. pr. ár. Gólfefni. Parket á matsalnum er orðið óþrifalegt. Slípa þarf það upp og lakka. Parket á gangi framan við matsal er slitið og farið að bóligna upp. Tillaga er að það verði tekið af, gólfið flotað upp og settur dúkur, sami og er á ganginum sem liggur að þessu svæði sem er um 20 m². Þetta þarf að gerast strax árið 2016 og má áætla að heildarkostnaður sé um 1 m.kr., þ.a. rúmur helmingur í flotun og dúk á gangi og tæpur helmingur í slípun og lökkun á sal. Kjallari þar sem fót snyrting er núna. Gólfið er steypa sem hefur verið málað. Yfirborð steypunnar losnar upp og flagnar málningin af. Athugasemd er frá HES á þennan lið. Þrifa þarf upp gólfið, laga flot og setja nýtt gólfefni sem þolir álagið frá þungum stól. Í þessu rými er handlaug sem afrennsli fer í grjótsvelg í gólfi en koma þarf fyrir dælingu frá honum í fráveitu. Kostnaður á árinu 2016 áætlaður um 400 þús. kr. Eldhúsið. Á gólfinu er epoxýefni. Þrýstisprungur eru í steypunni og safnast óhreinindi í þær. Laga þarf gólfið vegna athugasemda HES. Áætlaður kostn. 2016 er 300 þús. kr. Við hliðina á eldhúsinu er búr, vinnurými. Þar innaf er snyrting. HES hefur gert
-----------	---

athugasemd vegna þess að það opnast beint inn í þetta rými. Þarna er ræstivaskur. Ekki er lokaður skápur fyrir þvottaefni.

7. Það vantar ræstiherbergi fyrir allt húsið og einnig rými fyrir þvottavélar. Tillaga er að vera með þetta rými í kjallaranum. Þegar komið er niður stigann í kjallarann er rými til hægri sem liggur undir steypa stigann sem var niður í kjallarann. Þar væri komið fyrir plássi fyrir ræstivagn og einnig þvottavél og þurrkara. Til að svo sé hægt þá verði hugsað fyrir dælingu á frárennsli upp í fráveitulagnirnar. Hugað yrði einnig að loftræstingu fyrir þetta rými. Áætlaður kostnaður liðir 6 og 7 árið 2016 er 800 þús. kr.

8. Umhirða lóðar og að bæta við skjólvegginn sem settur var upp við dagvistina. Bæta þarf við vegginn til að ná skjóli inn á pallinn. Áætlað 200 þús. kr.

9. Endurbætur öryggiskerfis, tilboð frá Árvirkjanum 912 þús. kr.

57 - Félagslegar íbúðir

5716-4965

Selvogsbraut 1, viðhald: Gera þarf ráð fyrir amk. 100.000. kr. pr. íbúð í tilfallandi viðhald auk 200.000 kr. fyrir sameignina og starfsmannaaðstöðuna, samtals 800.000 í tilfallandi viðhald, á þessu ári var unnið við að mála tréverk utanhús en því verki er ekki lokið, en eftir er að mála skjólveggi ofl. Auk tilfallandi viðhalds eru nokkur atriði sem þarf að gera ráð fyrir:

1. Undanfarin tvö ár höfum við verið að taka eitt baðherbergi í gegn á ári.

Vandamál hefur verið með það að raki frá sturtunum hefur verið að koma fram í ganginum. Kostnaður pr. baðherbergi er ca. 1.000.000 kr.

2. Setja þarf upp sjálfvirka loftskilju á hitakerfi í starfsmannarými og endurnýja frárennislögn frá vaski í starfsmannaeldhúsi og ræstivaski. Kostnaður af þessum verkefnum er áætlaður ca. 300.000 kr.

3. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir því að mála og viðhalda einni íbúð á ári að jafnaði og hluta sameignar. Kostnaður er áætlaður ca. 500.000 kr. En verður þó hærrí ef skipta þarf um gólfefni á þeirri íbúð sem verður fyrir valinu. Eins eru sumar innréttingarnar orðnar lélegar.

4. Utan á húsinu er lituð múrklæðning og hún er víða orðin skítug og mislit. 2016 er ætlunin að skoða með fagmönnum hvort ekki sé hægt að mála þessa klæðningu og fá þá í framhaldi tilboð í verkið og miða við að þetta verði unnið á árinu 2017.

Hluti af því tilfallandi viðhaldi sem við sjáum núna er meðal annars, skipta þarf um timburklæðningu fyrir neðan glugga í starfsmannaaðstöðu, skipta þarf um amk. eina rúðu sem kominn er móða í.

5. Endurnýja þarf stjórnstöð öryggiskerfis hússins. Áætlaður kostnaður er kr. 250 þús.

Viðhald lóðar: gera þarf átak í því að uppræta mosa sem safnast á milli gangstéttahellnanna, en hann er orðinn það mikill að hann fer að hindra umferð hjólastóla. Eins væri nauðsynlegt að helluleggja upphækkaða gangbraut yfir gömlu heimkeyrsluna að Selvogsbraut 1, til að minnka þann hæðarmun sem er á gangstéttinni við Selvogsbraut og á planinu.

5719-4965

Sambyggð 6: Þessi íbúð hefur verið í umsjá íþróttafélagana (Þórs og Ægis) og hafa þau nýtt hana til að hýsa erlenda leikmenn sína. Við höfum lítill afskipti haft af henni nema að í vor var skipt um 3 rúður sem brotnuðu í vondu veðri í vetur, VÍS sá um það enda um tryggingartjón að ræða.

Ástand eignarinnar er almennt frekar slæmt, allar innréttingar eru mjög gamlar og lélegar bæði innihurðir, fataskápar og eldhúsinnrétting, einnig er komið að viðhaldi í baðherberginu. En aðal vandamálið er ástand á sameign hússins, þak lekur, gluggar og opnanleg fög hafa ekki verið máluð lengi og stór hluti þeirra orðinn ónýtt vegna fúa, annað tréverk líka í slæmu ástandi, lagnir víða ornar lélegar enda lekur víða frá svölum og það veldur raka í útveggjaklæðningunni sem veldur síðan ryðskemmdum á lögnum og hugsanlega myglumyndun þar sem ástandið er verst. Húsfélagið er illa starfshægt og ekki hefur náðst samstaða um að fara í viðgerðir þó að búið sé að vinna úttekt á ástandinu og leita tilboða um viðgerðir samkvæmt henni, lágsta tilboðið sem kom var upp á rúmar 50 milljónir, sem deildist á 16 íbúðir í heildareigninni Sambyggð 6-8.

Til framtíðar er best að sveitarfélagið mundi selja þær eignir sem eru í fjöleignahúsum því mjög erfitt hefur reynst að ná samkomulagi um að fara í viðhald á sameignum, og kaupa, byggja eða leigja þá íbúðir í staðinn eftir þörfum hverju sinni, verði byggt eða keypt þá þarf að tryggja að sveitarfélagið eigi alla hlutana sé um fjöleignahús að ræða.

Gera má ráð fyrir að nauðsynlegur viðhaldskostnaður sé um 6 m.kr.

5722-4965

Sambyggð 8 0103: Í sumar var ráðist í það að taka baðherbergið í þessari íbúð í gegn, en ástand þess var alls ekki boðlegt, lítill sturtuklefi var tekinn út og og útbúið sturtu rými sem er mun rúmbetra, skipt var um klósett, því snúið og sett vegghengt klósett sem gerið baðherbergið rúmbetra og auðveldar þrif.

Ástand eignarinnar er almennt frekar slæmt, allar innréttingar eru mjög gamlar og lélegar bæði innihurðar, fataskápar og eldhúsinnrétting. En aðal vandamálið er ástand á sameign hússins, þak lekur, gluggar og opnanleg fög hafa ekki verið máluð lengi og stór hluti þeirra orðinn ónýtt vegna fúa, annað tréverk líka í slæmu ástandi, lagnir víða ornar lélegar enda lekur víða frá svölum og það veldur raka í útveggjaklæðningunni sem veldur síðan ryðskemmdum á lögnum og hugsanlega myglumyndun þar sem ástandið er verst. Húsfélagið er illa starfshægt og ekki hefur náðst samstaða um að fara í viðgerðir þó að búið sé að vinna úttekt á ástandinu og leita tilboða um viðgerðir samkvæmt henni, lágsta tilboðið sem kom var upp á rúmar 50 milljónir, sem mundi deilast á 16 íbúðir í heildareigninni Sambyggð 6-8.

Gera má ráð fyrir að nauðsynlegur viðhaldskostnaður sé um 6 m.kr.

5725-4965

Sambyggð 8 0202: Þessi íbúð er eins og aðra íbúðir í eigu sveitarfélagsins í þessu húsi í slæmu ástandi, svalahurðin er ónýtt, en verst er þó rakaskemmdir og myglumyndun sem er í svefnherberginu, en þar virðist leka inn frá svölunum á 3. Hæð og eru rakaskemmdir bæði upp við loftið og í gólfdukknum, útveggurinn er klæddur með spónaplötum og svo virðist sem og auk þess að koma far upp við lofti þá virðist vatn leka á bakvið einangrun, plast og veggjaklæðninguna og koma líka fram í gólfdukknum, á bakvið veggjaklæðninguna er örugglega mikil sveppa og myglumyndun. Ástand eignarinnar er almennt frekar slæmt, allar innréttingar eru mjög gamlar og lélegar bæði innihurðar, fataskápar og eldhúsinnrétting, einnig er komið að viðhaldi í baðherberginu. En aðal vandamálið er ástand á sameign hússins, þak lekur, gluggar og opnanleg fög hafa ekki verið máluð lengi og stór hluti þeirra orðinn ónýtt vegna fúa, annað tréverk líka í slæmu ástandi, lagnir víða ornar lélegar enda lekur víða frá svölum og það veldur raka í útveggjaklæðningunni sem veldur síðan ryðskemmdum á lögnum þar sem ástandið er verst. Húsfélagið er illa starfshægt og ekki hefur náðst samstaða um að fara í viðgerðir þó að búið sé að vinna úttekt á ástandinu og leita tilboða um viðgerðir samkvæmt henni, lágsta tilboðið sem kom var upp á rúmar 50 milljónir, sem deildist á 16 íbúðir í heildareigninni Sambyggð 6-8. Gera má ráð fyrir að nauðsynlegur viðhaldskostnaður sé um 6 m.kr.

5731-4965

Norðurbyggð 22 b: Á þessu ári var ráðist í töluverðar viðhaldsframkvæmdir á þessari eign, sem ekki voru í fjárhagsáætlun, en viðvarandi vandamál var búið að vera með neysluvatnið í íbúðinni, vatnið kom mjög ryðlitað og öll sigti stífluðust mjög ört, ákveðið var að endurnýja allar neysluvatnslagnirnar og taka baðherbergið að hluta til í gegn um leið, henda út baðkari, sem vandamál hefur verið með raka frá, og setja upp sturtu. Gólfíð var brotið upp og sett niðurfell í sturtuna, svo ekki þyrfti að vera með sturlubotn, gólfhitalögn sett í ilögnina, nýr gólfdukur settur á og dúkur settur á veggina inn í sturturýminu, glerskilrúm sett upp. Það að ganga svona frá baðaðstöðunni í íbúðum sveitarfélagsins gerir fólki sem glímur við fötlun, er í hjólastól eða þarf aðstöð við að baða sig, kleift að búa í íbúðunum. Vegna þessara framkvæmda var ekki ráðist í að mála húsið að utan eins og fyrirhugað var, nauðsynlegt er að gera það á árinu 2016, en af því að sveitarfélagið á bara aðra íbúðina í þessu parhúsi, þá verður útlitið á húsinu kannski svoldið skrítið því ekki er víst að eigandi hinnar íbúðarinnar hafi ráð á eða vilji mála sinn hluta.

Til framtíðar er best að sveitarfélagið mundi selja þær eignir sem eru í fjöleignahúsum því mjög erfitt hefur reynst að ná samkomulagi um að fara í viðhald á sameignum, og kaupa, byggja eða leigja þá íbúðir í staðinn eftir þörfum hverju sinni, verði byggt eða keypt þá þarf að tryggja að sveitarfélagið eigi alla hlutana sé um fjöleignahús að ræða.

5733-4965

Norðurbyggð 24 b: Árið 2014 var þessi íbúð tekinn vel í gegn en þó var eitt vandamál skilið eftir, en það er að skipta þarf um þakefni, ráð var fyrir því gert að fara í þessa framkvæmd á þessu ári en þegar þetta er skrifað þá er því ekki lokið, náist ekki klára þetta í ár þarf að gera ráð fyrir að fara í þetta á næsta ári, í haust hefur ringt mjög mikið og eins virðist vera orðið erfiðara að fá verktaka í svona viðhaldsverkefni. Kostnaður var áætlaður um 1.500.000 kr. en af því að sveitarfélagið á bara aðra íbúðina í þessu parhúsi, þá verður útlitið á húsinu kannski svoldið skrítið því ekki er víst að eigandi hinnar íbúðarinnar hafi ráð á eða vilji skipta um járn á sínum hluta.

Til framtíðar er best að sveitarfélagið mundi selja þær eignir sem eru í fjöleignahúsum því mjög erfitt hefur reynst að ná samkomulagi um að fara í viðhald á sameignum, og kaupa, byggja eða leigja þá íbúðir í staðinn eftir þörfum hverju sinni, verði byggt eða keypt þá þarf að tryggja að sveitarfélagið eigi alla hlutana sé um fjöleignahús að ræða.

61 - Fráveita

6111-4960


Viðhald fráveitukerfis: Gera þarf ráð fyrir fjármagni til viðhalds og endurnýjunar á dælum. Mikið álag er á dælurnar vegna þess að grófhreinsun er ekki komin. Ger má ráð fyrir allt að 1 m.kr. á ári til slíks viðhalds. Í elsta hluta bæjarins eru lagnir farnar að verða lélegar og stutt í að skipta þarf þeim út en í dag er til tækni til að fóðra svona stofnlagnir og að sögn þeirra sem eru í þessu verða þær þá jafn góðar og nýjar. Ástæða er til þess að fá aðila til að mynda lagnirnar og gefa tilboð í fóðrun þeirra. Ef hagstætt tilboð fæst væri æskilegt að byrja á amk. einni götu. Lagnir í elstu götum bæjarins eru með morknum lögnum. Steypurörin skemmdust þegar hitaveitan kom og bakrennsli hitaveitunnar fór í fráveituna. Til að geta lagt mat á ástand lagna þarf fyrst að mynda lagnirnar. Eftir útkomu á ástandi þeirra verður metið hvort gatna verður grafin upp og þá um leið skiptu út vatnslögnum sem eru að mestu úr járnri yfir í plast, eða farið í að fóðra lagnir með þeirri tækni sem í boði er og áður hefur verið nefnd. Á árinu 2016 verði lagnir myndaðar og lagt mat á hvor leiðin verður farin í endurnýjun/lagfæringu lagna. Myndun lagna 500.000,- og 1.000.000,- að hefja lagfæringu lagna í gamla bænum.

6111-4985


Hreinsun holræsa: Árleg hreinsun holræsa í þéttbýlinu kostar ekki undir 1,5 m.kr.

SKIPURIT SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS


SKIPURIT




STJÓRNSKIPULAG




STJÓRNSÝSLUSVIÐ SKIPURIT




FÉLAGSPJÓNUSTUSVIÐ SKIPURIT




FRÆÐSLUSVIÐ SKIPURIT




ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSVIÐ SKIPURIT



MENNINGAR- OG MARKAÐSSVIÐ SKIPURIT



SKIPULAGS-, BYGGINGAR- OG UMHVERFISSVIÐ SKIPURIT



HAFNARSVIÐ SKIPURIT

